ÞÓRA EINARSDÓTTIR
Kjóllinn nokkurs konar vinnugalli söngkonunnar
tíska
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

HJARTAHEILL
Fræðsla, forvarnir og meðferðarúrræði
Sérblað Hjartaheilla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

JÓHANNA GUÐRÚN
Fær handsaumaðan kjól frá Indlandi
Sérhannaður af Andersen & Lauth
FÓLK 46

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. mars 2009 — 74. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Nýjung á Netinu

Matthías Magnússon setur fyrstu íslensku stafsetningarorðabókina á Netið.

TÍMAMÓT 26

Laminn með belti

Magnús Scheving komst í hann krappann með Jackie Chan.

FÓLK 36

Framar á flestum sviðum?

„Enn sem komið er hefur enginn þeirra, sem bera þyngsta ábyrgð á bankahruninu, beðizt afsökunar," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 22

Lömbin þögnuðu

Grindavík er komið í 2-0 eftir 84-81 sigur á Snæfelli í Hólminum.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



STÍFUR AF NORÐRI Í dag verður víðast stíf norðanátt, 8-13 m/s. Hægari í kvöld. Snjókoma norðaustan og austan til, þurrt og bjart með köflum syðra, annars él. Frostlaust syðst að deginum annars frost.

VEÐUR 4



Stjórnarflokkar með traustan meirihluta

Fylgi Framsóknarflokksins er nú 7,5 prósent og hefur ekki mælst minna á árinu. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn bæta við sig fylgi. Samfylking mælist stærst.

SKOÐANAKÖNNUN Alls segjast 7,5 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn ef kosið væri nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Það er tæpum fimm prósentustigum minna en flokkurinn mældist með fyrir hálfum mánuði. Með þetta fylgi fengi flokkurinn fimm þingmenn.

Samfylkingin er enn stærsti flokkurinn, og segjast 31,7 prósent myndu kjósa flokkinn. Með slíkt fylgi fengi flokkurinn 21 mann kjörinn á þing. Annar stærsti flokkurinn er nú Sjálfstæðisflokkurinn, líkt og fyrir hálfum mánuði, og segjast 29,1 prósent kjósa flokkinn. Það er rúmum tveimur prósentustigum meira en í síðustu könnun. Fengi Sjálfstæðisflokkurinn tuttugu þingmenn kjörna.

Vinstri græn mælast með 25,8 prósent fylgi og fengi flokkurinn því 17 þingmenn kjörna.

Aðrir flokkar ná ekki fimm prósenta markinu til að fá uppbótarþingmann og því fá þeir engan. Borgaraflokkurinn fær mest fylgi af þeim þremur eða 2,7 prósent. 1,8 prósent segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn og 1,2 prósent styðja L-listann. - ss/ sjá síðu 4

Fylgi stjórnmálaflokkanna
Skoðanakönnun Fréttablaðsins 25. mars 2009 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)



KVÖLDGANGA Þótt grásleppuvertíðin sé hafin standa gömlu grásleppuskúrarnir við Ægisíðu tómir. Það virtist þó ekki trufla ferðamennina sem fóru dúðaðir í kvöldgöngu eftir Ægisíðunni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Endurskoða þarf skipulag ræktunarsvæða borgarinnar vegna áhuga á garðrækt:

Margir bíða eftir matjurtagörðum

GARÐYRKJA „Þessi áhugi er algjörlega nýtilkominn og kom okkur í opna skjöldu," segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar. Tvö hundruð matjurtagarðar sem Reykjavík leigir borgarbúum í Skammadal í Mosfellsbæ hafa allir verið pantaðir og fólk hefur látið skrá sig á biðlista í von um að eitthvað losni. Að sögn Þórólfs hafði áhuginn á þessum görðum farið minnkandi ár frá ári og var jafnvel á döfinni að loka alveg svæðinu.

„Við erum að bíða eftir að þeir sem voru með garð í fyrra svari hvort þeir ætli að halda áfram með garðinn í ár. Hins vegar voru um hundrað garðar ekki teknir frá og manni finnst með ólíkindum að þeir séu farnir."

Vegna þessa aukna áhuga þarf borgin að endurskoða allt skipulag ræktunarsvæða. „Í Skammadal er hver garður um hundrað fermetrar. Við munum bjóða upp á einhverja garða inni í borginni sem eru mun minni. Meðal annars lausa skólagarða og vorum við búin að ákveða að loka einum skólagarði og erum að skoða þann möguleika að fá Garðyrkjufélagið til samstarfs þar." Skráningu í skólagarðana verður flýtt vegna þessa til að sjá hve mikið verður eftir af lausu svæði hjá þeim. - jma

KATRINA AND THE WAVES Munu troða upp í risavaxinni Eurovision-veislu Einars Bárðarsonar.

Katrina and the Waves:

Sigurvegari Eurovision til landsins

FÓLK Einar Bárðarson, oft nefndur umboðsmaður Íslands, boðar komu hljómsveitarinnar Katrina and the Waves til landsins.

Einar ætlar að efna til risastórrar Eurovision-veislu á nýjum stað, Officeraklúbbnum á Keflavíkurflugvelli, 16. maí næstkomandi. Þar munu troða upp Katrina and the Waves sem sigruðu í Eurovision-söngvakeppninni með fáheyrðum yfirburðum árið 1997. Annars sló hljómsveitin rækilega í gegn á 9. áratugnum með laginu Walking on Sunshine. Hefðbundið er að efnt sé til veislu í tilefni af keppninni og Einar segir tímabært að fá einhvern til að skemmta sem unnið hefur keppnina.

- jbg / sjá síðu 46

Yfirlæknir hjartaþræðinga:

Biðlistar hafa styst töluvert

HEILBRIGÐISMÁL Nýtt hjartaþræðingartæki hefur haft í för með sér að fækkað hefur á biðlistum úr 250 í 120 manns. Þetta er haft eftir Kristjáni Eyjólfssyni, yfirlækni hjartaþræðinga.

Hjartaþræðingartækið var tekið í notkun síðasta haust, en fyrir var eldra tæki sem er orðið tæplega tólf ára. Kristján segir mikinn mun á því að nota nýja tækið eða það gamla. Til dæmis séu myndgæðin mun betri í nýja tækinu og því sjái læknar betur hvað þeir eru að gera.

Um 1.950 hjartaþræðingar voru gerðar í fyrra, sem gerir að meðaltali um fjörutíu aðgerðir á viku.

- ss/ sjá sérblaðið Hjartaheill



SPURNING DAGSINS

Ævar Örn, var þetta ekki óttalegt skítadjobb?

„Það er spurning."

Hin vinsæla spurningakeppni fjölmiðlanna hefur verið slegin af hjá Rás 2. Ævar Örn Jósepsson hefur haft umsjón með keppninni undanfarin ár en hann er höfundur bókarinnar Skítadjobb.

Tímaramminn fyrir mögulega inngöngu Íslands í ESB og myntbandalagið:

Í ársbyrjun 2013 hið fyrsta

EVRÓPUMÁL Að óbreyttum reglum Evrópusambandsins um aðildarskilyrði myntbandalagsins gæti Ísland fengið aðild að því í fyrsta lagi í ársbyrjun 2013. Þetta staðfesti Massimo Suardi, yfirmaður á þeirri skrifstofu framkvæmdastjórnar ESB sem annast peninga- og gjaldeyrismál, í samtali við Fréttablaðið.

Þessi dagsetning byggir á þeim forsendum að umsókn um aðild Íslands að ESB komi fram fljótlega, að um ESB-aðild semjist á innan við ári og landið fái aðild á sama tíma og Króatía í ársbyrjun 2011. Hún byggir enn fremur á þeirri forsendu að um það semjist að Ísland fái strax frá fyrsta degi aðildar að taka þátt

EVRUMÁL RÆDD Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra setti fundinn og sést hér hlýða á mál gestsins frá Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í fastgengiskerfinu ERM II, en að óbreyttum reglum um evrópska myntbandalagið þurfa væntanleg aðildarríki þess að hafa verið í ERM II í tvö ár hið minnsta.

Í ljósi alþjóðlegu efnahagskreppunnar, sem leikur nú nýjustu aðildarríki ESB í austanverðri álfunni sérstaklega grátt, hafa ráðamenn í þeim löndum þrýst á um að opnað verði fyrir möguleikann á flýtiinngöngu í myntbandalagið. Suardi bendir á að þetta hafi verið rætt á leiðtogafundi ESB í byrjun þessa mánaðar og niðurstaðan orðið sú að gera engar breytingar á reglunum. Umræðan heldur þó áfram innan sambandsins.

Suardi flutti erindi á málfundi um gjaldmiðilsmál sem haldinn var á vegum Viðskiptaráðs og fastanefndar ESB í Reykjavík í gær.

- aa

Kona í Vestmannaeyjum:

Kærði nauðgun í heimahúsi

LÖGREGLUMÁL Kona um fertugt hefur kært karlmann um þrítugt til lögreglunnar í Vestmannaeyjum fyrir nauðgun um liðna helgi. Meint nauðgun átti sér stað í heimahúsi konunnar aðfaranótt sunnudags. Fólkið er hvort tveggja íslenskt og búsett í Vestmannaeyjum.

Teknar hafa verið skýrslur bæði af konunni og karlinum, sem og einhverjum þeirra sem konan sagði fyrst frá meintri nauðgun. Maðurinn er ekki kærður fyrir innbrot á heimili konunnar.

Lögregla í Vestmannaeyjum nýtur aðstoðar lögreglunnar á Selfossi við rannsókn málsins. **- sh**

Orkuveitan í aðhaldi:

Forstjóralaun lækka um 25%

ATVINNUMÁL Orkuveitan og dótturfélög hennar hafa gripið til víðtækra aðhaldsaðgerða vegna áhrifa kreppunnar. Meðal aðgerðanna eru launalækkanir hjá öllu starfsfólki með yfir 300 þúsund krónur í mánaðarlaun.

HJÖRLEIFUR B. KVARAN

Laun forstjóra Orkuveitunnar, Hjörleifs Kvaran, lækka þannig um fjórðung, eða um hálfa milljón. Laun millistjórnenda lækka um tíu til fimmtán prósent og laun almennra starfsmanna um fjögur prósent. Þá verður fjárhagsáætlun ársins endurskoðuð. Einnig eru uppi áform um að lækka laun stjórnarmanna Orkuveitunnar. **- sh**

Á sjöunda hundrað plantna:

Lögregla finnur meira kannabis

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann yfir 600 kannabisplöntur í húsnæði í Hafnarfirði í fyrradag. Karlmaður á þrítugsaldri var yfirheyrður í tengslum við rannsókn málsins.

Þá tók lögreglan fimmtíu plöntur í húsi í miðborg Reykjavíkur síðdegis á sunnudag. Plönturnar voru í báðum tilvikum á ýmsum stigum ræktunar.

Lögreglan hefur lagt hald á á sjötta þúsund kannabisplöntur á þessu ári. Enn sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800 5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. **- sh**

Fjórhjól í boði fyrir börn frá þriggja ára

SportX býður vélknúin fjórhjól fyrir þriggja til tíu ára. Umferðarstofa segir hjólin ólögleg fyrir aldurshópinn. Eigandi verslunarinnar segir foreldra ráða hvort börn fái slík tæki og noti á lokuðum svæðum. Lögregla rannsakar málið.

LÖGREGLUMÁL „Shineray 50cc barnafjórhjól, flott fyrir 3 til 10 ára," segir í kynningu verslunarinnar SportX á Akureyri á vélknúnum fjórhjólum fyrir börn.

Lögregla fékk í gær ábendingu um sölu þessara fjórhjóla fyrir börn þar sem hámarkshraði þeirra sé skráður 38 kílómetrar á klukkustund. „Vélknúin ökutæki sem fara hægar en 25 kílómetrar á klukkustund eru flokkuð eins og reiðhjól en þegar þau ná meiri hraða þarf

EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

tiltekin ökuréttindi til að stjórna þeim," segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Einar segir að fyrir sitt leyti vilji Umferðarstofa vara almenning, og þá sérstaklega foreldra, við og benda bæði þeim og söluaðilum á að gæta sín á að fara að þeim reglum sem gilda. „Fyrir utan að þurfa kannski að glíma við áfall af slysi eru öll tryggingamál í uppnámi vegna þess að börnin eru réttindalaus."

Haukur Sveinsson, eigandi SportX, segir barnafjórhjólin hafa verið til sölu í þrjú ár og selst vel. Hann kveðst ekki telja að fjórhjólin séu ólögleg fyrir þennan aldurshóp og verslunin hafi aldrei fengið athugasemdir. Reyndar séu hjólin þó varla ætluð fyrir þriggja ára börn eins og kynnt er heldur kaupi foreldrar þau fyrst og fremst fyrir börn á aldrinum sjö til tíu ára. Um

BARNAFJÓRHJÓLIÐ Kostar 140 þúsund krónur og hefur fyrst og fremst verið selt fyrir börn á aldrinum sjö til tíu ára segir eigandi verslunarinnar SportX.

þau gildi sömu reglur og um torfæruhjól sem börn allt niður í fjögurra ára aki á lokuðum brautum.

„Auðvitað ræður þú sjálfur sem foreldri hvenær þú kaupir eitthvað dót handa krakkanum. Þú bara metur það sjálfur hvort hann ræður við það eða ekki. Það er ekki verið að neyða neinn til að kaupa þetta," segir Haukur.

Að sögn Hauks er nú aðeins eitt barnafjórhjól eftir hjá SportX. Hann segist ekki búast við að panta þessi hjól aftur því þau séu svo kraftlaus. „Ég reikna ekkert með því að við tökum þessi hjól aftur heldur tökum aðeins stærri næst. Við vorum með 150 kúbika hjól í fyrrasumar, svolítið stærri, sem menn keyptu miklu frekar því þú getur verið á því alveg þar til þú ert orðinn unglingur."

Einar hjá Umferðarstofu segir það misskilning að það sama gildi um þessi fjórhjól og um torfæruhjól fyrir börn. „Það er engin undanþága til um fjórhjól eins og til er til dæmis um mótorkrosshjól sem börn mega aka á vissum tilgreindum svæðum," segir upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

gar@frettabladid.is

Í BEINNI ÚTSENDINGU Obama reyndi að stappa stálinu í Bandaríkjamenn á blaðamannafundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárlagafrumvarpið vestra:

Gagnrýnt fyrir mikinn halla

BANDARÍKIN, AP Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, mælti fyrir fyrsta fjárlagafrumvarpi sínu í öldungadeild Bandaríkjaþings í gær. Kvöldið áður varði hann efnahagsstefnu ríkisstjórnar sinnar á blaðamannafundi.

Hann sagði að á heildina litið væru tillögurnar í fjárlagafrumvarpinu til þess fallnar að „mjaka landinu í rétta átt" til að koma efnahagslífinu á réttan kjöl. „Þetta fjárlagafrumvarp er óaðskiljanlegur þáttur í þessum efnahagsbata," sagði hann, „þar sem það leggur grundvöllinn að öruggri og varanlegri velferð."

Frumvarpið var gagnrýnt fyrir gríðarlegan fjárlagahalla. **- aa**

ALÞINGI

Brýn mál stjórnar eru 22

22 mál, sem ríkisstjórnin leggur áherslu á, liggja nú fyrir hjá Alþingi. Þetta kom fram í svari Jóhönnu Sigurðardóttur í gær við fyrirspurn Birgis Ármannssonar. „Þó að aðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki séu brýnastar eru lýðræðisumbætur ekki síður mikilvægar," sagði Jóhanna.

Barnabótum ekki breytt

Það skiptir ekki miklu máli fyrir barnafjölskyldur hvort þær fá barnabætur mánaðarlega eða á fjögurra mánaða fresti, sagði Jóhanna Sigurðardóttir á Alþingi í gær. Fólki með lágar og meðalháar tekjur yrði sérstaklega hlíft við skoðun niðurskurðar næsta árs.

Geir H. Haarde var gagnrýninn á stjórnarflokkana á síðasta degi sínum á þingi:

Heiður þingsins er í veði

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, var í síðasta sinn við störf á Alþingi í gær. Hann lætur af formennsku í Sjálfstæðisflokknum á sunnudag og heldur til Hollands á mánudag til framhaldsaðgerðar vegna meinsins sem uppgötvaðist í honum í janúar.

Geir hefur setið á þingi í 22 ár og var ráðherra í ellefu ár. „Það eru mikil forréttindi að fá að gegna störfum svo drjúgan hluta starfsævinnar á vettvangi elstu og æðstu stofnunar landsins," sagði Geir í stuttri ræðu í þinginu í gær.

Á fundi með blaðamönnum harmaði Geir stöðu mála í þinginu enda hefði ríkisstjórnin hlaupið á sig með tvö mál; annars vegar breytingar á kosningalögum og hins vegar breytingar á stjórnarskránni. „Það voru mistök af hennar hálfu að hafa ekki Sjálfstæðisflokkinn með í ráðum og ætla að valta yfir hann með þessi mál því það mun ekki takast," sagði Geir. Illa færi á því að þingstörfum lyki með þingið í uppnámi vegna deilna um stjórnarskrána; heiður þingsins væri í veði um að sáttaleið tækist.

Um aðgerðina í næstu viku sagði Geir hana framhald þeirrar sem hann gekkst undir í febrúar. Allt væri með eðlilegu lagi og hann væri talinn úr hættu.

LOKADAGUR Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir settust stuttlega með blaðamönnum í þinghúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- bþs

ÍSLENSKA/SIALIS/NAT 40470 12/07

Mikilvægasta máltíð dagsins

GENGIÐ 25.03.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	113,98	114,52
Sterlingspund	167,02	167,84
Evra	154,14	155
Dönsk króna	20,69	20,812
Norsk króna	17,847	17,953
Sænsk króna	14,107	14,189
Japanskt jen	1,1665	1,1733
SDR	171,72	172,74

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
187,9292

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hafist verður handa við tvöföldun Suðurlandsvegar síðar á þessu ári:

2+2 vegur að stærstum hluta

SAMGÖNGUMÁL Fyrsti kafli tvöföldunar Suðurlandsvegar verður boðinn út síðar á þessu ári. Samkvæmt nýrri áætlun sem samgönguráðherra kynnti í gær verður leiðin frá Reykjavík til Selfoss 2+2 vegur að undanskildum kafla frá Litlu kaffistofunni yfir Hellisheiði og að Kambabrúnum, sem verður 2+1 vegur.

Áætlað er að tvöföldunin í heild sinni muni kosta 15,9 milljarða króna. Byrjað verður á fimm kílómetra kafla frá Lögbergsbrekku að Litlu Kaffistofunni, og einnig litlum kafla næst Vesturlandsvegi. Talið er að það sé um það bil ársverk.

VEGAMÁLASTJÓRI OG RÁÐHERRA Samgönguráðherra fundaði með fulltrúum sveitarfélaga um málið í gær og sagðist hafa mætt stuðningi. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Einum milljarði verður ráðstafað í verkið á þessu ári.

Það ræðst af umferðarþunga á ólíkum vegarköflum hvers kyns gatnamót stendur til að gera á leiðinni. Þannig verða til dæmis gerð mislæg gatnamót við Hafravatnsveg, Heiðmörk, Sólborgarhverfi og Hvammsveg. Flest önnur gatnamót verða í plani.

Á blaðamannafundi í gær vegna málsins kom fram að byrjað yrði á vegarkaflanum frá Lögbergsbrekku að Litlu kaffistofunni vegna þess að þar væri undirbúningur lengst kominn og hægt að byrja fyrst. Það hefði þó í sjálfu sér engin áhrif á hvenær byrja mætti á framkvæmdum á öðrum vegarköflum.

Það ræðst af fjárveitingum hvenær unnt verður að ljúka tvöfölduninni allri. - sh

Malbikunarmenn við störf:

Sló félaga í andlit með skóflu

DÓMSMÁL Karlmaður um fertugt hefur verið ákærður fyrir að slá vinnufélaga sinn með skóflu í andlitið. Mennirnir voru við malbikunarvinnu við Suðurbraut í Hafnarfirði þegar atvikið átti sér stað.

Þegar maðurinn fékk skófluna í andlitið féll hann aftur fyrir sig og hafnaði á vörubíl. Hann hlaut vægan heilahristing, auk þess sem hann bólgnaði verulega í andliti, þar sem hann fékk einnig sár og tognaði í baki.

Í málinu gerir fórnarlambið þá kröfu að maðurinn verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð tæplega 975 þúsund krónur. - jss

Á HALLSTEINSHÖFÐA Samkvæmt borgaryfirvöldum var þetta mannvirki rifið vegna slysahættu.

Fyrirpurn í framkvæmdaráði:

Vilja svör um horfna tankinn

SKIPULAGSMÁL Fulltrúar minnihluta Samfylkingar og Vinstri grænna í framkvæmda- og eignaráði Reykjavíkurborgar óska skýringa á niðurrifi vatnstanks á Hallsteinshöfða í Grafarvogi. Þeir vilja meðal annars fá því svarað hver tók ákvörðun um niðurrifið, af hverju litið hafi verið fram hjá óskum íbúa og loforði fyrrverandi borgarstjóra um að útbúa útsýnispall á tanknum og hverjir hafi kvartað undan slysahættu vegna vatnstanksins og hvort þeir hafi tengst framkvæmda- og eignasviði með einhverjum hætti. Einnig er spurt hvað niðurrifið kostaði. - gar

VARNARMÁL

Stugguðu við björnum

Danskar orrustuþotur flugu til móts við tvær rússneskar sprengjuflugvélar, svokallaða birni, sem stefndu á íslensku lofthelgina um hádegi í gær. Vélarnar sneru við þegar þær urðu varar við þoturnar, þá voru þær um 80 kílómetra frá landi. Ekki var látið vita um flug bjarnanna fyrirfram.

ÁRÉTTING

Í blaðinu gær sagði að verðbólgan mældist nú 15,2 prósent. Þar var vitanlega átt við verðbólgu síðustu tólf mánaða.

Leirbolli sem mynd birtist af í Allt-blaði Fréttablaðsins í gær er sköpun listakonunnar Svetlönu Matusa en nafn hennar vantaði í greinina sem myndin var við.

Þrír flokkar gnæfa yfir aðra valkosti

Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn mælast með mun meira fylgi en aðrir flokkar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Nýju framboðin tvö og Frjálslyndi flokkurinn eru nokkuð frá því að fá mann kjörinn á þing.

SKOÐANAKÖNNUN Fylgi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks breytist lítið frá síðustu könnun Fréttablaðsins. Alls segjast 31,7 prósent myndu kjósa Samfylkinguna nú og fengi flokkurinn samkvæmt því 21 þingmann. Flokkurinn fékk 26,8 prósent í síðustu kosningum og yrðu þetta úrslit kosninga myndi hann styrkjast nokkuð.

29,1 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn nú og fengi flokkurinn samkvæmt því 20 þingmenn kjörna. Kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum var 36,6 prósent og myndi flokkurinn því tapa nokkru fylgi frá kosningunum fyrir tveimur árum.

Vinstri græn myndu hins vegar bæta verulega við sig fylgi frá síðustu kosningum, væru þetta niðurstöður kosninga. 25,8 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, sem gæfi honum 17 þingmenn. Flokkurinn hlaut hins vegar 14,3 prósent atkvæða í maí 2007.

Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna tveggja er því 57,5 prósent og fengju flokkarnir tveir 38 þingmenn af 63. Því er allt útlit fyrir að þessir tveir flokkar geti myndað tveggja flokka meirihlutastjórn að kosningum loknum.

Fylgi Framsóknarflokks heldur áfram að dala eftir uppsveifluna í byrjun árs þegar kosinn var nýr formaður. Nú segjast 7,5 prósent myndu kjósa flokkinn, sem er aðeins undir kjörfylgi. Alls kusu 11,7 prósent flokkinn í síðustu kosningum. Með 7,5 prósenta fylgi myndi flokkurinn fá fimm þingmenn, tveimur færri en hann hefur nú. Athygli vekur að fylgið virðist vera að sveiflast frá Framsóknarflokki yfir á Vinstri græn.

Aðrir flokkar myndu ekki ná manni á þing og litlar breytingar eru á fylgi þeirra frá síðustu könnun blaðsins fyrir tveimur vikum.

1,8 prósent segjast nú myndu kjósa Frjálslynda flokkinn. 2,7 prósent styðja Borgarahreyfinguna og 1,2 prósent segjast myndu kjósa L-listann.

Hringt var í 800 manns í gær, miðvikudaginn 25. mars, og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? Þeir sem voru óákveðnir voru spurðir; Hvaða lista er líklegast að þú myndir kjósa. Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir; Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk. Alls tóku 70,1 prósent afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2007 til 25. mars 2009.



Í FANGI OFURHETJU Drengurinn var himinlifandi að fá far með Köngulóarmanninum. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Einhverfur drengur í Taílandi:

Treysti Köngulóarmanninum

BANGKOK, AP Taílenskur slökkviliðsmaður klæddi sig í búning Köngulóarmannsins á miðvikudag til að bjarga einhverfum dreng sem sat á svalahandriði og neitaði að koma niður.

Á meðan móðirin reyndi að telja ellefu ára gamlan drenginn á fara niður af handriðinu heyrði slökkviliðsmaðurinn, Somchai Yoosabai, mæðginin minnast á dálæti drengsins á ofurhetjum. Hann þaut þá sem leið lá niður á slökkvistöð, vippaði sér í Köngulóarmannsgallann, sem hann geymir til að lífga upp á eldvarnaræfingar í skólum, og sneri aftur. Drengurinn tók þá við sér og kastaði sér í fang Yoosabai. - sh

ALÞINGI

Hægt að fresta uppboðum

Fasteignaeigendur geta frestað nauðungaruppboði til 1. nóvember næstkomandi eftir að Alþingi samþykkti frumvarp dómsmálaráðherra í gær. Með því eru sýslumenn skyldugir til að fresta uppboði ef um er að ræða íbúðarhúsnæði sem skuldari býr í.

Greiðsluaðlögun að lögum

Alþingi samþykkti í gær frumvarp dómsmálaráðherra um greiðsluaðlögun. Með lögunum er skuldurum gert kleyft að forðast gjaldþrot, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lögin eru hluti aðgerða stjórnvalda sem hafa það markmið að standa vörð um heimilin í landinu.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGARHORFUR
Á laugardaginn verður lægð vestan við landið og úrkomusvæði yfir landinu. Yfirleitt snjókoma en þó rigning eða slydda sunnan og vestan til að deginum. Á sunnudag snýst vindur í allhvassa norðanátt með éljum nyrðra og eystra en björtu með köflum syðra. Norðanáttin viðheldur frosti og kulda á landinu.



HEIMURINN

Alicante	20°
Amsterdam	9°
Basel	8°
Berlín	8°
Billund	4°
Eindhoven	10°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	20°
London	13°
New York	9°
Orlando	28°
Osló	4°
París	11°
Róm	17°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

you can

Canon

Þú þekkir Canon.
Veldu gæði.

Glæsilegt úrval af Canon myndavélum, linsum, vídeóvélum, prenturum, fjölnota prenturum, skönnum, blekhylkjum, ljósmyndapappír og aukahlutum.

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is

Canon EOS 1000D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 linsu

Leiðin að þinni sköpun - Verðlaunuð af EISA

- 10.1 megapixla CMOS sensor.
- Þrír rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 2.5" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- Gríðarlegt úrval af aukahlutum og linsum (yfir 60).
- Digital Photo Professonial (DPP) hugbúnaður fylgir með.

Listaverð aðeins 99.900 kr.

Canon EOS 450D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 Image Stabilizer linsu

Leiktu þér - Verðlaunuð af TIPA

- 12.2 megapixla CMOS sensor.
- 3.5 rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- 9 punkta fókus kerfi.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 3.0" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- Gríðarlegt úrval af aukahlutum og linsum (yfir 60).
- Digital Photo Professonial (DPP) hugbúnaður fylgir með.

Listaverð aðeins 139.900 kr.

Canon PowerShot A480

Notendavæn og skemmtileg vasamyndavél - Full af sniðugri tækni

- Fjórir litir í boði; silfur, svartur, rauður, blár.
- 10.0 megapixla sensor - Hægt að prenta út stórar myndir.
- 3.3x optical aðdráttur.
- DIGIC III örgjörvinn dregur úr suði og veitir hraða.
- Face Detection & Red-Eye Correction tækni.
- 15 tökustillingar, ásamt Kids & Pets stillingu o.fl.
- 1cm Macro stilling.
- Motion Detection tækni segir bless við blörr.
- 2.5" LCD skjár & VGA upptaka & AA rafhlöður.
- Notendavænn Canon hugbúnaður fylgir með.

Listaverð aðeins 26.900 kr.

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt:

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / **Reykjavík** Sense Center, Kringlan • Verslun Nýherja, Borgartún • ELKO Lindir & Skeifan • Beco, Langholtsvegur • Myndval, Mjódd / **Akureyri** Pedromyndir / **Sauðárkrókur** Tengill **Blönduós** Kjalfell / **Reykjanesbær** Omnis / **Akranes** Omnis / **Vestmannaeyjar** Foto • Tölvun / **Selfoss** TRS / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ísafjörður** Netheimar • Penninn / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Neskaupsstaður** Tónspil / **Höfn Hornafirði** Martölvan

KJÖRKASSINN

Ættu fyrrum seðlabankastjórar að birta gögn sín um hrunið?

Já 97%

Nei 3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er í lagi að foreldrar kaupi áfengi fyrir 18 eða 19 ára börn sín?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Steingrímur ræðir við sjávarútvegsráðherra Noregs vegna makríldeilunnar:

Blíðari tónn í frændþjóðinni

SJÁVARÚTVEGUR Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra ræddi við Helgu Pedersen sjávarútvegsráðherra Noregs í gær vegna þeirra ummæla sem hún lét eftir sér hafa í fjölmiðlum í fyrradag vegna makrílveiða Íslendinga.

Þar sagði hún að til greina kæmi að hefta innflutning á fiskimjöli og lýsi frá Íslandi og að íslensk skip sem veiddu makríl yrðu svipt heimildum til að veiða í norskri lögsögu.

„Ég á nú ekki von á því að til einhverra slíkra aðgerða komi," sagði Steingrímur eftir samtal þeirra í gær. „Ég lét hana alveg skilja það á mér að mér þætti það ekki málinu til framdráttar að við töluðumst við í fjölmiðlum. Það væri þá nær að ræða málin og leita lausna."

Steingrímur sagði að hann teldi líklegustu niðurstöðuna í þessu máli verða á þá lund að Íslendingar fái sæti við samningaborðið með öðrum strandríkjum þar sem makrílkvótinn er ákveðinn.

Hann segist enn fremur hafa bent kollega sínum á að með því að úthluta sér kvóta einhliða hafi hann komið í veg fyrir að veiðarnar yrðu stjórnlausar, það hafi verið liður í að stjórn yrði komið á þessar veiðar. - jse

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Sjávarútvegsráðherrann spjallaði við kollega sinn frá Noregi í síma í gær. Hann var eflaust ekki jafn afslappaður og hann er á þessari mynd sem tekin var þegar hann var í veikindafríi árið 2006.

Laun á vinnumarkaði:

Fleiri hækka líkt HB Granda

VINNUMARKAÐUR Nú hafa fiskvinnslufyrirtækin Norðurströnd á Dalvík og Godthaab í Vestmannaeyjum ákveðið að fara eftir áður umsömdum launahækkunum og bæta 13.500 krónum í launaumslag starfsmanna í hverjum mánuði.

Áður hafði verið greint frá því að Brim og Hrognavinnsla Vignis hefðu fetað í fótspor HB Granda að þessu leyti. Grandi hafði riðið á vaðið eftir nokkra gagnrýni vegna arðgreiðslna til hluthafa.

Hækkununum hafði áður verið frestað í ljósi efnahagsástandsins og forystumenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins hafa báðir varið þá ákvörðun á síðustu dögum. - kóþ

20 ÁRA STARFSAFMÆLI

ALLIR FISKRÉTTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPI, MARINERAÐAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRÉTTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

Tilboðið gildir út alla vikuna

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Hefðu átt að þrýsta fyrr á um stjórnarslit

Forseti ASÍ telur að verkalýðshreyfingin hafi gert mistök þegar hún beið fram yfir áramót með þrýsting á að stjórnin færi frá. Þeir sem beri ábyrgð á bankahruninu eigi að biðjast afsökunar. Lífeyrissjóðirnir þurfi siðferðisreglur.

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur að stjórnvöld verði að taka á trúverðugan og réttlátan hátt á þeim sem báru ábyrgð á hruni bankakerfisins. Öll aðferðafræði við rannsókn á aðdraganda hrunsins til þessa hafi verið í skötulíki. Hann telur að þeir sem beri ábyrgðina verði að biðja þjóðina afsökunar.

„Við hljótum að kalla þessa aðila til ábyrgðar og spyrja hvort þeir ætlist virkilega til þess að endurreisn atvinnulífsins eigi sér stað á sama siðspillta grunni og áður. Alþýðusambandið er ekki til viðræðu um slíkt. Við ætlumst til þess að endurreisnin verði byggð á traustum siðferðislegum og samfélagslegum gildum," sagði hann á aukaársfundi ASÍ í gær.

Ef þetta gengur ekki telur Gylfi hættu á að reiði almennings brjótist út aftur og að hér ríki efnahagslegur óstöðugleiki með óróleika á vinnumarkaði og tíðum stjórnarskiptum. Það sé ekki eftirsóknarvert.

Gylfi hvetur verkalýðshreyfinguna til að horfa í eigin barm. Afstaðan í haust hafi verið sú að aðstoða við slökkvistarfið og gefa stjórnvöldum vinnufrið til að takmarka áhrif hrunsins og halda atvinnulífinu gangandi. „Við lögðumst gegn því að ríkisstjórnin færi frá og að efnt yrði til kosninga strax á síðasta hausti," sagði hann. „Um miðjan janúar var þolinmæði okkar á þrotum og miðstjórn ASÍ krafðist þess að ríkisstjórnin færi frá og að boðað yrði til kosninga. Eftir á að hyggja viðurkenni ég að við gerðum ákveðin mistök sem rýrðu ímynd okkar og stöðu. Trúlega hefðum við átt að setja ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar í byrjun desember í stað þess að bíða fram yfir áramót."

ALLIR KOMI AÐ FRESTUN Alþýðusambandið hélt í gær aukaársfund vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði þá að aðilar vinnumarkaðarins hefðu sýnt þroska þegar endurskoðun kjarasamninga var frestað en allir þurfi að koma að þeirri frestun til að sátt ríki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HVETUR TIL NAFLASKOÐUNAR Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hvetur verkalýðsforystuna til að horfa í eigin barm og endurskoða liðna mánuði. Hann telur að það hafi verið mistök að leggjast í haust gegn kröfunni um að ríkisstjórnin færi frá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gylfi vill að ASÍ beiti sér fyrir því að settar verði reglur um aukið gagnsæi, siðferði og trúverðugleika hjá lífeyrissjóðum. Reglurnar nái til fjárfestingarstefnu og daglegrar starfsemi, gjafa og ferðalaga.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði meðal annars að tími ofurlauna væri liðinn. Þeir sem væru á ofurlaunum segðu sig í raun úr siðferðilegu sambandi við þjóðina. Aðilar vinnumarkaðarins hefðu sýnt þroska þegar endurskoðun kjarasamninga var frestað. Það var lofsvert en til að sátt ríkti þyrftu allir að koma að því. Ekki gengi að greiða bónusa eða arð meðan krafist væri fórna af launafólki. Til skoðunar sé hvernig fyrirtæki sem njóti ríkisaðstoðar verji hagnaði. Honum eigi að verja til fjölgunar starfa.

ghs@frettabladid.is

Tvær á tilboðsverði!

Express ferðir bjóða tvær frábærar ferðir í sumar á einstöku tilboðsverði.

1.–8. júní 2009

Sumarhús í Kempervennen

Verð, miðað við að 4 séu saman í húsi:

49.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum til Eindhoven, gisting í góðu sumarhúsi þar sem allt er til alls.

4.–9. júní 2009

Bernkastel við Mósel

Verð á mann í tvíbýli:

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum til Frankfurt Hahn, gisting í 5 nætur á Hotel Drei Könige ásamt morgunverði og akstur til og frá flugvelli.

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Verkamannaflokkur Ísraels samþykkir að ganga til liðs við nýja stjórn:

Netanyahu mildar orðfærið

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu, verðandi forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að ríkisstjórn hans yrði „samstarfsaðili Palestínumanna að friði". Með þessu mælti hann á mun málamiðlunarvænni hátt en hann gerði í kosningabaráttunni, daginn eftir að ísraelski Verkamannaflokkurinn samþykkti að ganga til liðs við samsteypustjórn hans í skiptum fyrir óskuldbindandi orðað loforð um að halda friðarviðræðum áfram.

Í kosningabaráttunni fyrir hinar nýlega afstöðnu þingkosningar í landinu gerðu Netanyahu og Likudflokkurinn, sem hann fer fyrir, út á andstöðu við samninga við Palestínumenn. En til að forðast að lenda upp á kant við hina nýju ríkisstjórn Baracks Obama vestanhafs hefur hann mildað mjög orðfæri sitt og leitast við að fá hófsamari öfl á þingi til liðs við ríkisstjórnina til að gera slíkt orðfæri trúverðugra.

Fram að því að Verkamannaflokkurinn lét tilleiðast höfðu aðeins flokkar lengst á hægri vængnum heitið nýju stjórninni stuðningi.

Fráfarandi forystuflokkur Ísraelsstjórnar, Kadima-flokkurinn sem Tzipi Livni fer nú fyrir, hefur hafnað öllum boðum Netanyahus um samstarf. - aa

BIÐLAR TIL MIÐJUNNAR Netanyahu reynir að breikka samsteypustjórn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÓKA- OG KILJU MARKAÐUR

Yfir 100 titlar í boði á frábæru verði!

BÆKUR OG KILJUR

ÚTSALA
990.-
Verð áður 1.980.-

ÚTSALA
990.-
Verð áður 1.890.-

ÚTSALA
990.-
Verð áður 1.890.-

ÚTSALA
1.490.-
Verð áður 3.998.-

ÚTSALA
990.-
Verð áður 1.980.-

ÚTSALA
990.-
Verð áður 1.890.-

ÚTSALA
1.580.-
Verð áður 1.980.-

ÚTSALA
1.490.-
Verð áður 3.490.-

ÚTSALA
1.490.-
Verð áður 3.490.-

ÚTSALA
1.990.-
Verð áður 2.990.-

ÚTSALA
1.990.-
Verð áður 4.480.-

ÚTSALA
8.980.-
Verð áður 9.980.-

Fáanlegt í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og Akureyri*
*Allt úrvalið færst í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 2. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Fyrir veiðar á hvaða fiski íhugar norski sjávarútvegsráðherrann að refsa Íslendingum?*

2 *Hvaða tónlistarmaður samdi lag fyrir auglýsingu með Daniel Craig?*

3 *Hver verður spilandi aðstoðarþjálfari Breiðabliks í knattspyrnu karla í sumar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Aflabrestur Kanadamanna er vatn á myllu íslenskra grásleppusjómanna:

Grásleppuvertíðin gæðir þorpið lífi

SJÁVARÚTVEGUR „Grásleppan er eini fiskurinn sem kvótakerfið nær ekki til svo nú sjáum við hvernig allt væri umhorfs í sjávarbyggðum landsins ef það kerfi hefði ekki komið til," segir Oddur V. Jóhannsson grásleppusjómaður búsettur á Vopnafirði en gerir út frá Bakkafirði.

Hann segir að iðandi mannlíf sé á báðum þessum stöðum þessa dagana þar sem grásleppuvertíðin sé gengin í garð. „Við byrjuðum 10. mars og erum að detta í fjögur tonn," segir Oddur en hann er í áhöfn á Ás NS sem er aflahæsti báturinn þar norðvestra.

ODDUR Á DEKKI Grásleppuvertíðin byrjar vel hjá Oddi og félögum.

Það slær ekki á kæti hans að gott verð fæst fyrir hrognin. „Við fengum 650 evrur á tunnuna í fyrra og það er eitthvað aðeins hærra núna. Við erum að hagnast á því að Kanadamenn hafa til allrar hamingju verið að slá slöku við en þeir settu hátt í 30 þúsund tunnur á markað fyrir nokkrum árum og þá fékkst nú ekki mikið fyrir hana. Nú eru þeir með um tvö þúsund tunnur."

Oddur segir að tólf bátar rói á grásleppumið frá Bakkafirði og álíka margir frá Vopnafirði og því sé grásleppuvertíðin veruleg búbót fyrir fjölmargar fjölskyldur.

- jse

KFUM KFUK

Sumarbúðir
KFUM og KFUK

Skráning hefst á vorhátíð KFUM og KFUK
28. mars kl. 12 á Holtavegi og
í Sunnuhlíð á Akureyri

Sjá flokkaskrá sumarbúðanna 2009 á kfum.is
56 flokkar í 5 sumarbúðum, 29 leikjanámskeið á 3 stöðum

Vatnaskógur
Vindáshlíð
Kaldársel
Hólavatn
Ölver

KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is

NIÐURSKURÐUR Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra (fyrir miðju) kynnti niðurskurðaráform á þremur heilbrigðisstofnunum, ásamt fulltrúum starfshóps sem fjallaði um málið, í Hafnarborg í Hafnarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skerða kjör starfsmanna

Þrjár heilbrigðisstofnanir munu hagræða með því að skerða laun starfsfólks. Skárri leið en uppsagnir segir heilbrigðisráðherra. Stefnir að skipulagsbreytingum til að ná 6,7 milljarða króna sparnaði.

HEILBRIGÐISMÁL Starfsmenn þriggja heilbrigðisstofnana hafa samþykkt að taka á sig launaskerðingar til að koma í veg fyrir uppsagnir eða stórfellda skerðingu á þjónustu. Fordæmi fyrir aðra heilbrigðisstarfsmenn segir fulltrúi í samráðshópi.

Ögmundur Jónsson heilbrigðisráðherra kynnti í gær sparnaðaráform á þremur heilbrigðisstofnunum. Öllum verður gert að mæta samdrætti með hagræðingu, þannig að stofnanirnar verði reknar innan fjárlaga í ár, en ekki með verulegum halla eins og stefndi í.

„Heilbrigðismál eru atvinnumál," sagði Ögmundur, sem lagði áherslu á að starfsmenn héldu störfum en tækju frekar á sig kjaraskerðingu. Í samtali við mbl.is greindi Ögmundur frá því að hann hafi sjálfur afsalað sér ráðherralaunum, og þiggi eingöngu þingfararkaup.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þarf að ná 5,2 prósenta sparnaði og Heilbrigðisstofnun Suðurlands 5,6 prósentum. Mestur verður niðurskurðurinn á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sem þarf að mæta 9,5 prósenta samdrætti.

Forsvarsmenn þessara þriggja stofnana reikna með að ná tilskildum sparnaði með því að skerða kjör starfsfólks svo ekki þurfi að koma til hópuppsagna. Þannig verður samdráttur á yfirvinnu og vaktagreiðslum, stjórnunarstöðum fækkar, akstursgreiðslur dregnar saman og fleira.

Ekki er um samræmdar aðgerðir að ræða, heldur hefur verið ákveðið á hverri stofnun fyrir sig hvernig kröfu um niðurskurð verður mætt. Til dæmis munu starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem hafa mánaðartekjur yfir 300 þúsund krónum taka á sig tíu prósenta launaskerðingu, sagði Eyjólfur Eysteinsson, fulltrúi Félags eldri borgara á Suðurnesjum í samráðshópi ráðherra sem fjallaði um niðurskurðinn.

„Þetta lögðu þeir fram í trausti þess að þjónusta verði ekki skert, og engum verði sagt upp," sagði hann. Þetta er í raun framlag starfsfólksins til að rétta við samfélagið, sagði Eyjólfur. „Ég veit að þau reikna með því, og ætlast til þess, að þetta verði fordæmi á öðrum stofnunum."

Ögmundur sagði þessi samdráttaráform aðeins upphafið. Til standi að gera skipulagsbreytingar hjá þessum sjúkrahúsum með samstarfi við Landspítalann. Þau áform liggi ekki fyrir.

Í ár ætlar ríkið að verja tæplega 116 milljörðum til heilbrigðismála. Ögmundur segir um 80 prósent af þeirri upphæð launakostnað. Ná mætti fram um fjögurra milljarða króna sparnaði með því að lækka heildarlaun um fimm prósent.

Alls þarf að skera niður um 6,7 milljarða króna í heilbrigðiskerfinu í ár. Af þeirri upphæð á Landspítalinn að skera niður um 2,7 milljarða króna.

brjann@frettabladid.is

LÆKNAR TAKA Á SIG KJARASKERÐINGU

Sérfræðilæknar sem starfa utan sjúkrahúsa féllust í gær á að fresta umsaminni 9,8 prósenta hækkun á gjaldskrá, sem taka átti gildi í byrjun apríl, fram á vor. Þá eru hafnar viðræður um mögulega skerðingu á kjörum þeirra.

Þetta kom fram í máli Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Þar með fylgja læknarnir fordæmi verkalýðsfélaga, sem hafa frestað umsömdum launahækkunum.

Þá hafa læknar á Vestfjörðum tekið að sér að eigin frumkvæði að vinna bakvaktir launalaust. Þannig næst fram 12 milljón króna sparnaður á árinu.

Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á **www.gjofsemgefur.is**
eða pantar þau á skrifstofunni okkar, **528 4400**.
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.

Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur". Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar

Chiro heilsurúmin

Vortilboð - 30% afsláttur

Vandaðar kantstyrkingar •
Hreyfing í dýnu
aldrei verið minni!

• Val um ConformaFoam heilsu- og hægindalag
með Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni.

• Eurotop - betur nýttur svefnflötur.

Val um 3 liti á botni •
– Svart leður
– Hvítt leður
– Brúnt leður

• 5 ára ábyrgð á gormakerfi.

• 7 svæða heilsu og hægindalag.

• Val um 3 gerðir af löppum
– Hvíttuð Eik
– Chrome
– Wenge

Val um 100% náttúruleg gæðaefni.



Laserskorin ConformaFoam eða
Latex heilsu og hægindalag.



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja
stífan setkant og meira svefnsvæði.

Tvíhert háþróað gormakerfi.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

ÍSINN BROTINN Schackle, dráttarbátur bandarísku strandgæslunnar, brýtur ísinn á Kennebec-ánni við Woolwich í Maine. Það heyrir til fastra vorverka á þessum slóðum að brjóta ísinn á ánni til að hindra flóð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannslát í sumarbústað:

Krufningargögn send til matsmanns

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fallist á að maður sem ákærður hefur verið fyrir að vera valdur að dauða samlanda síns í sumarbústað í Grímsnesi fái dómkvaddan matsmann til að meta nánar áverka á höfði hins látna.

Héraðsdómur Suðurlands hafði áður kveðið upp úrskurð þess efnis að orðið skyldi við kröfu árásarmannsins um matsmann. Ríkissaksóknari vísaði þeirri ákvörðun til Hæstaréttar sem staðfesti hana.

Tilgangur matsins er að sanna að fleiri atvik geti komið til greina sem ollu höfuðáverkanum, önnur en hin meintu ítrekuðu spörk árásarmannsins í höfuð hins látna. **- jss**

Nýir flokksformenn slá takt fyrir kosningabaráttu

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin halda landsfundi sína nú um helgina. Ný forystusveit verður kosin og línan lögð fyrir kosningar. Flokkarnir máta sig í nýju hlutverki, ýmist í stjórn eða stjórnarandstöðu.

STJÓRNMÁL Tveir nýir flokksformenn verða kynntir til sögunnar um helgina þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin halda landsfundi sína. Formenn flokkanna, oddvitar síðustu ríkisstjórna, hafa báðir dregið sig í hlé frá stjórnmálum.

Hlutskipti flokkanna er ólíkt og má segja að báðir séu í öðru hlutverki en þeir eru vanir. Sjálfstæðisflokkurinn er á leið í kosningar sem stjórnarandstöðuflokkur í fyrsta skipti síðan árið 1991. Því má búast við öðrum áherslum, annarri taktík en undanfarin ár þegar flokkurinn hefur verið ráðandi afl í samfélaginu.

Að sama skapi er Samfylkingin á leið í kosningar sem stjórnarflokkur í fyrsta skipti í sögu flokksins. Stjórnin sem skipuð var með Sjálfstæðisflokknum sprakk, en starfsstjórn flokksins með Vinstri grænum situr við völdin. Eitt af því sem rætt verður á fundi flokksins er hvort stefna eigi að því að halda því stjórnarsamstarfi áfram.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið mikið starf í undirbúningi landsfundar. Flokkurinn skipaði endurreisnarnefnd til að leggja línuna til framtíðar og hefur hún skilað skýrslu. Ljóst er að ýmislegt í henni á eftir að verða til umræðu; kannski helst það er viðkemur Evrópusambandinu. Meðal þess sem lagt er til í skýrslunni er að „[s]kapa stöðugleika, öryggi og traust með nýjum gjaldmiðli og skipa okkur í raðir Evrópuþjóða."

Fjórir hafa lýst yfir framboði til formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, Kristján Þór Júlíusson, Loftur Altice Þorsteinsson og Snorri Ásmundsson. Allir landsfundarfulltrúar eru þó í kjöri. Einungis Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur gefið kost á sér til varaformanns.

Ljóst er að baráttan stendur að mestu á milli Bjarna og Kristjáns Þórs. Framan af var talið að Bjarni ætti sigurinn vísan, en eftir því sem nær dregur virðist staða Kristjáns styrkjast. Heyrst hefur að hann hafi aðgang að kosningamaskínu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem ætti að hjálpa til. Formannskjörið gæti því orðið spennandi.

Samfylkingin mælist um þessar mundir stærsti flokkur landsins og Jóhanna Sigurðardóttir leiðir ríkisstjórn. Flokkurinn hefur ekki farið í gegnum sömu endurskoðun á stefnu sinni og vilji hans í Evrópumálum er ljós. Því er líklegra að tekist verði á um hvert skuli stefnt eftir kosningar, hvort vinstri stjórn verði við haldið.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur ein tilkynnt um framboð til formanns og afar ólíklegt verður að teljast að nokkur bjóði sig fram gegn henni. Tveir hafa gefið kost á sér í varaformanninn, Dagur B. Eggertsson og Árni Páll Árnason. Svo virðist sem kosning á milli þeirra tveggja verði spennandi.

kolbeinn@frettabladid.is

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR Landsfundur flokksins verður settur í Laugardalshöllinni í dag. Frá fundi flokksins 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMFYLKINGIN

Landsfundurinn verður settur klukkan 16 á föstudag undir yfirskriftinni Vinna og velferð. Fráfarandi formaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, flytur ávarp við setningu og síðan tekur málefnastarf við. Kynning á frambjóðendum til formanns og varaformanns fer fram klukkan 9.45 á laugardagsmorgni. Kosning formanns verður klukkan 11 til 12.30 síðar um daginn og varaformanns klukkan 14 til 15.30.

Búist er við fjölmennum fundi, enda mælist fylgi Samfylkingar mikið í skoðanakönnunum. Fundurinn verður í Smáranum í Kópavogi. Niðurstaða málefnavinnu verður kynnt á sunnudag og afgreidd stjórnmálaályktun, sem verður kosningaplagg. Þá verða nýir frambjóðendur kynntir og nýkjörinn formaður flytur stefnuræðu í lok fundar. **- kóp**

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Landsfundur flokksins verður settur í dag klukkan 17.30 og flytur Geir H. Haarde þá síðustu ræðu sína sem formaður, að öllu óbreyttu. Á morgun klukkan 9 verður niðurstaða Evrópunefndar flokksins kynnt, en það er einn formannsframbjóðandinn, Kristján Þór Júlíusson, sem það gerir. Klukkan 13.30 kynnir Vilhjálmur Egilsson niðurstöðu endurreisnarnefndar flokksins.

Niðurstaða málefnastarfs verður afgreidd á sunnudaginn og þá fer fram kosning formanns og varaformanns. Flokkurinn hefur unnið mikið málefnastarf og ljóst er að tekist verður á um grundvallarstefnumið á fundinum, ekki síst í Evrópumálum. Spennandi barátta er um formanninn og ljóst er að fundurinn verður fjölmennur. Takturinn verður sleginn fyrir kosningarnar í vor. **- kóp**

Karlmaður ákærður fyrir árás á fyrrum sambýliskonu:

Hrottalegt ofbeldi

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir brot gegn hegningarlögum, þar með talda hrottalega líkamsárás á fyrrverandi sambýliskonu sína. Maðurinn skar hana meðal annars í mjóbakið með eldhúshníf.

Karlmaðurinn sem um ræðir er af erlendu bergi brotinn. Honum er gefið að sök að hafa í október á síðasta ári ráðist með ofbeldi á þáverandi sambýliskonu sína, slegið hana hnefahöggi í andlitið þar sem hún lá í rúmi í svefnherbergi íbúðarinnar, tekið hana upp, hent henni í gólfið og slegið hana í hnakkann. Hann hélt áfram að veitast að konunni inni á baðherbergi íbúðarinnar vopnaður eldhúshníf sem hann renndi eftir baki hennar, kastaði henni því næst í gólfið og sparkaði nokkrum sinnum í bak hennar. Þá greip ofbeldismaðurinn í handleggi hennar og steig ofan á hana. Konan hlaut margvíslega áverka, þar á meðal skurð á mjóbakið.

Þá er maðurinn ákærður fyrir ölvunarakstur, sem endaði á ljósastaur.

Loks kýldi hann lögreglumann á stöð í andlitið og reyndi að skalla annan lögreglumann.

Fyrrum sambýliskonan krefur árásarmanninn um 1,2 milljónir króna í skaðabætur. **- jss**

Greinargerð ASÍ:

Þarf varanlega hagræðingu

VINNUMARKAÐUR **Alþýðusambandið telur að ná þurfi sem víðtækastri sátt um nauðsynlegar aðgerðir með því að virkja starfsfólk og þá sem njóta þjónustunnar við ákvarðanir um hvernig dregið verði úr þjónustu hjá hinu opinbera. Þetta kemur fram í greinargerð hagdeildar um fjármál hins opinbera.**

Mikilvægt er „að menn séu óhræddir við að gera róttækar breytingar á skipulagi stofnana og verkefna. Skoða þarf rekstur ríkissjóðs frá grunni og leita allra leiða til að ná fram hagræðingu“, segir í greinargerðinni. Hyggja þurfi að varanlegri hagræðingu í rekstri og gæta ráðdeildar á öllum sviðum. Greinargerðin verður lögð fram á aukaársfundi ASÍ í dag. **- ghs**

Norður-Kórea:

Blaðamenn í yfirheyrslu

NORÐUR-KÓREA Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa flutt bandaríska blaðamenn til yfirheyrslu í höfuðborginni Pyongyang. Búist er við að þrýstingur verði á blaðamennina að viðurkenna njósnir, að sögn sænska dagblaðsins Dagens Nyheter.

Blaðamennirnir vinna fyrir netmiðilinn Current TV í Bandaríkjunum. Þeir voru handteknir eftir að hafa gengið yfir ísilagða Tumen, frá Kína til N-Kóreu, að sögn fjölmiðla í Suður-Kóreu. **- ghs**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tvær líkamsárásir kærðar

Tvær líkamsárásir voru kærðar eftir skemmtanahald helgarinnar í Vestmannaeyjum. Ráðist var á dyravörð í Höllinni og sparkað í höfuð hans. Hann er ekki alvarlega slasaður. Þá var maður sleginn í andlitið þannig að hann fékk glóðarauga.

Samfylkingin

Vinna og velferð

Landsfundur Samfylkingarinnar 27.–29. mars 2009

Það eru allir velkomnir á landsfund Samfylkingarinnar í Smáranum í Kópavogi um helgina. Vinnum saman og leggjum grunn að góðum árangri í vor!

Taktu alla fjölskylduna með!

Boðið verður upp á skemmtilega barnagæslu í Smáraskóla laugardag og sunnudag fyrir 3–9 ára.

Föstudagur, 27. mars

16:00	Setning landsfundar: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar Tónlist og ávörp
18:00	Ályktanir og tillögur lagðar fram – umræður
20:00–22:00	Málefnanefndir starfa

Laugardagur, 28. mars

9:00	Skýrslur úr flokksstarfi
9:45	Kynning frambjóðenda til formanns og varaformanns
10:00–12:00	Málefnanefndir starfa
11:00–12:30	Kosning formanns
13:00	*Höldum unga fólkinu í landinu* – áherslur Ungra jafnaðarmanna
13:30	Páll Skúlason – *Hvers konar samfélag viljum við?*
14:00	Samræður á sviði
14:00–15:30	Kosning varaformanns
15:30	Gestir ávarpa fundinn
16:00	Málstofur: • *Staða efnahagsmála – leiðir til lausna* • *Lærdómar af hruninu* • *Velferð á tímum samdráttar*
17:30	Kjöri formanns og varaformanns lýst
19:30	Landsfundarfagnaður í Smáranum

Sunnudagur, 29. mars

10:00	Niðurstöður málefnanefnda afgreiddar
10:00–14:00	Kosningar í embætti, stjórnir og ráð
13:30	Lagabreytingar, ályktanir og önnur mál
14:15	Stjórnmálaályktun afgreidd
15:00	Nýir frambjóðendur
15:30	Lokaathöfn: Hvatningarverðlaun, tónlist, stefnuræða formanns

Aðrir viðburðir í tengslum við landsfundinn

- Ársþing Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar á Hótel Loftleiðum kl. 17:00 fimmtudaginn 26. mars
- Aðalfundur 60+ kl. 14:00 föstudaginn 27. mars í Smáranum, 2. hæð
- Aðalfundur Sveitarstjórnarráðs Samfylkingarinnar í Smáraskóla kl. 14:00 föstudaginn 27. mars

Útgjöldin
> Meðalkílóverð á rúsínum í nóvember hvers árs.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: HÁLFDÁN ÁGÚSTSSON, VEÐURFRÉTTAMAÐUR HJÁ SJÓNVARPINU

Fínn bíll þar til hann bilaði



„Verstu kaup er líklega Kia-bíllinn minn," segir Hálfdán, en bíllinn stendur núna númerslaus á bílaplani. „Til að byrja með var bíllinn reyndar mjög góður, alveg þangað til hann byrjaði að bila. Þannig að það má eiginlega segja að verstu kaupin hafi kannski ekki verið bíllinn," segir Hálfdan eftir nokkrar vangaveltur, „heldur viðgerðirnar á bílnum." Hálfdán segist þó ekki vera vanur að kaupa hluti án umhugsunar. „Yfirleitt tek ég ekki skyndiákvarðanir þegar ég kaupi eitthvað, sérstaklega ekki stærri hluti."

„Íbúðin sem ég og unnusta mín keyptum í september í fyrra eru bestu kaup sem ég hef gert." Hálfdán segir frá því að þau séu mjög ánægð með að hafa keypt hana á þessum tíma. „Þetta er okkar fyrsta íbúð. Þó að íbúðaverð á þessum tíma hafi verið frekar hátt þá vorum við heppin, því við eyddum okkar sparifé í hana sem annars hefði farið í bankahrunið mánuði seinna. Hálfdán er veðurfréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu, doktorsnemi og björgunarsveitarmaður.

GÓÐ HÚSRÁÐ
SKEYTIR FLÍKUM SAMAN

■ *Estrid Þorvaldsdóttir, jógakennari og listfræðinemi, sér möguleika í gömlum fötum*

„Ég hef heyrt að fólk notar yfirleitt ekki nema um það bil 20 prósent af fötunum í fataskápum sínum. Mér finnst gaman að taka fötin mín og skoða þau í nýju ljósi," segir Estrid.
Þegar Estrid skoðar gömlu fötin sín sér hún oft mikla möguleika í þeim og skeytir hún oft flíkum saman í eina. „Ég á til dæmis kjól sem var einu sinni þrír bolir," segir hún. „Þetta er bæði ódýrt og svo finnst mér svo gaman að vera í einhverju sem ég hef sjálf hannað."

Endurvinnslan kortlögð

Endurvinnsla lætur okkur líða skár yfir eigin neyslusyndum. En góður hugur og vilji er stundum bugaður af vonlausri leit okkar að endurvinnslugámum.

Flestum þykir súrt í broti að eyða dýrum bensínlítrum með tilheyrandi mengun til þess að koma ruslinu í endurvinnslu. Margir freistast til að henda öllu draslinu út í svörtu tunnuna fyrir framan húsið. En nú er komin þægileg einföld leið til að finna næsta gám, Endurvinnslukortið sem er á vefsíðunni nattura.is „Oft kemst fólk að því sér til mikillar furðu að það eru endurvinnslugámar í næstu götu," segir Guðrún Arndís Tryggvadóttir, frumkvöðull vefsíðunnar nattura.is. „Endurvinnslukortið sýnir hvar næstu endurvinnslugáma eða -stöð er að finna. Þetta þvælist ótrúlega fyrir fólki sem fyrir vikið nennir ekki að standa í endurvinnslu."

Endurvinnslukortið er sett upp á einfaldan og myndrænan hátt enda er Guðrún myndlistarmaður. Til að staðsetja grenndargáma og aðra móttökustaði fyrir endurvinnanlegt sorp er smellt á heimilisfang í viðeigandi póstnúmeri. Til að sjá hvaða rusli og eiturefnum hver stöð tekur á móti er tölvumúsinni rennt yfir gámatáknin og merkin. „Þetta er þjónusta sem vantaði sárlega. Við erum búin að kortleggja endurvinnslugáma á öllum stærri stöðum landsins og stefnum að því að kortleggja allt landið."

Guðrún bjó í mörg ár í Þýskalandi. „Þar flokka allir rusl án þess að velta því neitt fyrir sér. Í einn poka fer allt plast og í annan lífrænn úrgangur. Pokarnir eru settir út á götu og þeir sóttir. Þegar ég kom heim var endurvinnsla á frumstæðu stigi hér á landi. Stjórnvöld höfðu nánast bara skrifað skýrslur um umhverfismál! Ekki voru líkur til að fólk læsi skýrslurnar og tæki upp nýjan lífsstíl. Mér fannst þetta því hreinlega koma mér við og þess vegna hófst ég handa." Þar með er Guðrún rokin á fund með endurvinnslufyrirtæki.

- she

FRUMKVÖÐULL OG MYNDLISTARMAÐUR Guðrún Arndís Tryggvadóttir einfaldar okkur leitina að endurvinnslugámum með endurvinnslukortinu. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Food & Fun

Framlengjum Food and fun á Grand Hótel 26.-29. mars



Matseðill

Bleikja
Kryddjurtahjúpuð m/Austurlensku Perumauki, Fennel, Marineraðri Selleríýrót og Kavíar sósu

Naut
Hægelduð Rifjasteik í Pinot Noir rauðvíni m/Gulrótarkremi, Rósakáli og Eplareyktu Bacon

Humar
Smjörsteiktur m/ Blaðlauksrjóma og Skelfisk "fóndú"

Tart
Hunangsgljáð m/ Sítrónu, Aprikósu og Granóla

Verð kr. 6.400,-

Besti fiskrétturinn!
Stephen Lewandowski
vinningshafi á Food & fun
fyrir besta fiskréttinn

Gestakokkurinn Stephen Lewandowski er margverðlaunaður yfirmatreiðslumeistari á Tripeca Grill á Manhattan sem er í eigu Robert De Niro

Sértilboð á gistingu aðeins kr. 5.500,- á mann í tveggja manna herbergi með morgunverði - Bókanir í síma 514-8000 eða á veitingar@grand.is

Neytendur: Ertu að fá það sem þú borgar fyrir?

Ekki borga fyrir nethraða sem þú færð ekki

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Ekki er allt sem sýnist. Kristínu langar að benda á eitt atriði í sambandi við nettengingar. „Í dag gefst kostur á að borga mismunandi verð fyrir mismunandi tengingar," skrifar hún. „Hraðasta tengingin er 12 mb og ég borgaði fyrir þann hraða. Ég mældi hraðann og náði mest 1 mb tengingu. Þegar ég hringdi í Vodafone var mér sagt að línurnar væru lélegar, gamalt hús og fleira í þeim dúr. Mér var hins vegar ekki bent á neitt af þessu þegar ég uppfærði úr 5 mb tengingu í 12 mb. Ég borgaði sem sagt nokkur þúsund á mánuði fyrir tengingu sem gagnaðast mér ekki neitt.

Heima hjá foreldrum mínum var netið alltaf mjög hægt og þau uppfærðu í 12 mb tengingu og borga held ég 8 þúsund á mánuði. Þegar ég mældi hraðann þar er hraðinn 200 kb og þegar ég hringdi fékk ég aftur fyrirlesturinn um gömul hús. Foreldrar mínar höfðu ekki fengið neinar upplýsingar um þetta þegar þau uppfærðu í 12 mb tengingu. Eins mb-tenging hefði gagnast þeim nákvæmlega jafn vel en þau eru búin að vera borga auka fimm þúsund kall á mánuði í heilt ár fyrir nákvæmlega ekki neitt."

Tilboð símafyrirtækjanna hljómar yfirleitt upp á nethraða sem er „allt að" þessi eða hinn hraðinn. Sá nethraði næst hins vegar bara við kjöraðstæður. Lélegar símalínur og lélegar heimilistölvur geta komið í veg fyrir að nethraðinn nýtist í botn.

Á netinu má mæla nethraða tölvunnar þinnar, til dæmis á hradi.simnet.is. Þar geturðu séð hvort þú ert í raun að fá það sem þú borgar fyrir.

Varað við fæðubótarefni:

Alvarlegar lifrarskemmdir

HEILBRIGÐISMÁL Breska lyfjastofnunin hefur bæst í hóp þeirra sem vara við fæðubótarefninu Fortodol sem hefur verið til sölu í verslunum á Netinu.

Lyfjastofnun og Matvælastofnun hafa þegar varað við þessu efni. Það inniheldur nimesulide sem er mjög virkt bólgueyðandi lyf sem getur valdið alvarlegum lifrarskemmdum.

Sænska lyfjastofnunin er nú að rannsaka ellefu tilfelli um lifrarskemmdir sem grunur leikur á að tengist þessari vöru. Önnur fimm tilvik hafa verið tilkynnt í Noregi þar af eitt dauðsfall. **- jss**

MATARKARFAN .IS Var stofnaður til að halda utanum tilboð.

Matarkarfan.is:

Öll tilboðin á sama staðnum

Matarkarfan.is er hlutlaus vefsíða sem stofnuð var til að halda utan um þau tilboð sem koma frá matavöruverslunum hér á landi. „Við setjum tilboðin á vefinn eins og þau birtast okkur, sem auðveldar fólki að sjá hvaða tilboð eru í gildi," segir Katrín Jónsdóttir, vefstýra matarkörfunnar, sem er ánægð með viðtökurnar. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð, það voru til dæmis 230.000 flettingar fyrsta mánuðinn. Á síðustu þrem vikum hafa hátt í 2.000 einstaklingar skráð sig á póstlistann okkar." Katrín telur það sýna hversu mikil þörf hefur verið á vefsíðu sem gerir aðgengi almennings að tilboðum verslana betra.

Ábyrgðarmannakerfi afnumið:

Kaupþing fyrst til breytinga

EFNAHAGSMÁL Viðskiptavinir Kaupþings þurfa héðan í frá ekki að fá þriðja aðila til að skrifa upp á lán þeirra, og gangast þannig í ábyrgðir fyrir þeim.

Kaupþing er eini íslenski bankinn sem hefur afnumið þetta kerfi og segir í tilkynningu frá því að þetta lágmarki meðal annars áhættuna á því að greiðsluerfiðleikar einstaklinga smiti út frá sér í nærsamfélagið.

Einnig að reynsla bankans af innheimtu til ábyrgðarmanna hafi verið slæm og skapað bankanum óþarfa óvild.

Breytingin tekur þegar gildi, en er ekki afturvirk. **- kóþ**

Baðvog

Bomann cb1400
5789943

999KR

Vínáhaldasett

5 stk, stál.
2000097

999KR

Vinnuhanskar 2 pör

sama stærð

Ninja með gúmmígripi.
5866370-3

2 PÖR
999KR

Reykskynjari

Optískur
5877477

999KR

Skálar og föt ýmsar gerðir

Anytime
2001902/2009497
2009501-04/514-517

999KR/STK

Hitabrúsi

0.75 ltr.
2006153

999KR

Ladylakk

Akrýl 0.45 ltr. Þekjandi lakk á glugga, hurðir og innréttingar. Blöndum alla liti
7118108

999KR

Tangarsett

3 stk.
5052749

999KR

Penslasett

3 stk.
7006084

999KR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

999 KR DAGAR

Í Húsasmiðjunni um land allt

fimmtudag til sunnudags meðan birgðir endast

Verkfærataska

12.5"
5024797

999KR

Litlar páskaliljur
(tet a tet)

3stk. potthlíf fylgir ekki með
10323020

3 STK
999KR

blómaval

Skrúfjárnasett

7 stk.
5010133

999KR

Túlipanar 15 stk

15 STK
999KR

blómaval

Reiðhjólahjálmur

Barna, bleikur/ blár
5872063/65

999KR

verð frá
199kr/m

Pallurinn klár!

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN.

Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.

Pallaefni gagnvarin fura

21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m — **199** kr/m
621600

28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m — **259** kr/m
628601

EINAR SVEINSSON
REKSTRARSTJÓRI SÖLU OG ÞJÓNUSTU

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Það á enginn neitt í pólitík

Kristján Þór Júlíusson alþingismaður sækist eftir formennsku í Sjálfstæðisflokknum. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segir Kristján að flokkurinn þurfi að endurnýja erindi sitt og endurheimta traust kjósenda. Hann segir nýja siði fylgja nýjum herrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TILBÚINN TIL FORYSTUSTARFA Kristján Þór Júlíusson telur Sjálfstæðisflokkinn eiga ágæta möguleika í kosningunum í apríl og útilokar ekki samstarf við neinn að þeim loknum.

Hvers vegna viltu verða formaður Sjálfstæðisflokksins og hvers vegna ættu flokksmenn að kjósa þig?

„Ég gef kost á mér í þetta starf vegna þess að ég tel Sjálfstæðisflokkinn standa á ákveðnum tímamótum og því nauðsynlegt að endurnýja erindi sjálfstæðisstefnunnar við þjóðina. Ég álít þetta einfaldlega vegna þess að við höfum tapað trúnaðartrausti kjósenda. Það held ég að sé óumdeilt. Okkur mun best farnast við að endurvinna traustið og erindið með því að hafa forystusveit flokksins með sem breiðasta skírskotun til hins almenna manns í þjóðfélaginu.

Ég tel mig brúa ágætlega hin ólíku sjónarmið og viðhorf sem í flokknum eru í ljósi uppruna míns og þeirrar þekkingar og reynslu sem ég hef aflað mér í sveitarstjórnum og atvinnulífi á síðustu 25 árum. Ég held að það hafi sést á störfum mínum að ég reyni að standa undir þeirri ábyrgð sem mér er falin. Ég vil láta dæma verk mín og legg þau nú í dóm landsfundar. Framboð mitt er boð til fundarins um að nýta það sem í mér býr. Það á enginn neitt í pólitík og formennska eða ábyrgðarstarf í stjórnmálaflokki er þar af leiðandi ekki frátekið fyrir einn né neinn.“

Þú tilkynntir um framboð þitt innan við viku fyrir landsfund. Hvers vegna svo seint?

„Þetta er mikil ákvörðun sem kallar á að maður geri mjög alvarlega upp við sig hvort maður vilji leggja í þá ferð. Þá ákvörðun þurfti ég fyrst að gera upp við sjálfan mig og fjölskylduna. Svo þurfti að kanna stuðning og hvort möguleikarnir væru raunhæfir og enn fremur að fara í gegnum hvernig ég vildi vinna þetta.

Allt þetta þurfti ég að leggja saman áður en ég tók endanlega ákvörðun og mér er engin launung á því að eftir því sem ég athugaði þetta betur fékk ég meiri hljómgrunn fyrir þeim sjónarmiðum mínum að breyta þurfi áherslum flokksins og að ég sameinaði ágætlega þær væntingar sem menn bæru til þess starfs. Ég hef svo, eftir því sem liðið hefur á vikuna, styrkst í trúnni á að ákvörðun mín hafi verið rétt. Flokksmenn vilja eiga þess kost að fá að velja um hvaða sjónarmið og viðhorf eigi að setja í öndvegs.“

Villtist Sjálfstæðisflokkurinn af leið?

„Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekkert fremur en aðrir flokkar, stofnanir og þjóðfélagið allt villst af leið. Ég held hins vegar að við höfum gleymt okkur sem þjóðfélag og byggt upp væntingar langt umfram það sem 300 þúsund manna þjóð átti raunhæfa möguleika á að fullnusta. Þetta smitaði eðlilega út frá sér um allt þjóðfélagið; inn í stjórnmálaflokkana, inn í fyrirtækin og svo framvegis. Og mér finnst lýsandi dæmi um þessi viðhorf og háttalag þegar við Íslendingar vorum búnir að flytja inn á einu ári fleiri Range Rovera heldur en voru fluttir inn samanlagt til hinna Norðurlandanna. Þetta segir mikið um hugsunarhátt okkar, í hvaða gír þjóðfélagið var komið. Bilið á milli þeirra sem gátu eða töldu sig geta unnið með þessum hætti og hinna sem voru í þessu daglega basli var orðið yfirþyrmandi, langt umfram það sem Íslendingar sætta sig við. Um það geta allir verið sammála.“

Hver var þáttur stjórnmálanna og einkanlega Sjálfstæðisflokksins í hruni fjármálakerfisins?

„Sjálfstæðisflokkurinn ber að sjálfsögðu mikla ábyrgð á þessari stöðu, það er óhjákvæmilegt annað en að viðurkenna það. Við höfum verið í stjórnarforystu í hátt í átján ár og berum ábyrgð sem slík á stöðu mála. En ég er líka stoltur af mörgu í þessari stjórnarforystu, því hvort sem mönnum líkar betur eða verr að heyra það þá ganga árin misjafnlega hjá þjóðinni og hafa gert í gegnum aldirnar. Við erum vanir því Íslendingar að stundum þrengir að og stundum gengur gríðarlega vel. Allir sem vilja taka þátt í stjórn landsins hljóta því á hverjum tíma að vilja búa þjóðina sem best undir það að mæta þeim áföllum sem eiga eftir að dynja á henni.

Ég er jafn sannfærður um það að eins og þessi sveifla á afkomunni er reglubundin þá eigum við eftir að vinna okkur út úr þessu áfalli sem við stöndum í efnahagslega. Það er að segja; við erum mjög vel í stakk búin sem þjóð að takast á við áfall af þessu tagi sem var óhjákvæmilegt að kæmi einhvern tíma, þó það sem við stöndum frammi fyrir sé auðvitað mun erfiðara en við áttum von á. Ég bendi á það atriði eitt þessu til stuðnings að þegar flokkurinn komst til áhrifa 1991 voru 20 þúsund Íslendingar í framhalds- eða háskóla. Núna eru þeir 45 þúsund. Af því leiðir að menntun, þekking, hæfni og áræðni fólksins í landinu til að takast á við þetta er allt annað heldur en var fyrir örfáum árum. Ég segi því að á sama tíma og Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á því áfalli sem varð, ber hann líka ábyrgð á að hafa búið þjóðina undir að taka slíkum skelli og vinna sig út úr honum. Og það er gott.“

Hvernig ber svo að standa að endurreisn efnahagslífsins?

„Ég ætla að játa fyrst af öllu að mér þykir mjög miður þegar ég heyri á þessum tíma yfirlýsingar og jafnvel samþykktir frá öðrum stjórnmálaflokkum um að þeir vilji ekki samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Hvurs lags ábyrgð er fólgin í því? Ástandið er með þeim hætti að það kallar á að þjóðin öll standi saman um að vinna sig út úr vandanum og við þau verk hafna ég ekki neinum kosti fyrirfram. Það þarf samstarf á vettvangi stjórnmálanna og aðkomu annarra, til dæmis aðila vinnumarkaðarins og allra sem vilja leggja þessu gott lið.

En svo að við getum unnið okkur í gegnum þetta þurfum við allar þær upplýsingar sem völ er á. Til dæmis um áform minnihlutastjórnarinnar um fjárlagagerð næsta árs og áform hennar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hvernig samkomulaginu við sjóðinn verður fylgt. Við höfum kallað eftir upplýsingum um þetta en ekki fengið.“

En hvað með verkefni á borð við atvinnumál og stöðu bankanna?

„Við eigum að reyna að veita brautargengi öllu því sem lýtur að og snertir framleiðslu í þjóðfélaginu. Grunnatriði í því er að fjármálakerfið fari að virka en það gerir það ekki enn með þeim hætti að það geti ýtt undir fjárfestingar eða tryggt rekstur fyrirtækja. Við heyrum að allur atvinnurekstur líður fyrir það. Stóra málið er því að koma fjármálalífi landsins í það horf að atvinnulífið geti farið að ganga og það gerist ekki á meðan hér er allt í klakaböndum ríkiseignar og óvissu.

Það eru uppi áform hjá ríkisstjórninni um eignaumsýslufélag. Það er út af fyrir sig gott að ríkisbankarnir gomsi þetta ekki allt í sig en um leið verðum við að tryggja að fyrirtækjum sem þar færu inn verði komið sem fyrst í rekstur annarra en ríkisins.

Það er líka grundvallaratriði að ná samstarfi við erlenda kröfuhafa varðandi skuldir bankanna. Við þurfum á því að halda að fá aðgengi að erlendu lánsfé og einnig erlenda fjárfestingu í landið, til dæmis varðandi virkjanir og orkufreka stóriðju. En ég vil líka segja að það er ekki eins og hér sé bara dauði og djöfull. Níutíu prósent þjóðarinnar hafa enn atvinnu og hér spretta upp vaxtarsprotar sem veita von um áframhaldandi uppbyggingu. Ég nefni aflþynnuverksmiðjuna á Akureyri sem tekur til starfa á þessu ári, ég nefni ýmsa vaxtarsprota á sviði nýsköpunar sem eru úti um allt þjóðfélag en ekki fer mikið fyrir á degi hverjum. Úr bönkunum hefur komið mikill fjöldi hámenntaðra einstaklinga. Við þurfum að veita þeim svigrúm til uppbyggingar á nýjum vettvangi. Í þeim býr mikill auður sem ekki má fara forgörðum. Við megum ekki gleyma okkur í að tala okkur niður. Það er hins vegar þannig að atvinnulífinu verður ekki kippt í liðinn á forsendum stjórnmálanna. Við byggjum ekki upp atvinnutækifæri eða ný störf með sköttum annarra einstaklinga.“

Talandi um skatta, eru skattahækkanir ekki óumflýjanlegar?

„Það kann vel að vera, jú. En í stöðunni eins og hún er í dag tel ég mjög óráðið að hækka skatta. Það liggur ekkert á því. Fyrst skulum við átta okkur á hversu stórt áfallið er. Það hafa verið leiddar að því líkur að skuldsetning þjóðarbúsins sé ekki með þeim hætti sem menn óttuðust í mestu svartsýninni. Ég tel því óráð að gera plön um gríðarlega skattlagningu fólks með millitekjur. Hvað á það að þýða að vera að ræða um að hækka skatta á fólkið sem nú stendur í mesta baslinu við að halda húsnæðinu sínu, þegar það hefur orðið fyrir því að atvinnutekjur þess hafa skerst með til dæmis minni yfirvinnu eða skertu starfshlutfalli? Ég geri verulegar athugasemdir við þær hugmyndir sem Steingrímur J. Sigfússon hefur kynnt um hátekjuskatt. Að hann byrji við 500 þúsund krónur er út í hött.“

HEFUR GEGNT MARGVÍSLEGUM STÖRFUM

Kristján Þór fæddist á Dalvík 15. júlí 1957. Hann tók stúdentspróf við MA, skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík, nam íslensku og bókmenntir við HÍ og lauk kennsluréttindaprófi þaðan.

Kristján var stýrimaður og skipstjóri á skipum frá Dalvík og kenndi við Stýrimannaskólann á Dalvík og Dalvíkurskóla. Hann var bæjarstjóri Dalvíkur 1986-94, Ísafjarðar 1994-97 og Akureyrar 1998-2006.

Kristján hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja og stofnana, svo sem Útgerðarfélags Dalvíkinga, Sæplasts, Togaraútgerðar Ísafjarðar, Samherja, Lífeyrissjóðs Norðurlands, Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands og Landsvirkjunar. Hann situr í bæjarstjórn Akureyrar.

Kristján var kjörinn á Alþingi 2007 og situr í fjárlaganefnd og iðnaðarnefnd þingsins.

Gastegundir til málmiðnaðarins

STRANDMÖLLEN býður upp á allar lofttegundir til málmsuðu og málmskurðar:

- súrefni
- asetýlen
- argon
- argonböndur
- köfnunarefni
- kolsýru
- og margar fleiri

Enn fremur lofttegundir til matvælaiðnaðarins, lyfjalofttegund-ir til heilbrigðisgeirans, háhreinar lofttegundir og sérhæfðar loftblöndur til rannsóknarstofnanna og margra annarra notkun-arsviða.

STRANDMÖLLEN ehf hóf starfsemi sína á síðasta ári og er í dag stærsti söluaðili lyfjalofttegunda til heilbrigðisstofnanna á Íslandi.

STRANDMÖLLEN hafnar einokun, en stuðlar að samkeppni

Hafið samband og leitið tilboða

STRANDMØLLEN

Drangahrauni 1B - 220 Hafnarfirði - sími 580 3990
info@strandmollen.is - www.strandmollen.is

Hvaða skref viltu stíga í Evrópumálum og gjaldmiðilsmálum?

„Það er allt í lagi að ræða spurninguna um Evrópusambandsaðild sem framtíðarmál en í stöðunni í dag höfum við ekkert þangað að gera. Það er einfaldlega vegna þess að mér finnst meiru til fórnað heldur en fengið að óbreyttum kröfum og reglum Evrópusambandsins. Menn hafa haldið því fram að við getum fengið þessu breytt með einhverjum hætti og að hægt sé að leiða eitthvað fram í aðildarviðræðum. Það má vel vera. En ef við ætlum að taka svona stórar ákvarðanir um framtíðarhagsmuni þjóðarinnar þá eigum við að láta þjóðina sjálfa ákveða það. Til að það sé hægt þurfum við að hafa reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu og skilmála um hvernig sú atkvæðagreiðsla eigi að fara fram og skilgreina einnig vægi atkvæða og skilyrði kosningaþátttöku og svo framvegis. Allt er þetta órætt og hvernig svo sem menn líta á þetta mun þetta allt saman taka tíma. Bæði fyrir okkur og hugsanlega Evrópusambandið. Og vitaskuld verðum við að lesa í þau skilaboð sem Evrópusambandið sjálft er að senda. Fyrir örfáum dögum sögðu Þýskalandskanslari og Frakklandsforseti blákalt að það væri ekki á dagskránni að fjölga aðildarríkjum sambandsins. Og hvað þýðir þetta fyrir okkur? Þetta þýðir að aðildarumsókn frá Íslandi yrði ekki tekin alvarlega. Ég allavega geri ekki ráð fyrir því vegna þess að þessi ríki ráða ansi miklu þarna inni. Fyrir nú utan það að sambandið sjálft á í miklum og margvíslegum erfiðleikum sem meðal annars tengjast gjaldmiðlamálunum.

Í þeim efnum hafa menn, sérstaklega í atvinnulífinu, horft til þess að taka upp nýjan gjaldmiðil. Það er að margra mati, og flestra sennilega, óraunhæft að við tökum einhliða upp evru. Núverandi reglur heimila okkur ekki upptöku evrunnar nema með aðild en það er ekki hægt að útiloka að breytingar verði á því þegar fram í sækir. Við ættum ekki að útiloka neina kosti fyrirfram í þessum efnum því eins og við höfum séð þá geta veður skipast fljótt í lofti í fjármálaheiminum og það sem er ómögulegt í dag kann að vera mögulegt og æskilegt síðar.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum og eigum og munum nýta krónuna til þess að vinna okkur í gegnum þennan brimgarð sem við erum stödd í.

Við þau skilyrði sem nú eru getum við ekki tekið mjög ígrundaðar ákvarðanir til mjög langs tíma. Hins vegar tel ég að það geti vel skapast ákveðin tækifæri með gjaldmiðilinn okkar þegar færst hefur meiri ró yfir fjármálamarkaði veraldarinnar en þar er allt í uppnámi.

Menn ræða ekki bara gjaldmiðilsmál á litla Íslandi heldur líka í stóra Kína. Við skulum því bíða og sjá til, en vinna úr því sem við höfum og ég tel að við höfum fulla burði til þess Íslendingar að komast þokkalega vel af í samanburði við aðrar þjóðir.“

Þarf ekki Sjálfstæðisflokkurinn að hafa skýra stefnu í þessum málum í kosningabaráttunni?

„Jú, og ég vænti þess að við munum á landsfundinum leggja þær línur fyrir flokkinn. Þar munu ólík sjónarmið takast á um þessi mál.“

Harkalega?

„Ja, ég hef ekkert á móti því að menn takist harkalega á. Ég hef aldrei haft á móti því að menn segi skoðun sína umbúðalaust því að ólíkar skoðanir eru uppspretta annarra leiða og ágreiningur skapar oft eitthvað nýtt og gott. En ég vona að menn hafi skynsemi og metnað til að takast á af heilindum.“

Viltu hreyfa við verðtryggingunni?

„Ég er til í að skoða alla skapaða hluti sem létta skuldurum lífið á þessum stundum. En við verðum líka að hugsa um þá sem eiga sparifé. Og í því sambandi hugsa ég fyrst og fremst um lífeyrissjóðina. Þó svo mörgum finnist lífeyrissjóðir og sumir stjórnendur þeirra hafa farið illa að ráði sínu megum við ekki gleyma því að sjóðirnir sjálfir eru eign Íslendinga. Þarna er sparnaður og í mörgum tilvikum ævisparnaður fólks sem er verðtryggður og við verðum að tryggja að umræða um að leggja af verðtryggingu taki ekki til þeirra ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar. Það má ekki setja sparnað fólks í hættu. Ég er fús að ræða hvort og þá hvernig við getum komið okkur út úr þessu kerfi en ef það verður lagt af get ég ekki séð hvernig því verður komið við gagnvart eldri skuldbindingum. Mikilvægast er á hinn bóginn að lækka vexti.“

Sjálfstæðisflokkurinn er í stjórnarandstöðu og það er ríkur vilji innan núverandi stjórnarflokka, sem njóta mikils fylgis í skoðanakönnunum, til áframhaldandi samstarfs. Hverja meturðu möguleika Sjálfstæðisflokksins í kosningunum og eftir þær?

„Ég held að við eigum ágæta möguleika á að halda vopnum okkar í þessari kosningabaráttu. Ég hef fulla trú á því vegna þess að ég finn það. Það er alveg ljóst að þessi stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar telur sig eiga eftir að gera allt sem hún ætlaði að gera við stjórnarskiptin og það er ekki skrítið að forystumenn þessara tveggja stjórnarafla vilji reyna að standa við þau loforð sem þeir gáfu fólki þegar stjórnin var mynduð.

Ég geri hins vegar athugasemdir við að almenningur í landinu leyfi þessu fólki að halda áfram að reyna að efna loforðin. Ég bendi bara á að Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon eiga að baki einhverja lengstu þingsetu á Alþingi. Þau hafa setið þar og talað í meira en 50 ár samanlagt og ættu að hafa haft tíma til að vera klár með það sem þau ætluðu að gera þegar þau kæmust í það sæti að stýra málum þjóðarinnar.

Hver er árangurinn af þessu? Á þessum næstum áttatíu dögum hafa þau ekki komið fram með neinar nýjar hugmyndir varðandi stöðu heimila og fyrirtækja.

Ég held því að Sjálfstæðisflokkurinn eigi ágætis möguleika þegar okkur hefur tekist að endurvinna traust kjósenda.“

En það virðist ekki mikill vilji hjá öðrum flokkum til samstarfs við ykkur.

„Nei, ég sé að það er lítill vilji til þess. En ég tel það ábyrgðarlaust miðað við þau verkefni sem við glímum við að útiloka fyrirfram eitthvert stjórnarmynstur.“

Væri það ekki hollt, bæði þjóðinni og Sjálfstæðisflokknum, að hann stæði utan ríkisstjórnar næsta kjörtímabil?

„Það kann vel að vera hollt bæði þjóðinni og Sjálfstæðisflokknum að hann sé utan stjórnar. Hið sama á þá við um aðra flokka. En þetta snýst bara ekki í mínum huga um hvort flokkur eigi að vera þarna megin eða hinum megin. Þetta snýst um málefni og hvernig menn ætla að vinna sig í gegnum vandann. Hvaða lausnir flokkar bjóða og hversu líklegir einstaklingar í þeirra forystu eru til að ná árangri. Þjóðin á að taka afstöðu til hugmyndanna sem bornar eru fram og til þeirra einstaklinga sem eru tilbúnir til verka. Ekki til þess hvað flokkurinn heitir.

Það er að verða gríðarleg endurnýjun í forystusveit Sjálfstæðisflokksins. Nýtt fólk með ný viðhorf, nýja hugsun og aðra sögu er að taka við. Ætla menn að segja að þessir einstaklingar muni vinna með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár? Ég segi nei. En ég fullyrði hins vegar að þeir sem stóðu vaktina í hinum flokkunum, í Samfylkingunni og sérstaklega Vinstri grænum, endurnýja ekki nokkurn skapaðan hlut. Þar er boðið upp á sömu pakkalausnirnar og síðastliðna áratugi.“

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 60 **Velta:** 288 milljónir

OMX ÍSLAND 15
214 **-0,12%**

OMX ÍSLAND 6
634 **-0,60%**

MESTA HÆKKUN

MAREL	+7,41%
CENTURY AL.	+1,24%
FØROYA BANKI	+0,42%

MESTA LÆKKUN

SLÁTURFÉLAG SL.	-23,08%
ÖSSUR	-8,15%
ATLANTIC PET.	-1,89%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 260,00 +0,00% ... Bakkavör 1,40 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,42% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 48,55 +7,41% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 89,00 +8,15%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Icelandair flýgur beint til Seattle

„Við höfum aldrei verið með betur greinda flugleið," segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, en félagið hefur tekið yfir beina áætlanaflugleið skandinavíska flugfélagsins SAS héðan til Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna. Byrjað verður að fljúga fjórum sinnum vestur um haf í júlí.

Fjórar vikur eru síðan SAS tilkynnti að félagið hygðist hætta ferðum sínum vestur og hóf Icelandair samstundis að skoða kostinn. „Þetta tók mjög stuttan tíma," segir Birkir og áréttar að lengi hafi verið horft til leiðarinnar og því allt sett á fullt þegar hún stóð til boða.

Flugfélagið sér mikil tækifæri í ferðum til Seattle, en Birkir er sannfærður um að það skili auknum gjaldeyristekjum og fjölgun starfa. Reiknað er með að fljúga með sextíu þúsund farþega á ári hverju en áætlað er að ferðalagið styttist um þrjár til fjórar klukkustundir með Boeing-þotum Icelandair en breiðþotum SAS.

Gert er ráð fyrir að um 93 prósent farþega á leiðinni verði útlendingar en þrjú prósent Íslendingar.

- jab

FLUGLEIÐIN KYNNT Birkir Hólm Guðnason sagði, á starfsmannafundi í gær, gleðiefni að geta fært góðar fréttir eftir mikið aðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skoða tvíhliða skráningu

Marel Food Systems ætlar að skoða tvíhliða skráningu í Hollandi eða á hinum Norðurlöndunum til viðbótar við skráningu hér.

IFS Greining segir í mati á Marel í gær ágætt kauptækifæri í bréfum Marel fyrir langtímafjárfesta. Hins vegar hafi núverandi hindranir um skráningu hlutabréfa í erlenda mynt komið fyrirtækinu illa. Gengið stóð í 77,8 krónum á hlut um áramót en hefur lækkað um 40 prósent síðan þá. IFS spáir að markgengi bréfa Marel verði 54 krónur á hlut, sem er um ellefu prósentum yfir gengi gærdagsins

- jab

Stjórnendur Össurar selja eign sína

Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, og stjórnendur hafa selt meirihluta eignar sinnar í fyrirtækinu fyrir rétt rúma tvo milljarða króna. Kaupandi er danska félagið William Demant, stærsti hluthafi Össurar.

JÓN SIGURÐSSON

Jón hefur verið þriðji stærsti hluthafi Össurar í gegnum eignarhaldsfélagið Vik Investment Holding frá 2005 þegar hann festi sér 6,4 prósenta hlut við sölu sænska félagsins Industrivarden á tæpum fjórðungshlut í Össuri. Eftir viðskiptin þá átti William Demant 36,9 prósent í félaginu og Eyrir Invest 14,6 prósent. Fyrir viðskiptin nú átti Jón 5,78 prósent. Hlutur hans nemur nú 1,77 prósentum.

Aðrir stjórnendur hófu kaup á hlutum sínum við skráningu félagsins á markað hjá Verðbréfaþingi Íslands fyrir áratug.

Líkt og fram kemur í tilkynningu frá Össuri voru bréf Jóns fjármögnuð að hluta með erlendum lánum og er salan nú uppgjör á þeim skuldum.

„Við sjáum verulega eftir þessum hlut okkar í félaginu en verðum að sætta okkur við að hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að halda hlutabréfunum," segir Jón í tilkynningunni.

- jab

Ávísun á einhæft atvinnulíf

Kostirnir fyrir íslenskt efnahagslíf eru að nota krónuna í lokuðu hagkerfi eða stefna að evru, sagði Hörður Arnarson á fundi Viðskiptaráðs í gærmorgun.

„Grundvallaratriðið er að það eru bara tvær leiðir færar. Annars vegar að nota krónuna, með tilheyrandi afleiðingum af gjaldeyrishöftum og lokuðu hagkerfi eða sækja um aðild að Evrópusambandinu og stefna á upptöku evru," segir Hörður Arnarson, fyrrverandi forstjóri Marels. Hörður var einn af framsögumönnum á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í gær.

„Stjórnmálamenn verða að taka afstöðu til þessara valkosta. Það að taka ekki afstöðu er stuðningur við að nota íslensku krónuna í lokuðu hagkerfi til langs tíma. Það er ávísun á einhæft atvinnulíf og lífskjör í samræmi við það." Hörður segir aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru ekki vera töfralausn. „Það tekur tíma en við verðum að skapa okkur framtíðarsýn.

Hörður sagði á fundi Viðskiptaráðs að vegna sterkrar stöðu krónunnar til ársins 2008 hafi alþjóðleg fyrirtæki hér á landi flutt virðisaukann út. Með gjaldeyrishöftunum nú, að engir möguleikar séu á gjaldeyrisvörnum og að íslensk fyrirtæki fái ekki lánafyrirgreiðslu erlendis séu aðstæður lítið betri.

„Iðnaður sem byggir á náttúruauðlindum mun alltaf halda áfram á Íslandi. En hin fyrirtækin, sem byggjast á mannauði, þau eru mun hreyfanlegri," segir Hörður. Hann fullyrðir að fyrirtæki eins og Marel, Össur, Actavis og CCP séu öll að íhuga stöðu sína.

- ss

Á FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hélt opnunarávarp á fundi Viðskiptaráðs og fastanefndar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það þarf ekki að vera dýrt að mála!

Í Múrbúðinni er mikið úrval af málningu og málningavörum

DEKAPRO 04
loftamálning 10L
4.990 kr.

DEKAPRO 10
innimálning 10L
5.795 kr.

BOSTIK Akrílkítti
395 kr.

MAKO plast-
yfirbreiðsla 20 m²
395 kr.

ÁLTRÖPPUR 4 þrep
4.995 kr.

DEKATAK
olíugrunnur 1 L
1.195 kr.

DALAPRO mediun
spartl 3 lítrar
1.795 kr.

DEKCRYL 7
innimálning 10L
4.590 kr.
LJÓSIR LITIR

Bakki og rúlla
995 kr.

Rúlla og skaft
695 kr.

Reykjavík, Kletthála 7
Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18
Opið mán.-fös. kl. 8-18.
Akureyri, Furuvellir 15
Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 10-13

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

MJÓLKA

22 - 28. mars

Mjólkudagar í Fjarðarkaupum

Sýrður rjómi 5%
122,kr.
ÁÐUR 152,kr.

Sýrður rjómi 10%
149,kr.
ÁÐUR 187,kr.

Sýrður rjómi 18%
159,kr.
ÁÐUR 199,kr.

Jó jógúrt 400ml
184,kr.
ÁÐUR 216,kr.

Jó jógúrt 150ml
63,kr.
ÁÐUR 79,kr.

Súrmjólk 500ml
149,kr.
ÁÐUR 167,kr.

Mozzarella 250g
348,kr.
ÁÐUR 419,kr.

Krydd feti 200g
276,kr.
ÁÐUR 324,kr.

Íslenskur feti 200g
276,kr.
ÁÐUR 324,kr.

þegar mikið stendur til

Skyrterta 600g
883,kr./stk.
ÁÐUR 1.048,kr./stk.

Rjómi 400ml
267,kr.
ÁÐUR 334,kr.

Rjómi 240ml
160,kr.
ÁÐUR 199,kr.

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

98

GOÐA KÆFA 150g **98 kr.**

1998

BÓNUS HANGIÁLEGG
1998 kr./kg

98

BÓNUS RÚGKJARNA OG SÓLKJARNABRAUÐ
SJÖ SNEIÐAR **98 kr.**

159

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 gr **159 kr.**

139

EUROSHOPPER TÚNFISKUR
185g **139 kr.**

129

ES HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 stk. **129 kr.**

195

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG **195 kr.**

198

ES BABY WIPES 72 stk. **198 kr.**

139

EUROSHOPPER BÓMULLARSKÍFUR 120 stk. **139 kr.**

129

BÓNUS
TÓMATSÓSA
460 gr **129 kr.**

49

ES BASMATI
HRÍSGRJÓN
400g **49 kr.**

3598

SANYO HLEÐSLUTÆKI
+4 rafhlöður **3598 kr.**
KOMA FULLHLAÐNAR OG HÆGT
AÐ ENDURHLAÐA ALLT AÐ 1000 SINNUM.

2598

SANYO HLEÐSLURAFHLÖÐUR
4 stk AA og AAA **2598 kr.**
HÆGT AÐ ENDURHLAÐA ALLT AÐ 1000 SINNUM

598

BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA
nú 750 ml **598 kr.**

129 129 129

EGILS KRISTALL SÓDAVATN
EGILS KRISTALL SÍTRÓNU
BÓNUS APPELSÍN 2 ltr **129 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1679

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
40% afsláttur 1679 kr./kg.

489

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
30% afsláttur 489 kr./kg.

1689

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 2598 KR./KG.
35% afsláttur 1689 kr./kg.

539

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG.
40% afsláttur 539 kr./kg.

419

HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
40% afsláttur 419 kr./kg.

1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2220 KR./KG.
30% afsláttur 1554 kr./kg.

598

FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT/SVÍN
598 kr./kg.

998

ÍSLANDSGRÍS HELGARSTEIK 998 kr./kg.

998

ÍSLANDSGRÍS BEIKON 998 kr./kg.

539

KS FROSIÐ SÚPUKJÖT 1.flokkur 539 kr./kg.

399

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
399 kr./kg.

1359

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.

399

KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.

769

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ & BEINLAUS 30% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. **769 kr./kg.**

598

NF SALTFISKBITAR
m/roði & beini 598 kr./kg.

399

KF KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 499 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
399 kr./kg.

VISA **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Leiðir út úr kreppunni:

Brýnu máli ýtt á hliðarspor?

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Sumum hættir kannski til að gleyma því í amstri kreppuhversdagsins, en Íslendingar búa nú við ónýtan þjóðargjaldmiðil. Gengi hans gagnvart stærri gjaldmiðlum er skráð allt annað í erlendum seðlabönkum en í Seðlabanka Íslands, jafnvel þó að nú sé nærri hálft ár liðið frá bankahruninu. Eina greiðslumiðlunargáttin við útlönd sem nú er opin liggur í gegn um Seðlabankann, þótt almenn viðskiptagreiðslumiðlun hafi hingað til hvergi talizt til verkefna sem seðlabanka sé ætlað að sinna.

Íslenska seðlabankagengið hefur á síðustu vikum haldist tiltölulega stöðugt, en það er aðeins fyrir tilstilli strangra hafta á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnsflutningum inn og út úr landinu. Með ákvörðun sinni um að halda þessum höftum í hálft ár til viðbótar að minnsta kosti staðfesti ný stjórn Seðlabankans að nyti þessara hafta ekki við myndi fjármagnsflótti og darraðardans öfgafullra gengissveiflna hefjast á ný. Það segir sig sjálft að samkeppnishæft atvinnulíf verður ekki byggt upp við slíkar aðstæður. Íslenzkt atvinnulíf getur heldur ekki búið við margfalda þensluvexti á tímum djúprar efnahagskreppu. Íslenzk heimili geta ekki búið við að skuldir þeirra margfaldist á verðtryggðu hávaxtabáli um leið og kaupmátturinn hríðfellur.

Þetta háa vaxtastig á krepputímum helgast af veikleika gjaldmiðilsins. Það eru ekki horfur á að úr þessu rætist fyrr en trúverðugur arftaki krónunnar og þeirrar peningamálastefnu sem hún stendur fyrir hefur verið fundinn. Eða að minnsta kosti ákvörðun tekin um stefnu sem miði að því að nálgast þann arftaka.

Á aukaársfundi ASÍ í gær talaði Gylfi Arnbjörnsson, forseti sambandsins, um að það vildi leggja sitt af mörkum til að stuðla að umræðu um ESB fyrir komandi kosningar. Að hans sögn er eina leiðin út úr höftunum aðild að Evrópusambandinu og evrunni. „Við höfum áhyggjur af því að þetta brýna mál sé enn einu sinni að lenda út á hliðarspori í pólitískri stöðu dagsins og ekki sé hægt að móta samningsmarkmið, fara í viðræðurnar og gefa þjóðinni færi á að tjá hug sinn heldur ætli menn að slá þessu á frest um fjölda ára," var haft eftir Gylfa í Fréttablaðinu í gær.

Á Viðskiptaþingi á dögunum komu fram álíka áköll frá framámönnum úr íslenzku atvinnulífi.

Á nýafstöðnu flokksþingi Vinstri grænna var látið eins og umræðan um það hvort ESB-umsókn væri tímabær væri ekki til. Flokksþingsfulltrúar töldu greinilega að það væri kosningapólitískt ekki taktískt fyrir flokkinn að setja þessa spurningu á dagskrá. Samt ályktuðu þeir um að vilja starfa áfram eftir kosningar í stjórn með Samfylkingunni, sem hefur ESB- og evruaðild afdráttarlaust á stefnuskránni. Er forysta Vinstri grænna með þessari þögn í raun að segja, að hún sé tilbúin til að starfa í ríkisstjórn sem stígur það sögulega skref að sækja um aðild Íslands að ESB? Eða er hún frekar að segja að hún vilji þvæla málið eins lengi og hún er í aðstöðu til að gera það, í nafni frasa á borð við „ESB er ekki lausn á núverandi bráðavanda þjóðarinnar". Alveg eins og forysta Sjálfstæðisflokksins, sem formaður VG lýsir sem öndverðum póli við eigin flokk, hefur gert hingað til?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Skíði og Tyrolastemming um páskana

Bjóðum gistingu með morgunmat, akstur í hina frábæru austfirsku alpa í Oddskarði þar sem verða tónlistarmenn frá Tyrol og margt fleira.
Verð aðeins 5500 kr. Á mann pr nótt
Kaffihúsið er Veitingastaður og gistiheimili í hjarta Eskifjarðar. Aðeins 7 mín akstur á skíðasvæðið. Um páskana verður fjölbreytt dagskrá í Fjarðabyggð,

Nánar á Oddsskard.is og Fjardabyggd.is Pantanir í síma 8921203 & 4771064

Kaffihúsið gestahouse

FRÁ DEGI TIL DAGS

Úrslitin ráðin

Eins og sagt var frá í fréttum í gær var Vigdísi Hauksdóttur gert að hætta í starfi hjá Alþýðusambandi Íslands eftir að hún þáði oddvitasæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður. Hún telur að verið sé að refsa sér fyrir pólitískar skoðanir sínar. Það segir Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, að sé af og frá: Það sé hins vegar ekki hægt að vera bæði þingmaður og starfsmaður ASÍ og þar sem Vigdís sé í „nokkuð öruggu þingsæti" hafi henni verið gert að hætta.

Spyrjið Gylfa bara

Framsóknarflokkurinn hlaut engan mann í Reykjavíkurkjördæmi suður í alþingiskosningunum 2007 en ljóst er að nú verður þar breyting á. Það segir Gylfi að minnsta kosti. Það er spurning hvort Gylfi gangi ekki bara alla leið og upplýsi hvernig atkvæði munu falla eftir mánuð og raði mönnum í sæti eftir því. Það myndi spara bæði tíma og fyrirhöfn.

Fyrst var það Innipúkinn

Bandaríska söngvaskáldið Jonathan Richman leikur í kosningamiðstöð Vinstri grænna á Tryggvagötu 2. apríl næstkomandi. Það er engin tilviljun; Richman er hér á vegum vinstrigræningjans Gríms Atlasonar. Richman flokkast til svokallaðra Íslandsvina og lék meðal annars í Iðnó á Innipúkanum 2005. Það er líklega með skírskotun til þess, sem og hinnar meintu ólundar sem VG er stundum álasað fyrir, að gárungarnir uppnefna fyrirhugaða tónleika á Tryggvagötu Fýlupúkann 2009.

bergsteinn@frettabladid.is

Framar á flestum sviðum?

Gylfi Magnússon, nú viðskiptaráðherra, flutti eftirminnilega ræðu á Austurvelli laugardaginn 17. janúar sl. Þar sagði hann meðal annars: „Sú hugmyndafræði sem kom okkur í núverandi stöðu er andlega gjaldþrota. Þeir sem fóru fyrir henni þurfa að víkja strax af sviðinu og láta öðrum eftir uppbygginguna. Hvort sem þeir eru í stjórnmálum, stjórnkerfinu, fyrirtækjarekstri, fara fyrir hagsmunasamtökum eða voru bara í klappliðinu. Fyrsta skrefið til fyrirgefningar er að þetta fólk rétti fram sáttahönd og axli ábyrgð með því að víkja. Því miður hefur lítið sést til þeirrar sáttahandar enn þá. Það glittir bara í löngutöng. Allt þetta fólk má auðvitað starfa að uppbyggingunni en það má ekki og getur ekki stjórnað henni. Þeir sem strönduðu þjóðarskútunni eiga ekki að stýra henni af strandstað. Þeir geta ekki hvatt landa sína til dáða. Það hefur enginn trú á þeirra lausnum. Þeir mega hins vegar leggjast á árarnar með öllum hinum. Á almennu farrými." Viku síðar sagði Magnús Björn Ólafsson blaðamaður undir lok ræðu sinnar á sama stað og vitnaði óbeint í Nietzsche: „Stund hinnar miklu fyrirlitningar er upp runnin!" Að loknum ræðuhöldum söng Þjóðkórinn ættjarðarlög á tröppum Alþingishússins. Taflinu var lokið. Tveim dögum síðar sagði ríkisstjórnin af sér.

Nokkrum dögum síðar tók ný ríkisstjórn við völdum og boðaði til alþingiskosninga. Nýja stjórnin hefur gengið að ýmsum helztu kröfum mótmælenda. Bankastjórn Seðlabankans var vikið frá með nýjum lögum um bankann og einnig stjórn og forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Enn sem komið er hefur enginn þeirra, sem bera þyngsta ábyrgð á bankahruninu, beðizt afsökunar, en ýmsir þeirra þurftu þó loksins að víkja fyrir nýju fólki. Stöldrum nú sem snöggvast við einn hóp: eigendur og stjórnendur stórfyrirtækja. Eigendur og stjórnendur bankanna eru efni í aðra grein.

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Ábyrgð atvinnulífsins

Sjálftökumenn

Í skýrslu Viðskiptaráðs hálfu ári fyrir hrun segir svo: „Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum." Þessi orð ráðsmanna vitna hvorki um auðmýkt né næman skilning á, að hagkerfið var á fleygiferð fram af bjargbrúninni. Þau vitna jafnframt um skeytingarleysi um þá staðreynd, að Ísland sagði sig einmitt úr lögum við önnur Norðurlönd með því að lögleiða mjög aukna misskiptingu ráðstöfunartekna heimilanna, svo sem upplýsingar ríkisskattstjóra og annarra sýna ljóslega. Gamla stjórnin þrætti fyrir þessa þróun. En ríkisskattstjóraembættið herðir nú enn á boðskapnum í tímariti embættisins, Tíund, en þar segja ríkisskattstjóri og vararíkisskattstjóri í forustugrein: „Í fjölmiðlaumræðu er því haldið fram að Íslands sjálftökumenn hafi getað leikið lausum hala utan laga og réttar og haft í frammi ótrúlega athafnasemi í þágu eigin velsældar. Því miður bendir margt til að svo kunni að hafa verið og að afleiðingar þeirra gjörninga verði upplifun landsmanna um ókomin ár." Hafi einhver efazt í alvöru um aukna misskiptingu á Íslandi fyrir hrun, ættu augu þeirra nú að hafa opnazt upp á gátt.

Auðmýkt

Í bandarískum fyrirtækjum hefur hlutfall forstjóralauna og launa óbreyttra starfsmanna á heildina litið hækkað úr 30 árið 1970 í næstum 300 nú. Sambærilegar tölur um Ísland eru ekki til, en leitnin virðist hafa verið svipuð. Tökum dæmi til að lýsa ástandinu. Viðskiptaráð birti 2006 stutta skýrslu þess efnis, að bankarnir og viðskiptalífið væru á grænni grein, og greiddi öðrum tveggja höfunda skýrslunnar 135 þúsund Bandaríkjadollara (15 milljónir króna) fyrir ómakið samkvæmt frásögn Wall Street Journal. Ætla má, að aðrar þóknanir Viðskiptaráðs fyrir ámóta viðvik hafi verið svipaðar. Fjárhagskröggur fyrirtækjanna í landinu þarf að skoða í þessu ljósi. Ekki virðast stjórnendur Viðskiptaráðs eða einstakra fyrirtækja innan vébanda þess þó hafa séð ástæðu til að axla ábyrgð á óráðsíunni með því að víkja fyrir nýju fólki svo sem Gylfi Magnússon lýsti eftir á Austurvelli. Myndi krafa fyrirtækjanna um lægri vexti ekki hljóma betur, ef stjórnendur þeirra fengjust til að viðurkenna, að ofurlaun þeirra, kaupréttir, starfslokasamningar og önnur sjálftaka voru mistök? Mörg fyrirtæki þurfa að skipta um bæði eigendur og stjórnendur, sum að undangengnu gjaldþroti. Mörgum öðrum fyrirtækjum dugir að ráða nýja stjórnendur með nýtt viðhorf og hugarfar. Hæfileg auðmýkt meðal forustumanna atvinnulífsins myndi greiða fyrir sáttfýsi fólksins í landinu og flýta fyrir nauðsynlegri endurheimt trausts innan lands og út á við.

Von en ekki vonleysi

UMRÆÐAN

Herbert Sveinbjörnsson skrifar um ný framboð

HERBERT SVEINBJÖRNSSON

Meðan við í Borgarahreyfingunni glöddumst yfir ört vaxandi fylgi okkar vorum við kölluð eitt af „vonlausu framboðunum" í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni. Við, sem erum rétt byrjuð að kynna okkur, sexfölduðum fylgi okkar á einni viku milli kannana Gallup á fylgi stjórnmálahreyfinga.

Ríkisstjórnin féll, önnur tók við og nú líður að því að við fáum að kjósa um framhaldið. Þvert á niðurrifsraddir er ekkert vonlaust við Borgarahreyfinguna. Hún er barn búsáhaldabyltingarinnar. Hún er val þeirra sem eru búnir að missa trú á núverandi kerfi, val þeirra sem vilja uppræta spillingu, þeirra sem vilja almenning á þing, þeirra sem vilja taka þátt í að móta og byggja upp nýja Ísland. Borgarahreyfingin gefur okkur sem að henni standa von.

Fjölmiðlar bera ábyrgð gagnvart lesendum sínum, áheyrendum og áhorfendum sínum. Við erum öll notendur þjónustu þeirra og viljum fá vandaðan fréttaflutning og fréttaskýringar. Við treystum því að við fáum upplýsingar um það sem í boði er í aðdraganda kosninga og við treystum því að þær séu réttar. Það sem ekki kemur í blöðunum, útvarpinu eða sjónvarpinu er ekki til. Hlutleysi fjölmiðlamanna hlýtur að vera best varið með því að gefa öllum sömu möguleika. Maður veltir fyrir sér fréttamati fjölmiðlafólks þegar við fáum fréttir um loforðapakka ríkjandi flokka helgi eftir helgi á meðan lítið sem ekkert er fjallað um þau blóm sem eru að spretta upp úr byltingunni.

Það er ábyrgðarhluti að gera lítið úr nýjum framboðum, þar með er verið að senda tóninn fyrir framhaldið. Fyrir okkur sem stöndum í þessu dag og nótt er það lítilsvirðing og lítið gert úr okkar starfi. Við trúum á það sem við erum að gera, það sem við stöndum fyrir og að við höfum erindi í þá baráttu sem fram undan er. Vonleysi er því ekki það sem hrjáir okkur. Löngunin til þess að hrista upp í gömlum gildum, leyfa nýjum röddum að hljóma og ánægjan með allt það fólk sem bætist í okkar hóp á hverjum degi er miklu frekar eitthvað til að einblína á.

Höfundur er formaður Borgarahreyfingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

til afgreiðslu af lager

Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi

WLU 06A
Hvítt háglans
120 x 50 sm
Settið: **74.900,-** stgr.

CT - 95
Hvítt háglans
95 x 50 sm
Settið: **89.700,-** stgr.

CT - 85
Hvítt háglans
85 x 50 sm
Settið: **76.700,-** stgr.



CT - 75
Hvítt háglans
75 x 50 sm
Settið: **69.900,-** stgr.

CT - 55
Hvítt háglans
55 x 43 sm
Settið: **59.900,-** stgr.



WLU 125
Hvítt háglans
45x30 sm
Settið: **37.900,-** stgr.



WLU 125
Eik
45x30 sm
Settið: **37.900,-** stgr.

WLU 126
Hvítt háglans
50x40 sm
Settið: **38.900,-** stgr.

WLU 126
Eik
50x40 sm
Settið: **38.900,-** stgr.

Handlaugaskápar

Neðri skápur

til afgreiðslu af lager



WLU 125B
Hvítt háglans
45x30 sm
31.900,- stgr.



WLU 125B
Eik
45x30 sm
31.900,- stgr.

WLU 126B
Hvítt háglans
50x40 sm
32.900,- stgr.

WLU 126B
Eik
50x40 sm
32.900,- stgr.

CT - 55B
Hvítt háglans
55 x 43 sm
37.900,- stgr.

CT - 75B
Hvítt háglans
75x50 sm
45.900,- stgr.

WLU 147B
Hvítt háglans
61x48 sm
38.900,- stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Bannaðar skoðanir og baráttan fyrir sjálfstæði

UMRÆÐAN
Bjarni Harðarson skrifar um Evrópumál

Barátta lítillar eyþjóðar fyrir sjálfstæði sínu tekur á sig ýmsar myndir. Nú síðast þá að engum dyrum má nú loka gagnvart ESB-sinnum, hvorki í umræðu né pólitísku starfi. Og ESB-sinnarnir ætla sér svo sannarlega inn um allar glufur sem þeir komast.

Fulltrúar fjórflokksins býsnast nú mjög yfir því að það sé orðin til pólitísk hreyfing þeirra sem vilja standa utan ESB og að ESB-sinnum skuli ekki hleypt að starfi L-lista fullveldissinna. Þannig réðist áhrifamaður VG að hreyfingunni í nýlegum sjónvarpsþætti og sakaði hana um að vera afar ófrjálsa fyrst liðsmenn væru sammála í þessu máli.

Það þrífast reyndar margar skoðanir í þessum efnum innan L-listans, allt frá því að vilja segja EES-samningi upp til þess að telja ESB-málið ekki tímabært. En við höfum afþakkað liðsinni sannfærðra ESB-sinna.

ESB-sinnar af ýmsum sortum

Hugarheimur þeirra sem vilja afhenda útlendingum auðlindir og sjálfstæði landsins er utan þess sem ég fæ skilið. En ég hefi fyrir löngu áttað mig á vinnubrögðum þessa hóps. Hún miðar öll að því að gera hófsama sjálfstæðissinna tortryggilega og læða sér svo inn í allar stjórnmálahreyfingar, smáar sem stórar. Þannig sjáum við nú ESB-sinna spretta upp í starfi Vinstri grænna og nýlega gekk einn af ESB-sinnum Samfylkingarinnar til liðs við Frjálslynda flokkinn. Í prófkjörum Framsóknarflokksins takast fyrst og fremst á sannfærðir ESB-sinnar, hálfvolgir ESB-sinnar og hópur kleyfhuga sem telur að það eigi ekki að ganga í ESB en samt að sækja sem fyrst um aðild.

BJARNI HARÐARSON

Kleyfhugaeinkennið er einnig ríkjandi í Sjálfstæðisflokki. Þar á þjóðfrelsið sér formælendur fáa og ekki hægt annað en að dást að Pétri Blöndal alþingismanni sem stendur þar oftast einn þá vakt að minna flokksbræður sína á heiti flokksins.

ESB í stjórnarmyndun

Hættulegasti áróður ESB-sinna fyrir komandi kosningar er að ESB-inngangan sé mál sem engu skipti nú enda ekki á dagskrá. Það er alveg ljóst að mál þetta verður meira á dagskrá eftir kosningar en nokkru sinni enda verður Samfylkingin í lykilstöðu við stjórnarmyndun. Nú munu allir flokkar koma knékrjúpandi fyrir kratamaddömunni og biðja hana að taka sig upp í stjórnarsængina.

Landsmenn sáu glöggt í vetur hvernig mikill meirihluti þingmanna Sjálfstæðisflokks var tilbúinn til að leggja í ESB-viðræður til að halda stjórnarsamstarfinu við Samfylkingu og þess þá heldur verða þeir tilbúnir eftir kosningar.

Í Framsóknarflokki verður þá sem nú Höskuldur einn í þröskuldi ESB-væðingar og hjá VG stefna nú vígreifir ESB-sinnar á þing. Frjálslyndi flokkurinn hefur lengi látið kúgast af þeirri bábylju að allir flokkar og öll framboð verði að leyfa ESB-sinnum að vera innanborðs. Og ESB-sinnarnir smeygja sér alls staðar þar sem þeir geta.

L-listi fullveldissinna verður eini valkostur þeirra sem vilja ljá lýðveldinu og sjálfstæðinu óskoraðan stuðning sinn.

Höfundur er talsmaður L-lista.

ESB-málum ýtt út af borðinu

UMRÆÐAN
Einar K. Guðfinnsson skrifar um Evrópumál

Hin fleygu og margnotuðu orð Harolds Wilson fyrrum forsætisráðherra Breta, um að vika sé langur tími í stjórnmálum, eiga oft vel við. Hvað þá ef við skoðum málin í enn lengra samhengi. Atburðarásin varðandi umræðuna um Ísland og ESB sýnir þetta svart á hvítu.

Nú liggur fyrir ásetningur núverandi ríkisstjórnarflokka að halda áfram stjórnarsamstarfi sínu bak kosningum fái þeir til þess fylgi. Málefnagrunnurinn hefur verið óljós, en hefur nú skýrst að einu leyti. Það liggur núna fyrir að ESB-málum verður ýtt út af borðinu. Þau verða ekki á dagskrá slíkrar ríkisstjórnar. Að minnsta kosti ef eitthvað er að marka Vinstri græna.

Sjálfskipaðir túlkendur stefnu VG í þingmannaliði Samfylkingarinnar hafa reynt að blekkja – kannski helst sjálfa sig – með því að láta eins og samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn hafi opnað á ESB-aðild. Þar með væri málefnalegri hindrun samstarfs vinstri flokkanna rutt úr vegi að þessu leyti. Þetta er algjörlega rangt. VG hefur ítrekað andstöðu sína við aðild Íslands að ESB. Tilraunum samfylkingarmanna til að túlka þá stefnu á annan veg hefur verið illa tekið.

Í umræðu á Alþingi sl. þriðjudag, kom þetta fram hjá Jóni Bjarnasyni, formanni þingflokks Vinstri grænna. Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur með harkalegum hætti sett ofan í við þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa dirfst að túlka málin með afar frjálslegum hætti. Og nú síðast talaði formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, mjög afdráttarlaust um þessi mál á fundi Viðskiptaráðs.

EINAR K. GUÐFINNSSON

Vilji þessir herramenn láta taka eitthvert mark á sér, þá eru ESB-mál ekki nein umsemjanleg stærð. Vilji flokkur þeirra njóta einhvers snefils af virðingu, þá hlýtur þetta mál að vera úrslitaatriði í ríkisstjórnarmyndun. Til þess að vinstristjórnardraumurinn rætist verður Samfylkingin einfaldlega að láta í minni pokann og éta ofan í sig svardagana um að ekki sé hægt að starfa í ríkisstjórn sem ekki vilji láta reyna á ESB-aðild.

Með öðrum orðum. Það er ljóst mál að ESB-aðild verður ekki á dagskrá mögulegrar vinstri stjórnar á næsta kjörtímabili. Þau verða lögð til hliðar. Þetta er stór biti í háls Samfylkingarinnar, en honum verða menn þar á bæ að kyngja. Frammámenn flokksins sögðu spurninguna um Ísland og ESB ekki einasta vera framtíðarmál, heldur lykilinn að lausninni að vandanum sem við glímum við núna. Þess vegna mætti engan tíma missa. Þetta var sagt í vetur, en hefur af einhverjum ástæðum farið hljóðlegar núna. Það er vegna þess að forystumenn Samfylkingarinnar hafa áttað sig á því að þeir hafa teflt sitt tafl þannig að þeir eru ofurseldir. Þeir munu þess vegna éta ofan í sig stóryrðin; sætta sig við þá kosti sem þeim verða settir.

Höfundur er alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðvesturkjördæmi.

Lýðskrum og veruleikinn

UMRÆÐAN
Eygló Harðardóttir skrifar um niðurfellingu skulda

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, fór mikinn í Silfri Egils um helgina. Þar lýsti hann því yfir að hugmyndir um niðurfærslu skulda til íslensks almennings væru lýðskrum og innantóm loforð. „Þetta verður erfitt og aðgerðirnar þurfa að vera markvissar svo þjóðarbúið í heild ráði við stöðuna.“ sagði fjármálaráðherra.

Samkvæmt Steingrími er því Lilja Mósesdóttir, ein helsta vonarstjarna VG, hinn argasti lýðskrumari. Í grein á Smugunni segir hún: „Verðbólguskotið á síðasta og þessu ári hefur leitt til hækkunar á höfuðstól og afborgunum húsnæðislána og leita verður leiða til að dreifa þeim kostnaði betur milli lántakenda og lánveitenda. Hækkun vísitölu neysluverðs á síðasta ári og þessu er talin geta orðið um 27%. Meðalupphæð húsnæðislána er tæpar 30 milljónir og þau munu því hækka um 8 milljónir króna vegna verðbólgunnar á þessu og síðasta ári.“

Segir hún að ef gæta eigi sanngirni ætti skipta þeirri hækkun, sem nemur að meðaltali 4 milljónum á hverja fasteign, á milli lánveitenda og lántakenda.

Rök Lilju eru einföld. Ef ekki væri verðtryggingin hefði verðbólguskotið að mestu leyti lent á lánveitendum en ekki heimilunum. Einnig mun niðurfærslan koma í veg fyrir að mörg heimili gefist upp á að greiða húsnæðislánin sín. Er þetta ein af lykilástæðunum fyrir því að Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hvatti lánveitendur fyrir ári síðan til að lækka höfuðstól fasteignalána, til að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot og hrun fasteignamarkaðarins. Skilaboðin voru hins vegar hunsuð, fasteignamarkaðurinn hrundi og milljónir Bandaríkjamanna standa frammi fyrir því að missa húsnæði sitt.

Einfalt er að samræma hugmyndir Lilju, Bernankes og fleiri sérfræðinga hugmyndum Framsóknarmanna um skuldaniðurfærslu.

Steingrímur veit hins vegar betur, – forgangsmál hans er að tryggja hagsmuni fjármagnseigenda, einkum erlendra vogunarsjóða og áhættufjárfesta, auk þess að sitja og standa eins og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn segir. Því verður íslenskur almenningur bara að axla byrðarnar og borga brúsann.

Höfundur er alþingismaður.

FYRIRLESTUR undir yfirskriftinni How to build a brand verður haldinn á vegum Fatahönnunarfélags Íslands í Norræna húsinu í dag klukkan 17. Fyrirlesari er Peter Ingwersen, framkvæmdastjóri danska tískufyrirtækisins Noir.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þurrkari
- 10 kg -
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Þóra velur kjóla sína út frá fagurfræðilegu sjónarmiði og því hversu þægilegt er að syngja í þeim. Einnig finnst henni kostur ef þeir krumpast ekki, enda er hún oft á faraldsfæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alltaf í kjól í vinnunni

Þóra Einarsdóttir söngkona á ógrynni af kjólum, enda eru þeir nokkurs konar vinnugalli í hennar starfi. Hún heillast af tísku en lætur sér þó nægja að klæðast gallabuxum og flíspeysum dags daglega.

Þóra Einarsdóttir sópransöngkona dró fram hvítan sumarlegan silkikjól fyrir lesendur Fréttablaðsins til að lífga upp á hinn svarta vetur sem er að líða undir lok.

„Þennan kjól keypti ég á síðasta ári í verslun sem ég held mikið upp á. Hún heitir Un deux trois og er að finna bæði í París og Berlín," segir Þóra sem hefur notað kjólinn heilmikið, sérstaklega á útitónleikum erlendis. „Svo var í ég honum á prímadonnutónleikum í Óperunni um daginn ásamt mörgum öðrum kjólum. Þar vorum við fjórar söngkonur sem skiptum um kjóla fyrir hvert atriði," segir Þóra hlæjandi.

Þóra klæðist kjólum í starfi sínu sem söngkona og segist eiga þá ófáa. „Þetta er vinnugallinn og maður er alltaf að reyna að finna réttu fötin við rétta tækifærið," segir Þóra, sem vill klassíska kjóla sem yfirgnæfa ekki söginn.

Þóra kaupir flest föt sín í útlöndum. „Ef maður sér eitthvað álitlegt á maður að grípa tækifærið og kaupa það," segir Þóra sem hefur ávallt augun hjá sér á ferðum sínum og hefur gaman af að leita á fornsölum og ýmsum mörkuðum að flottum flíkum.

Þegar Þóra er ekki að syngja á tónleikum er hún þó lítið að spá í tískuna. „Þá er ég í gallabuxum, þægilegum skóm og einhverri peysu, jafnvel flíspeysu," segir hún glettin og finnur ekki mikla þörf fyrir að tjá sig með fatnaði dags daglega. „Ég hef hins vegar mjög gaman af tísku sem fyrirbæri og finnst skemmtilegt að sjá hvað Alexander McQueen og Victor og Rolf eru að gera," segir Þóra, sem syngur Mozartaríur á hádegistónleikum í Hafnarborg fimmtudaginn 2. apríl. Auk þess er hún að læra næstu hlutverk sín sem verða í færeyskri óperu sem flutt verður á Listahátíð og í óperum í Englandi, Sviss og Þýskalandi. „Þá getur maður skoðað kjóla í hléum," segir Þóra og hlær hjartanlega.

solveig@frettabladid.is

Patti húsgögn
NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í HÚS
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

UWAGA KIEROWCY
Nastepny kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 27 marca, jesli zbierze sie wystarczajaca liczba uczestników. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 5670300

TRAUST, FAGMENNSKA OG ÁBYRGÐ
Ársfundur Umhverfisstofnunar 2009
Hefur þú áhuga á umhverfismálum?
Umhverfisstofnun boðar til ársfundar á morgun hvar rætt verður um umhverfismál ársins 2008. Haldin verða 17 stutt erindi um nokkur þeirra fjölbreyttu verkefna sem stofnunin sinnir. Meðal erinda má nefna landgöngu hvítabjarna, loftslagsmál, brennisteinsvetni, Surtsey á heimsminjaskrá og nýjar áherslur í landvörslu. Kynntu þér starfsemi Umhverfisstofnunar og taktu þátt í að standa vörð um umhverfið.
Umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, mun ávarpa fundinn.
Fundarstjóri er Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Fundurinn verður haldinn 27. mars að Hótel Loftleiðum, Bíósal.
Setning fundar er klukkan 13:15.
Allir velkomnir
UMHVERFISSTOFNUN
www.umhverfisstofnun.is

TÍSKA

HÖNNUNARSÝNING hefst í dag í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur að Barónsstíg 47. Sýningin sem kallast Landslag Birkilands stendur til 29. mars og er opin frá 18 til 22 alla dagana.

Silfur & Stál



Fallegar fermingagjafir fyrir drengi & stúlkur.
Ný sending af silfur og stál skartgripum.

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Flottir skór á fínu verði

Vandaðir herraskór úr leðri,
skinn-fóðraðir og með
vatnsþolnum sólum.
Stærðir: 41 - 47
Litur: kastaníu brúnn
Verð: 7.875.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Léttustu gleraugu heims

Gunnari Gunnarssyni, sjóntækjafræðingi hjá Reykjavik Eyes, var á dögunum veittur sá fáheyrði heiður að hljóta alþjóðleg hönnunarverðlaun á CeBit-sýningunni, meðal risanna Microsoft, Panasonic og Fujitsu.

„Ég hef notað gleraugu síðan ég var unglingur, með mínus tvo og hálfan á báðum augum, og nú hefur draumurinn ræst, enda á ég orðið léttustu og sterkustu gleraugu í heimi," segir Gunnar Gunnarsson, sjóntækjafræðingur hjá Reykjavik Eyes, himinlifandi. Gunnar hlaut nýlega alþjóðlegu verðlaunin Universal Design Awards 09, en meðal annarra verðlaunahafa voru Panasonic og Microsoft. Vinningshafar árið 2008 voru meðal annars iPod og iPhone frá Apple.

Verðlaunin hlaut Gunnar fyrir gleraugnalínu sína. Í umsögn dómnefndar segir að umgjarðirnar séu einstök verkfræðileg nýsköpun sökum einfaldleika síns.

„Það er ótrúlega gaman að hafa fengið þessi verðlaun því nú er ekki sjálfgefið að fólk vilji líta við einhverju sem kemur frá Íslandi. Því er mikill heiður að fá viðurkenningu á verkum sínum, koma nafninu Reykjavík á bás í útlöndum og sjá íslenskri vöru hampað á erlendri grund," segir Gunnar um gleraugnalínuna sem er afrakstur fjögurra ára þrotlausrar þróunarvinnu. „Vinnslan þarf á hverju stigi að vera afar nákvæm, gera þarf endalausar prufur, ótal sýnishorn og þróa mismunandi efni," segir Gunnar um verðlaunagleraugun sem seld eru í Auganu í Kringlunni, verslunum Pro Optik, og víðs vegar á Bretlandseyjum. „Markaðurinn er svo lítill hér heima að ekki er flötur á hönnun heildstæðrar gleraugnalínu nema hafa góð sambönd erlendis. Vonandi getum við svo fært út kvíarnar með tíð og tíma, en lykilatriðið er að byggja sig upp hægt og bítandi, og vera ekki með neinn æsing."

Skoða má gleraugun á www.reykjavikeyes.com.

thordis@frettabladid.is

Gunnar Gunnarsson er maðurinn sem hannaði verðlaunagleraugun sem búin eru til úr einni títaníumplötu, hafa hvorki samskeyti né skrúfur og eru því sérstaklega sterk. Ekki sakar að þar að auki eru þau með léttustu gleraugum í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleraugun fást í átta mismunandi útgáfum og er hver þeirra í þremur litum.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Nýkomið mikið úrval af fallegum vörum.

Lampar, lugtir,
speglar,
hillur,
snagar,
dúkar,
gestabækur,
albúm o.fl....

FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu mársteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Comptoir de Famille

Nóra

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Hamskipti í Mýrinni

Allt er breytingum háð í þessum heimi og líklega hvergi eins og í tískunni. Inni í dag, úti á morgun. Verslunum er lokað meðan aðrar eru opnaðar og víst er að eftir að harðna tók á dalnum í kreppunni verða lokanir sífellt fleiri en opnanir og búðir þar sem málað hefur verið fyrir gluggana ekki óalgeng sjón. Aðrir standa fyrir eins konar „brunaútsölum“ þar sem allt á að seljast fyrir lokun. Reyndar segir almenningur hér í landi að fatakaup séu það fyrsta sem skorið er niður í kreppunni og því ekki skrýtið að verslunum fækki og samkeppnin harðni.

Rue des Rosiers er ein elsta gyðingagata Parísar í miðri Mýrinni, sögulegu gyðingahverfi borgarinnar. Gatan hefur reyndar í seinni tíð sömuleiðis verið hverfi ungra hönnuða og samkynhneigðra þar sem flesta bari er að finna. Þar eru þó enn falafelstaðir og bakarí en Rue des Rosiers er eins og hverfið allt að ganga í gegnum miklar breytingar. Nú eru þar sífellt fleiri fatabúðir sem hafa komið í staðinn fyrir gyðingafyrirtækin. Meira að segja Goldberg-veitingastaðurinn frægi hefur lagt upp laupana.

Í gamalli gufubaðstofu á þremur hæðum opnaði H&M á dögunum nýja konsept-búð, COS. Þetta er eins konar lúxus H&M og býður upp á föt fyrir konur, börn og karla. Mikið er um milda pastelliti, oft ansi föla enda enn eitt pastellitasumarið fram undan í tískunni 2009. Fötin eru dýrari en almennt gerist hjá H&M, herrajakkar til dæmis á 190 evrur, dömukjólar á 150 evrur og peysur á 49 evrur. Nokkuð langt frá verðlagi tískuhúsanna en líklega þó tvisvar til þrisvar sinnum dýrara en gerist í venjulegum verslunum sænsku keðjunnar. Hugmyndin er að selja dýrari vöru sem er væntanlega í hærri gæðaflokki en önnur vara H&M og um leið draga að annars konar viðskiptavini sem ekki eru eins upptekni af ódýrasta fatnaðinum sem í boði er. Andrúmsloftið er afslappað, starfsfólkið elskulegt og tónlistin þægileg. Það er reyndar fróðlegt að bera saman Zöru og H&M sem eru líklega stærstu verslunarkeðjurnar í fataiðnaðinum hér í landi en Zara opnar ekki lengur nýjar búðir í Frakklandi meðan H&M er enn að. H&M opnar bráðlega í Montpellier í Suður-Frakklandi og sína aðra búð á einni stærstu verslunargötu Parísar, Boulevard Haussmann og vex enn þrátt fyrir kreppuna og tilfinnanlega minni veltu á árinu 2008. Líklega fleiri sem hafa séð veltuna rýrna á síðasta ári.

Upplagt er fyrir þá sem skreppa á næstunni til Parísar að fara einn rúnt í Mýrina, skoða nýju COS-búðina og skreppa á elsta torg Parísar, Place des Vosges, þar sem hús Victors Hugo er og kirsuberjatrén eru bleik af blómum um þessar mundir.

Geimkjóll og gulir hælar

Leikkonan Reese Witherspoon mætti í silfurlitum míníkjól og gulum pinnahælum á frumsýningu Monsters vs. Ailiens.

Reese Witherspoon vakti nokkra athygli fyrir klæðaval þegar hún mætti á frumsýningu nýjustu myndar sinnar Monsters vs. Aliens síðastliðinn sunnudag en í myndinni talar hún fyrir stökkbreytta teiknimyndaskrímslið Ginormicu.

Hún hefur án efa sótt innblástur til myndarinnar enda klæðnaðurinn nokkuð framúrstefnulegur. Hún skartaði silfurslegnum míníkjól með grænum neonborða og skóm með eiturgulum pinnahælum.

Líklega var klæðunum ætlað að höfða til yngri kynslóðarinnar en deila má um hvort hann hæfi aldri og fyrri störfum hinnar 33 ára gömlu Witherspoon sem einmitt átti afmæli þennan frumsýningardag.

- ve

Kjóllinn þótti nokkuð framúrstefnulegur.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Skírnargjafir

Fjölbreytt úrval af skírnargjöfum: Baukar, myndaalbúm, hnífapara-sett, armbönd og hálsmen

GULL-ÚRID • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



teg. 17047 - glæsilegur létt fylltur BH - má taka hlýrana af, fæst í BC skálum á kr. 3.850,- mjúkar boxer buxur í S,M,L,XL á kr. 1.950,-"

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Tilboð!
Úlpur - Kápur 50% afsl.
Stærðir til 54

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opið virka daga
frá kl. 10-18 og
laugardaga kl. 10-16

Helgarbrjálæði í Flash

Gallabuxur & gallakvartbuxur háar í mittið, áður 6990

Nú 4.990
Stærðir 36-46

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Ný sending. Póstsendum.

Fermingagjafir



LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 108 Reykjavík S:5516646
Opið virkadaga 10-18 og laugardaga 11-14

visir.is
"...ég sá það á vísi"

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

SUBARU LEGACY WAGON 2.0 GL AWD Árgerð 2005. Ekinn 50 þ.km Sjálfsk, álfelgur og dráttarkrókur. Verð kr. 2590.000. Ath. skipti á ódýrari.

NISSAN QASHQAI XE DIESEL Árgerð 2007. Ekinn 17 þ.km Sjálfsk, dráttarkrókur og flimur. Verð kr. 3890.000. Áhv. lán 2.078.000. Ath. skipti á ódýrari.

KIA SPORTAGE GRAND WAGON Árgerð 2001. Ekinn 100 þ. km. Sjálfsk. Bensín miðstöð, nýleg tímareim. Verð kr. 690.000.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Flottur!
FORD MUSTANG GT. Árg. 2005, ekinn 15 þ.km, Sjálfskiptur.Mikið af aukahlutum. Umboðsbíll.Verð 3.900.000. Rnr.241562.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

SUZUKI GRAND VITARA LUX. Árgerð 2007, ekinn 31 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.6. millj Rnr.127492 GULLMOLI

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

SG291) DODGE MAGNUM R/T, árg. 2005, ek.2þús.km, leður, topplúga, loftkæling, rafmagn, omfl, Mjög flottur bíll!! Ásett verð 2980þús.kr, Tilboð 2500þús. kr stgr!!!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Ford F-350 Lariat árgerð 2005, diesel 6,0 sjálfskiptur, innfl. nýr, klæðning í skúffu, ekinn 92 þús.km., sk.'10, 100% lánað, verð kr. 2.950.000,- 821-6292



Ford F-250 Pick-up árgerð 2004, diesel 6,0 - 46", ekinn 65 þús.km., læsing á framan og aftan, loftpúðar, pallhús, glussaspil, aukatankur, og fl. og fl., sk.'10, verð kr. 4.950.000,- 821-6292

Toyota LandCruiser GX árgerð 2000, diesel, sjálfskiptur, ek. 190 þús.km., sk.'10, 100% lánað, verð kr. 1.490.000,- 821-6292

M Bens Sprinter vinnuflokkabíll, 7 manna, árgerð 2000, 3 dyra, álpallur, ekinn 152 þús.km., sk.'10, 100% lánað, verð kr. 1.180.000,- 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Nissan Primera árg.'00. Sjsk. ek. 118 þús. Verð 420 þús. Uppl. í s. 896 3575.

Volvo 850 '94 ssk. Leður , innb.barnast., ek. 240þ. Gott eintak. V. 290þ. S. 862 1116.

Mjög falleg Toyota Corolla 4dr. sedan, 5.gr. nýskráð 6.2005. Ekinn 66 þús. km. Mjög vel með farin og nýkomin úr ábyrgðarskoðun. Hagstætt verð 1.180 þús. Ekkert áhvílandi. Upplýsingar veitir Pétur í síma 897 0047.

Til sölu Toyota Corolla árg. '99 ek. 180 þús. V. 320 þús. Og einnig Nissan Double Cap pickup diesel ek. 260 þús. V. 320 þús. S. 896 3575.

Toyota Avensis SSK '05 árg til sölu. Fer á yfirtökum. Mánaðarleg afborgun 59 þús. Gunnar-8475971

Einn öflugasti ferðabíll landsins. Ford Econoline E-350. 05/06 ekinn 10þ mílur. Innfluttur nýr. Innréttaður og breytt af fagmönnum. Gríðarlega vel útbúinn! Ásett verð 9,8m. Skoða skipti. Uppl í s 8643000.

Renault Kangoo árg. '01, ek. 116 þús. Þarfnast lagfæringar á boddy annað í toppstandi. Listaverð 500 þ., fæst á 150 þ. Uppl. í s. 897 1899.

0-250 þús.

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ!
Skoda Octavia 1.6 ekinn 166 þús , bsk sk. 2010, nýtt í bremsum, ný kúpplíng , heilsársdekk, gangverð 450 þús , þitt verð 250 þús. Uppl 843 9018

Nýsk. Ek. aðeins 92þ.
Skoda Felicia árg. '99 ek. 92þ. Bsk., station, drättarkrókur. Tilboðsverð 220þ. Uppl. í s. 860 6610.

Ódýrt
Daewo Nubera '99, ssk. Hyundai Accent 3 dyra, ssk. Fást mjög ódýrt. S. 891 9847.

Grand Cherokee jeppi til sölu. 4l. árg '93 ek. 250þ. km. Verð 250þ. S. 860 9073.

250-499 þús.

YAMAHA Diversion 1993 mótorhjól býðst í skiptum fyrir sjókayak, snjósleða, gott fjallahjól eða gamlan Hippa. Helgi S: 8253587

1-2 milljónir

Chervolet Lacetti Station ár 05 ek 100 þús.Fæst á yfirtöku 1 millj S: 8948005

Bílar óskast

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir bíl.....
á allt að 150þúsund má þarfnast lagfæringar uppls 894-6383

Óska e. að kaupa gamla Toyota Corolla, Hiace og Turbo diesel. Nán.uppl.í s.661 2222

Sendibílar

Benz Sprinter 316 CDI '05 Ek. 174 þús. Uppl. í s. 846 8400.

Húsbílar

Til sölu Húsbíll. Fiat L7 Láþekja 2008. Einn m/öllu. Kostar nýr hjá Víkurverk 7,7 milj. Uppl.í síma 896 2591.

Fjórhjól

KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

Kerrur

Innanmál: 125x91x35 cm - heildarþyngd 450 kg - burðargeta 371 kg - dekk 8" TILBOÐ: 62.900 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

Vinnuvélar



New Holland D 150 LGP, árg: 2006/2007 2200 t, 100% fjármögnun. Sími: 899-2167

Varahlutir

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02
Vélar, gírkassar, sjálfskipting, boddyhlutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777.

Notaðir varahlutir
Eigum til og getum útvegað varahluti í VW, Skoda, Getz, Yaris o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 534 1045.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

trjáklippingar.is

Felli tré, klippi, grisja, snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. s. 698 1215.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

hjartaheill

FIMMTUDAGUR 26. MARS 2009

Skiptir sköpum

Nýtt hjartaþræðingartæki styttir biðlista verulega að sögn Kristjáns Eyjólfssonar, yfirlæknis hjartaþræðinga. SÍÐA 5

ÁVARP HEILBRIGÐISRÁÐHERRA:

Það skiptir máli að allir geti verið með

Kraftmikið starf áhugamannasamtaka, líknarfélaga og sjúklingasamtaka á Íslandi og stuðningur þeirra við tilteknar greinar lækninga og umönnun sjúkra hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Oddfellowar unnu þrekvirki með því að hjálpa til við að koma upp og reka líknardeild á Landspítala, Hringskonur hafa áratugum saman unnið að heill íslenskra barna, Velferðarsjóður barna vinnur á hverju ári mikið og gott starf, og hvers kyns klúbbar og samtök leggja sitt af mörkum til að gera góða heilbrigðisþjónustu betri.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra.

Hjartaheill hafa sömuleiðis unnið ómetanlegt starf í þágu hjartasjúkra og þar með í þágu heilbrigðisþjónustunnar allrar. Samtökin hafa fært fjölmörgum stofnunum tæki og búnað sem gagnast í þjónustunni við hjartasjúklinga og hafa að þessu leyti lyft grettistaki.

Hjartaheill og Gjafa- og styrktarsjóður Jónínu S. Gísladóttur, sem hún stofnaði til minningar um eiginmann sinn Pálma Jónsson í Hagkaupi, hafa sennilega lagt hvað mest fram til að styrkja og vinna að velferð hjartasjúklinga. Framlag beggja er ómetanlegt og stendur íslenskt samfélag og hjartasjúklingar í mikilli þakkarskuld við þau. Á krepputímum er okkur hollt að hugsa um áhugann sem rekur samtök eins og Hjartaheill áfram og um þá einskæru góðvild sem fólst í því, þegar Jónína S. Gísladóttir stofnaði styrktarsjóðinn sem hér er nefndur.

Það er rúmur aldarfjórðungur frá því að samtök hjartasjúklinga voru stofnuð, samtökin sem nú bera nafnið Hjartaheill. Auk beins framlags í formi búnaðar og tækja hefur það verið annað markmið samtakanna að beita sér fyrir fræðslu og forvörnum til að vinna gegn hjartasjúkdómum, að veita aðstoð og ráðgjöf og að berjast almennt fyrir umbótum í þágu hjartasjúkra. Stofnfélagarnir voru 230, en síðan hafa þeir rúmlega fimmtánfaldast.

Í tilefni 25 ára afmælis Hjartaheilla hafa samtökin nú ákveðið að blása til sóknar og safna fyrir þriðja hjartaþræðingartækinu fyrir Landspítalann og óska eftir stuðningi þjóðarinnar til að ná megi þessu markmiði á afmælisárinu. Efnt verður til landssöfnunar undir merkjum Hjartaheilla og stefnt að því að safna fjármunum svo koma megi upp tækinu og mun allt það fé sem safnast renna til hjartalækningadeildar Landspítala.

Það eru fáar þjóðir sem sinna hjartasjúkum eins vel og við. Við gerum fleiri aðgerðir á hjartveikum en tíðkast meðal nágrannaþjóðanna, aðgengi að læknum er hér betra en annars staðar, biðlistar styttri og árangur hjartalækninga með því besta sem þekkist. Á þessum grundvelli eigum við að byggja upp og sækja fram. Söfnun Hjartaheilla fyrir nýju hjartaþræðingartæki er einn liður í uppbyggingunni.

Mér er það mæta vel ljóst að eins og stendur er víða þröngt í búi. Mjög margir glíma við erfiðleika nú, meðal annars vegna athafnis þeirra athafnamanna, sem flugu svo nærri sólu að allur þeirra auður gufaði upp, og eftir urðu aðeins afleiðingarnar fyrir okkur almenning til að kljást við. Þrátt fyrir þetta óréttlæti hvet ég alla Íslendinga til að láta sitt ekki eftir liggja og taka vel í beiðni Hjartaheilla.

Það geta allir látið eitthvað af hendi rakna, auðvitað í samræmi við efni og aðstæður, en í þessu sambandi skiptir upphæðin ekki máli. Nú skiptir máli að vera með.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁVARP FORSETA ÍSLANDS ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR, VERNDARA LANDSSÖFNUNAR HJARTAHEILLA:

Samstaða hjálpar sjúkum

Íslendingar hafa iðulega tekið höndum saman í baráttunni við skæða sjúkdóma. Berklaveikinni var útrýmt með átaki almennings og forystusveitar lækna og hjúkrunarfólks. Árangurinn í glímunni við krabbamein hefur einnig náðst vegna víðtækrar þátttöku landsmanna í söfnunum og forvarnastarfi. Samtök sjúkra og fjölskyldna þeirra hafa á ýmsum sviðum skilað miklu.

Í aldarfjórðung hefur Hjartaheill – Landssamtök hjartasjúklinga verið í fararbroddi víðtæks samstarfs sem stuðlað hefur að lækningu hjartasjúkra og öflugri endurhæfingu sem gert hefur þúsundum kleift að lifa áfram góðu lífi.

Þrátt fyrir þennan árangur og aukinn skilning á mikilvægi hollra lifnaðarhátta eru hjartasjúkdómar enn langalgengasta dánarorsökin á Íslandi. Í hverri viku lætur rúmlega tugur Íslendinga lífið af þeirra völdum. Og hjartasjúkdómar herja ekki aðeins á roskið fólk; þeir geta líka verið örlög æskunnar, fjöldi barna og ungmenna glímir við veikt hjarta.

Á undanförnum áratugum höfum við samt notið ótrúlegra framfara, árangur lækna hefur vaxið hröðum skrefum og áhersla á mataræði og hreyfingu hefur skipt sköpum. En það er hægt að gera betur. Þá er áríðandi að við eigum kost á að nýta hin bestu tæki, búnað sem vísindamenn og verkfræðingar í fremstu röð hafa hannað og smíðað.

Hin nýju tæki eru í augum okkar leikmanna nánast galdraverk en þau gefa íslenskum læknum kost á að auka lífslíkur sjúklinga og bæta lífsgæði þeirra.

Nú leitar Hjartaheill til þjóðarinnar og biður um stuðning til að efla tækjakost Landspítalans og styrkja þannig til muna þjónustuna sem þar fer fram.

Landssöfnunin er bæði í þágu þess góða málefnis og í tilefni af 25 ára fórnfúsu og árangursríku starfi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Stuðningur okkar er því í senn framlag sem auka mun lífslíkur fjöldans og þakkargjörð til þess góða fólks sem um árarðir hefur helgað baráttunni gegn hjartasjúkdómum krafta sína. Kjörorð söfnunarinnar „Öll þjóðin – eitt hjarta“ felur í sér brýnan boðskap og leiðarljós á framtíðarvegi.

Þjóðin glímir nú við erfiðleika, atvinnuleysi og efnahagslegar þrengingar en Íslendingar hafa áður sýnt að samstaðan í baráttunni við sjúkdóma er jafnan sterk þótt við höfum storminn í fangið. Slík barátta hefur ætíð átt vísan stuðning þjóðarinnar.

HjartaHeill

Öll þjóðin -eitt hjarta

LANDSSÖFNUN 28. MARS 2009

ÁVARP FORMANNS STJÓRNAR HJARTAHEILLA:

Góðir landsmenn!

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, eru samtök fólks sem fengið hefur hjartasjúkdóm, aðstandenda þeirra og annarra sem vilja leggja samtökunum lið. Hlutverk samtakanna er að veita fræðslu og upplýsingar um hjartasjúkdóma, stuðla að hvers konar forvörnum, veita sjúklingum og aðstandendum þeirra félagslega ráðgjöf og þjónustu. Síðast en ekki síst hafa samtökin á undanförnum árum beitt sér á margvíslegan hátt fyrir framförum, betri aðstöðu fyrir sjúklinga og stórbættum tækjabúnaði á heilbrigðisstofnunum.

Guðmundur Bjarnason.

Og nú er einu sinni enn komið að stórátaki í þessum efnum. Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) fara fram allar megin hjartarannsóknir og allar hjarta- og kransæðaaðgerðir sem gerðar eru á Íslandi. Undirstaða rannsókna og greiningar er góður tækjabúnaður, ekki síst við hjartaþræðingar. Til skamms tíma hafa verið tvö hjartaþræðingartæki á LSH, bæði komin til ára sinna, annað níu og hitt ellefu ára gamalt. Og þótt þau gegni enn hlutverki sínu er ljóst að „líftími“ slíks hátæknibúnaðar er almennt talinn skemmri en þetta og því er yfirvofandi hætta á að annað eða bæði tækin gætu hvenær sem er lokið hlutverki sínu.

Því hefur verið ráðist í það stórvirki að endurnýja þennan búnað með kaupum á nýju og fullkomnu hjartaþræðingartæki. Nemur kostnaður við þau kaup ásamt fylgibúnaði og breytingum á húsnæði LSH, svo koma megi hinum nýja tækjabúnaði fyrir og stórbæta aðstöðu sjúklinga, á þriðja hundrað milljónir króna. Fyrirheit Hjartaheilla um fjárstuðning við framkvæmd þessa réði úrslitum um að í verkið var ráðist. Með því hafa samtökin einu sinni enn sannað gildi sitt og hlutverk og orðið til þess að brýnum framfaramálum í þágu sjúklinga er ýtt úr vör.

En fámenn og fjárvana sjúklingasamtök eins og Hjartaheill eru lítils megnug ein og sér. Þau eru drifkrafturinn og hreyfiaflið en sigurinn vinnst því aðeins að þeim takist að blása til sóknar og efna til samstöðu þjóðarinnar allrar um stórátak af því tagi sem nú er ráðist í.

Hjartaheill efna því til landssöfnunar sem skila þarf að minnsta kosti 100 milljónum króna svo ljúka megi verkefninu með fullum sóma. Nú þegar hafa fjölmargir einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki lagt söfnuninni lið en betur má ef duga skal og nú er komið að lokaátakinu.

Efnt er til merkjasölu þessa dagana og eru landsmenn beðnir að taka sölufólki Hjartaheilla vel er það knýr dyra þessa dagana og um næstu helgi. En aðalsöfnunarátakið fer fram með aðstoð Stöðvar 2 í beinni og opinni dagskrá næstkomandi laugardagskvöld, hinn 28. mars. Þar munu koma fram fjölmargir listamenn og skemmtikraftar svo og margir viðmælendur, fagfólk og sjúklingar. Þar verður hægt að hringja inn og leggja söfnuninni lið með fjárframlögum.

Það mun vart til sú fjölskylda sem ekki þekkir til einstaklinga sem fengið hafa hjartasjúkdóma; foreldrar, börn, ættingjar, vinir, og þótt það takist því betur að lækna fjöldann allan af þeim sem fá hjartaáfall, þá látast á milli 700 og 800 einstaklingar úr sjúkdómum af þessu tagi á ári hverju.

Því er nú leitað til allrar þjóðarinnar með að leggja Hjartaheill lið nú um helgina – við lokaátak þessarar miklu landssöfnunar. Stöndum saman: ÖLL ÞJÓÐIN – EITT HJARTA!

HjartaHeill
Öll þjóðin -eitt hjarta
LANDSSÖFNUN 28 MARS 2009

Útgefandi: Hjartaheill Landssamtök hjartasjúkling
Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík
Vefsíða:www.hjartaheill.is
Netfang: hjartaheill@hjartaheill.is
Ritstjóri: Ásgeir Þ. Árnason og
Ábyrgðarmaður: Sveinn Guðmundsson
Auglýsingar: Fréttablaðið/Hlynur Þór Steingrímsson
Sími: 512 5439

Eina skilyrðið er að þú hafir hjarta

Tvö tæki til hjartaþræðinga eru til á landinu. Þau eru hins vegar bæði úrelt, segir talsmaður Hjartaheilla sem nú standa fyrir söfnun fyrir nýju tæki svo stytta megi biðlista eftir þræðingum.

Sveinn Guðmundsson er formaður Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nær annar hver maður hérlendis, um 700 manns á ári hverju, deyr úr hjartasjúkdómum. Hátt í 300 Íslendingar eru á biðlista eftir hjartaþræðingum og einungis tvö úrelt hjartaþræðingartæki eru til á landinu. Þessu vilja samtökin Hjartaheill reyna að breyta og hafa því staðið fyrir söfnun upp á síðkastið fyrir nýju tæki, sem lýkur um helgina.

„Við erum með tvö þræðingartæki hér á Íslandi og bæði eru úrelt," segir Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla á höfuðborgarsvæðinu. „Tækin úreldast á sjö árum en bæði eru komin yfir þann tíma. Annað þeirra er níu ára og hitt ellefu ára."

Sveinn segir nýtt tæki með öllum fylgibúnaði kosta um og yfir 250 milljónir króna. Þegar sé búið að fá um helming fjárins með styrkjum úr ýmsum sjóðum og frá ríkinu. Eftir standi ríflega hundrað milljónir sem vonir standa til að söfnunin sjái um að útvega. „Það gerist náttúrulega örugglega ekki," segir Sveinn. „En allt er gott. Ég vona að við náum sem næst þeirri tölu."

Sveinn telur að efnahagsástandið muni óhjákvæmilega hafa áhrif á það hversu mikið fólk er tilbúið að láta af hendi rakna í söfnun sem þessa. „Auðvitað höfum við áhyggjur af því, en eins og ég segi: Það geta allir tekið þátt. Eina skilyrðið er að þú hafir hjarta.

SÖFNUNARNÚMERIN ERU:
903-5000 til að gefa 5000 krónur.
903-3000 til að gefa 3000 krónur.
903-1000 til að gefa 1000 krónur.

Menn verða að skilja þennan vanda sem við erum að kljást við," segir hann.

Sveinn segir misskilnings gæta varðandi hjartasjúkdóma. „Margir halda að þetta sé bara öldrunarsjúkdómur en það er alls ekki. Ungt fólk er líka að falla úr þessu, og í raun fólk alveg frá barnsaldri til elliára." Þræðingartækin skipti höfuðmáli í þessu tilliti, þar sem þau séu nauðsynleg til að greina vandann nægilega snemma. „Við höfum fólkið, sérfræðingana, bara ekki búnaðinn," segir hann.

Söfnunin nær hámarki á laugardagskvöld með ríflega þriggja klukkustunda dagskrá á Stöð 2. Söfnuninni lýkur svo daginn eftir. Einnig eru seld merki til styrktar söfnuninni hjá N1, í apótekum og víðar um landið. - sh

Grét upp í vindinn

Fréttamaðurinn Eggert Skúlason hjólaði hringinn í kringum landið árið 2005 til styrktar Hjartaheillum og Neistanum. Fjórum árum áður hafði hann fengið kransæðastíflu en lifir góðu lífi í dag, þökk sé heilbrigðu líferni og mikilli hreyfingu.

„Þetta var allur tilfinningaskalinn," segir Eggert um hringferðina þar sem hann hjólaði hvorki meira né minna en 1.389 kílómetra. „Þetta var mjög skemmtilegt en ég átti líka nokkrar stundir þar sem ég grét einn með sjálfum mér upp í kaldan vindinn. Þetta voru fimmtán dagar sem ég hjólaði og þar af var rok í þrettán. Það er svo undarlegt á þessu skeri okkar að það er alltaf á móti. Það var líka rigning í níu daga en að öðru leyti var þetta æðislegt," segir hann.

Fótboltakappinn Eiður Smári Guðjohnsen, sem leikur með knattspyrnuliðinu Barcelona á Spáni, tók þátt í verkefninu en lét sér þó nægja að hjóla með Eggerti upp að Litlu-kaffistofunni. Þar skildu leiðir og hélt Eggert áfram för sinni, sem átti eftir að reyna mikið á hann.

Í dag stundar Eggert líkamsrækt þrisvar til fimm sinnum í viku og tók einmitt fram hjólið sitt fyrir skömmu og skellti sér í hjólreiðatúr. „Ég er enn að hjóla á sama hjólinu og þegar ég fór hringinn. Mér telst til að á þessu hjóli hafi ég farið svona 3.500 plús kílómetra. Það er slatti af pedalatroði."

Eggert Skúlason hjólaði hringinn árið 2005. Eiður Smári Guðjohnsen hjólaði með honum fyrsta spölinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hann hefur góð ráð fyrir þá sem ætla í langa hjólreiðatúra þegar sólin fer að hækka á lofti. Annars vegar að vera með hlífðargleraugu til að forðast flugurnar og hins vegar að nota alla gírana. „Málið er að halda sama átaki á fótunum og stjórna átakinu út í hjólin með gírunum, þannig að maður sé alltaf að hjóla með svipuðu átaki með áreynslu á fæturna hvort sem maður er að fara upp eða niður brekku." - fb

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

+ með hjartað á réttum stað

Þú ert með hjartað á réttum stað í verslunum Lyfju. Þar getur þú styrkt hjörtu landsmanna og þitt eigið með því að kaupa merki Hjartaheilla. **Merkið kostar 1.000 kr. en ágóðinn af söfnuninni rennur til kaupa á hjartagreiningartæki fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús.**

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 45588 03/09

Hvernig er þrýstingurinn?

Við í Lyfju mælum í þér blóðþrýsting og blóðfitu. Þannig færðu mikilvægar vísbendingar um heilsufar þitt. Með því tekur þú ábyrgð á eigin heilsu og getur gripið inn í með breyttu líferni til að bæta líðan þína.

Láttu hjartað ráða för og pantaðu skoðun í Lyfju Lágmúla eða Smáratorgi.

Af hverjum seldum mæli renna 500 kr. til Hjartaheilla.

+15% afsláttur í mars MICROLIFE blóðþrýstingsmælir
Sjálfvirkur, einfaldur í notkun og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

Regluleg þjálfun hefur marga kosti. NORDICPHOTOSD/GETTY

Þjálfaðu hjartað

Kyrrsetulíf er einn helsti áhættuþáttur hjartasjúkdóma. Regluleg þolþjálfun hefur marga kosti:

- Þú styrkir hjarta- og æðakerfið.
- Blóðflæði og súrefnisupptaka í líkamanum batnar.
- Þú eykur orku og bætir þol.
- Blóðþrýstingur lækkar.
- Þjálfar og eykur vöðvastyrk.
- Bætir jafnvægi og liðleika liðamóta.
- Styrkir bein.
- Hjálpar þér að ná og viðhalda kjörþyngd.
- Bætir sjálfsmynd og eykur sjálfstraust.
- Minnkar streitu.
- Bætir svefn.
- Eykur almenna vellíðan.

Opna fræðsluvef um hjartagalla fyrir afmælispeningana

Karl Roth og Margrét Kristjánsdóttir eiga dótturina Heklu sem greindist með hjartagalla á meðgöngu. Um mánaðamótin verður opnaður fræðsluvefur um hjartagalla á hjartagattin.neistinn.is sem þau fjármögnuðu.

„Dóttir okkar greindist með hjartagalla á meðgöngu og það var strax ljóst að hún þyrfti að gangast undir meiri háttar aðgerð í Boston," segir Karl Roth um dóttur sína Heklu sem er að verða þriggja ára. Hún hefur gengist undir þrjár hjartaaðgerðir frá fæðingu.

„Bára Sigurjónsdóttir sem var hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum á sínum tíma fór í gegnum allt ferlið með okkur fyrir fyrstu ferðina okkar út. Hún sýndi okkur myndir af spítalanum, hvernig barnið lítur út eftir aðgerð og fleiri hluti sem undirbjuggu okkur fyrir ferðina. Það reyndist okkur mjög vel því það er svakalega mikið sem maður þarf að meðtaka í tengslum við aðgerðina og hefur aldrei upplifað áður," bætir hann við.

„Þegar ég varð fimmtugur og Margrét Kristjánsdóttir kona mín varð fertug árið 2007 héldum við stóra veislu þar sem við báðum fólk um að leggja pening í söfnunarbauk fyrir hjartveika í stað þess að gefa okkur gjafir. Það safnaðist rúmlega hálf milljón sem við ákváðum í samstarfi við lækna og fleiri að væri best varið í að búa til vefsíðu með efni til að undirbúa foreldra fyrir hjartaaðgerðir barna. Sigrún Drífa Jónsdóttir, Jóhann Grétarsson og ég höfum unnið að gerð vefsíðunnar síðan 2007, en við eigum öll hjartabörn. Vefurinn verður formlega opnaður um mánaðamótin á hjartagattin.neistinn.is," útskýrir Karl og segir vefinn ekki síður gagnlegan öðrum sem vilja fræðast almennt um hjartagalla.

„Hjartagallar eru langalgengasti fæðingargallinn hjá börnum og á vefnum verða alls konar hlutir sem gott er að vita varðandi meðferðir, bæði erlendis og hér heima, rannsóknir, lyf og umönnun. Vefurinn nýtist vonandi öllum, bæði foreldrum og öðrum sem vilja fræðast um lífið með hjartagalla og allt sem því tengist. - ag

Margrét Kristjánsdóttir og Karl Roth ásamt börnum sínum Bergi og Heklu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við þökkum stuðninginn

Reykjavík
About Fish Íslandi ehf.
Adamsson - Arkitektastofa
Aðalblikk ehf.
Aðalhreinsir - Drífa ehf.
Aðalvík ehf
Afltækni ehf.
Allt fínt ehf.
Antik-bólstrun
Antikhúsið ehf.
Argus & Örkin hf. auglýsingastofa
Arkitektastofan OG ehf
Artis ehf.
Augasteinn sf.
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Austur Indíafélagið
ÁK Sjúkraþjálfun
Álnabær ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ársól í Grímsbæ
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B.K. flutningar ehf.
Bandalag háskólamanna
Barmahlíð ehf.
Barnalæknaþjónustan ehf.
Beggja hagur ehf
Betra grip ehf.
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði H.P.
Blaðamannafélag Íslands
Blái turninn - Háaleitisbraut 66
Bortækni ehf
Bókaútgáfan Salka ehf
Bókhaldsstofan Alex
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Bókhaldsþjónustan Víðvik ehf.
Bólstrarinn
Bólsturverk sf.
Bón-Fús
Breiðholtskirkja
BSR ehf.
BSRB
Börkur Thoroddsen - Tannlæknir
Cabin ehf.
Congress Reykjavík, ráðstefnuþjónusta
Dalbær sf.
Devitos Pizza ehf.
Dyrasímaþjónusta Gests
E. Wang Tannlækningar ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Perlan ehf.
Efnalaugin Úðafoss sf.
Eggert Kristjánsson hf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Endurskoðun Péturs Jónssonar ehf.
Ernst & Young
Europris
Farice hf
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Faxaflóahafnir
Felgur-smiðja ehf.
Ferðafélag Íslands
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félagsbústaðir hf.
Fiskisaga ehf.
Fínka málningarverktakar ehf.
Fjölhönnun ehf.
Fjölur ehf.
Fornbókabúð Guðjóns Guðjónssonar
Forum Lögmenn
Fræðslumiðstöð ÖÍ
Fröken Júlía ehf
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gagnageymslan ehf.
Gallerí Fold
Garðmenn ehf.
Gítarskólinn
Gjögur hf.
Gnýr sf.
Gottfreð Árnason/Ásdís Magnúsdóttir
Grásteinn ehf.
Grensásvideo ehf.
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gúmmíbátar og gallar
Hafgæði sf.
Halli Gullsmiður
Haukur Hjaltason
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hársnyrtistofan Aida
Heimabíó/James Bönd
HGK ehf.
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hreinsibílar ehf.
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir ehf.
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.
Hýsing, vöruhótel
Höfðakaffi ehf.
i 8 gallerí
Iceland Seafood ehf
Iceland Travel ehf.
Iðntré ehf.
INOX ehf
Intrum á Íslandi ehf.
Íslensk endurskoðun ehf.
Janusbúðin Emla ehf.
JBS ehf.
Jens Guðjónsson hf.
JGG ehf
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
K. Norðfjörð ehf
Kemi ehf.
Kemis ehf.
Klapparholt ehf.
KOM Almannatengsl
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Kvika ehf.
Kvikk þjónustan ehf
Landsnet hf
Landssamband eldri borgara
Landssamband lögreglumanna
Laxabraut ehf.
Legis ehf. Lögfræðistofa
Leturval slf.
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Lífstykkjabúðin ehf.
Læknasetrið sf.
Lögmannsskrifstofa Kjartans Reynis Ólafss
Lögron ehf.
Lögskil ehf.
Margt smátt ehf.
Málarameistarafélagið
Málarasmiðjan ehf.
Málningarþjónustan Litaval ehf.
MEBA - Magnús E. Baldvinsson sf.
Minjavernd
Móa - The Greenbalm - Face Icelandic
Múli ehf.
Múli réttingar og sprautun ehf.
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Neskirkja
Njálsbúð ehf.
Norræna félagið á Íslandi
Nói Síríus hf.
Olíudreifing ehf.
Orkuvirki ehf
Ottó B. Arnar ehf.
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
Ósal ehf.
P & S Vatnsvirkjar ehf.
P.S. Rétting ehf.
Parlogis hf.
Páll Skúlason hdl
Pétur Stefánsson ehf
Pústþjónustan Ás ehf
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafás
Rafco ehf.
Raflagnateiknistofa Thomasar Kaaber
Rafneisti ehf

Verðið á nýja hjartaþræðingartækinu var mjög hagstætt í útboðinu á síðasta ári. Með hruni krónunnar er það orðið mun dýrara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styttir biðlista verulega

Með tilkomu nýs hjartaþræðingartækis hefur biðlisti eftir þræðingum minnkað úr 250 manns í 120, segir Kristján Eyjólfsson, yfirlæknir hjartaþræðinga. Myndgæðin í nýja tækinu séu mun betri en í því eldra og því sjái læknar betur hvað þeir eru að gera.

Kristján Eyjólfsson, yfirlæknir hjartaþræðinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við höfum tvö tæki til hjartaþræðinga. Annað er okkar elsta tæki, um ellefu ára gamalt, og svo þetta nýja tæki," segir Kristján Eyjólfsson, yfirlæknir í hjartaþræðingum hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. „Að nota eldra tækið er eins og að setjast upp í tólf ára gamlan bíl.

Mekanismin hefur þróast svolítið síðan þá." Sem dæmi nefnir Kristján að myndgæðin í nýja tækinu til hjartaþræðinga séu mun betri en í hinu eldra og þar af leiðandi sjái læknarnir betur hvað þeir eru að gera í aðgerðum. Auk tveggja tækja til hjartaþræðinga er á deildinni eitt tæki sem notað er í raflífeðlisfræðilegum rannsóknum.

Þegar rætt var við Kristján var „þræðingadagur", enda aðgerðir á flestum dögum. Á síðasta ári voru gerðar 1.950 hjartaþræðingar og segir Kristján að þar af hafi kransæðavíkkanir verið um 755. Það gerir um fjörutíu aðgerðir á viku. Þrátt fyrir þennan fjölda segir Kristján að fjöldi þræðinga sé um meðallag, sé litið til Vesturlanda. „Þetta er bara svona alengt," segir hann. „Sumir eru áður búnir að fara í rannsóknir, víkkanir og skurðaðgerðir. Þetta eru ekki allt nýgræðingar, en það eru ekki margir sem koma tvisvar á sama árinu."

Vegna þess hve hjartakvillar eru algengir hefur fólki á biðlista eftir aðgerð fjölgað, en með tilkomu nýja hjartaþræðingartækisins hefur verulega tekist að vinna á þeim lista. „Í fyrra voru um 250 manns á biðlista en nú eru um 120. Þannig að þetta hefur skánað verulega," segir Kristján.

Nýja hjartaþræðingartækið kom til landsins síðastliðið haust og hefur verið í notkun síðan. Tveir styrktaraðilar fengust til að kaupa tækið. Annars vegar Jónínusjóður, styrktarsjóði Jónínu Gísladóttur, sem var eiginkona Pálma í Hagkaup. Hins vegar stefndi Hjartaheill að söfnun síðasta haust til að borga það sem eftir stóð. Vegna efnahagsástandsins var söfnun Hjartaheilla, sem átti að vera í lok síðasta árs, frestað þar til nú. - ss

Pálmi Guðmundsson vonast eftir mikilli þátttöku í söfnuninni á laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Safnað fyrir hjartavél

Skemmtidagskrá verður á Stöð 2 á laugardagskvöld í beinni útsendingu og í opinni dagskrá þar sem ætlunin er að safna fyrir Hjartaheill. Takmarkið er að safna nægilegu fjármagni fyrir hjartaþræðingarvél fyrir hjartasjúkdómadeild Landspítalans sem kostar yfir 300 milljónir króna. Vélin er bókstaflega lífsnauðsynleg því hún styttir til mikilla muna biðina eftir hjartaþræðingu.

„Hjartaheill opnaði á þá hugmynd á síðasta ári að í tilefni af tuttugu ára afmæli félagsins yrði blásið til landssöfnunar. Við erum síðan þá búin að vera að undirbúa þessa útsendingu," segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. „Við vorum reiðubúin að styðja þetta málefni enda er þetta stærsta heilsufarsvandamál þjóðarinnar. Þannig að okkur rann blóðið til skyldunnar."

Meðal þeirra sem koma fram í útsendingunni verða Pétur Jóhann, Jón Gnarr, Kjartan Guðjónsson, Páll Óskar, Jóhanna Guðrún, Milljónamæringarnir og Ilmur Kristjánsdóttir. Þemað verður ástin, rómantíkin og allt það sem talist getur hjartanlegt.

Þeir sem vilja taka þátt í söfnuninni geta hringt í símanúmerin 903-1000, 903-3000 eða 903-5000. Beint númer fyrir hærri fjárframlög eða fjárframlög undir þúsund krónum er 551-9020.

- fb

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona skemmtir áhorfendum Stöðvar 2.

Jóhanna Guðrún söngkona kemur fram.

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!

Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsölustaðir: *Heilsuhúsið, Maður lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup, Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan og Blómaval.*

heilsa
–hafðu það gott

Landspítalinn er nú þátttakandi í viðurkenndum, sænskum gæðaskrám. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gæðastjórnun í hjartalækningum

Frá 1. janúar 2007 hefur hjartadeild Landspítala skráð upplýsingar um kransæðaþræðingar og víkkanir í gæðaskrána Swedish Coronary Angiography and Angioplasty Registry eða SCAAR í samvinnu við Háskólasjúkrahúsið í Uppsölum í Svíþjóð. Í janúar árið 2009 var gæðaskráning hjartadeildar Landspítala aukin með þátttöku í svokallaðri RIKS-HIA-gæðaskrá og nær því einnig til upplýsinga um legu og útskrift allra sjúklinga með kransæðasjúkdóm. Þetta gerir hjartalæknum kleift að fylgjast með gæðum starfseminnar í rauntíma og bera saman við Svíþjóð. Þar á meðal má nefna legutíma, meðferð við bráðu hjartadrepi og lyfjagjöf í legu og við útskrift.

Svíar hafa verið í fararbroddi í heiminum í staðlaðri gæðaskráningu í heilbrigðiskerfinu og því er ávinningur fyrir Landspítalann og að vera nú þátttakandi í þessum viðurkenndu sænsku gæðaskrám. Ísland varð fyrst erlendra ríkja til að taka þátt í SCAAR-gæðaskránni og annað ríkið til að taka þátt í RIKS-HIA-skráningunni.

Það er sérstaklega mikilvægt að bera árangur okkar saman við stofnanir erlendis í þeim þáttum hjartalækninga sem Landspítalinn framkvæmir einn hérlendis, til dæmis ýmsar aðgerðir innan hjartalækninga. Þátttakan í gæðaskráningunni veitir þannig möguleika á nútímalegri, stöðugri og vandaðri gæðastjórnun en hún opnar einnig möguleika til vísindarannsókna. Sem dæmi eru gögn úr SCAAR nú notuð til að meta áhrif reykingabanns á opinberum stöðum á tíðni bráðs kransæðasjúkdóms á Íslandi. Frumniðurstöður benda til að færri karlar sem ekki reykja fái bráðan kransæðasjúkdóm á Íslandi eftir bannið en fyrir það.

Niðurstöður samanburðarins við Svíþjóð varðandi hjartaþræðingar hafa verið kynntar á Landspítalanum og á vísindaþingum hérlendis. Niðurstöðurnar hafa einnig verið kynntar á ráðstefnum erlendis þar sem mest athygli hefur beinst að því að við höfum sýnt fram á að slíkt samstarf, yfir landamæri tveggja Evrópuríkja, er bæði mögulegt og vænlegt til árangurs við að auka gæði þjónustu við sjúklinga. Árangur og fylgikvillar hafa reynst svipaðir og í Svíþjóð. Á Íslandi er þrætt nokkru meira en í Svíþjóð eða álíka mikið og að meðaltali í Evrópu. Samt reynast íslensku sjúklingarnir hafa alvarlegri kransæðasjúkdóma en sænskir sjúklingar. Tíðni kransæðavíkkana er hin sama í löndunum tveim. Fyrstu tölur úr RIKS-HIA á Íslandi benda til að lyfjameðferð við útskrift sjúklinga sé samkvæmt leiðbeiningum og mjög svipuð í báðum löndum. Það var þó ánægjulegt að í einhverjum tilvikum virtist meðferðin eftir kransæðastíflu jafnvel betri á Íslandi en í Svíþjóð.

Þórarinn Guðnason hjartalæknir

Mestu skiptir að þekkja einkennin og bregðast við

Miklu skiptir að sjúklingur með kransæðastíflu komist sem fyrst undir læknishendur því að þá batna horfurnar. Því skiptir miklu að þekkja einkenni kransæðaþrengsla og kransæðastíflu. Við greiningu og meðferð er nauðsynlegt að hafa góð hjartaþræðingartæki.

„Hin dæmigerðu einkenni kransæðaþrengsla eru þyngslaverkur fyrir brjósti, herpingur eða þrýstingur sem liggur undir bringubeininu og þvert yfir brjóstið sem getur síðan leitt út í handleggi, upp í háls og kverkar og aftur í bak. Dæmigert er að þessi einkenni komi við áreynslu og líði svo hjá við hvíld. Maður, sem fær svona einkenni við áreynslu og hefur ekki fundið þau áður, ætti að láta athuga hvort hann sé með kransæðaþrengsli," segir Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild LSH.

„Ef einkennin líða hjá við hvíld þá hefur viðkomandi tíma til að fara til læknis. Þá fer gjarnan af stað rannsókn og meðferð hefst. Rannsóknin getur falist í línuriti, áreynsluprófi, mati á áhættuþáttum, til dæmis ef nákominn hefur fengið kransæðasjúkdóma. Síðan eru sterkir áhættuþættir eins og reykingar, hátt kólesteról, háþrýstingur og sykursýki. Þetta kemur inn í matið á því hvað sé að og við hverju eigi að bregðast."

Gestur segir að einkenni kransæðastíflu séu svipuð en mun verri. „Viðkomandi er yfirleitt móður og sveittur og kastar upp. Flestum er ljóst að hann á erindi á spítala. Þegar slík einkenni koma er mikilvægt að komast sem fyrst á spítala því þá er hægt að breyta miklu með meðferð. Með bráðri hjartaþræðingu er hægt að opna æðar, víkka út þrengsli og koma fyrir stoðneti til að tryggja blóðrennsli. Ef hægt er að minnka drepið í hjartavöðvanum þá batna horfurnar verulega. Því er mikilvægt að allir þekki einkennin og að töfin verði sem minnst þar til sjúklingur er kominn undir læknishendur."

Fólk getur fengið kransæðastíflu fyrirvaralaust þótt það hafi aldrei kennt sér meins. Gestur segir að þá hafi orðið rof í æðaþelinu sem er innsta lag æðarinnar. Undir því safnist stundum blóðfita og þó hún valdi ekki þrengslum þá geti líkaminn brugðist við með því að mynda blóðtappa.

Algengi kransæðasjúkdóma eykst með aldri. Við greiningu er nauðsynlegt hafa góð hjartaþræðingartæki. „Tækin á LSH eru átta og tólf ára gömul. Við treystum á landsmenn að styðja við söfnun Hjartaheilla til að kaupa nýtt þræðingartæki á LSH," segir Gestur.

- ghs



Gestur Þorgeirsson „Ef einkennin líða hjá við hvíld þá hefur viðkomandi tíma til að fara til læknis," segir Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **EINKENNI KRANSÆÐAÞRENGSLA:** Þyngslaverkur fyrir brjósti, herpingur eða þrýstingur undir bringubeini og þvert yfir brjóstið. Verkurinn leiðir út í handleggi, upp í háls og kverkar og aftur í bak. Dæmigert er að þessi einkenni komi við áreynslu og líði hjá við hvíld. Maður sem fær svona einkenni ætti að láta lækni kíkja á sig.

● **EINKENNI KRANSÆÐASTÍFLU:** Sömu einkenni og við kransæðaþrengsli nema mun verri. Sjúklingurinn verður móður og sveittur og kastar upp. Flestum er ljóst að hann á erindi á spítala. Áríðandi er að sjúklingurinn komist sem fyrst á sjúkrahús.

Við þökkum stuðninginn

Ólafsvík
Brauðgerð Ólafsvíkur hf.
Steinunn hf.
Valafell hf.
Hellissandur
Esjar ehf
K.G. Fiskverkun ehf
Ísafjörður
Hafnarbúðin
Ísafjarðarbær
Ráðgjafa og nuddsetrið
Skipsbækur ehf.
Stál og Hnífur ehf.
Verkstjórafélag Vestfjarða
Vélsmiðjan Þristur ehf.
Bolungarvík
Fiskmarkaður Bolungarv.og
Suðureyrar ehf.
Sérleyfisferðir
Súðavík
Súðavíkurhreppur
Flateyri
Grænhöfði ehf.
Patreksfjörður
Flakkarinn
Tálknafjörður
Eik ehf. - trésmiðja
Indriði Guðjónsson
Brú
S.G. Verkstæði ehf
Hólmavík
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Hvammstangi
Félagsþjónusta Húnaþings vestra
Blönduós
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Stéttarfélagið Samstaða
Skagaströnd
Sveitafélagið Skagaströnd
Vík ehf.
Sauðárkrókur
Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga
K-Tak hf
Stoð ehf - verkfræðistofa
Sveitarfélagið Skagafjörður
Trésmiðjan Ýr
Verslun Haraldar Júlíussonar
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf.
Víðimelsbræður ehf.
Varmahlíð
Akrahreppur - Skagafirði
Siglufjörður
Egilssíld ehf
Akureyri
Baldur Halldórsson
Bautinn
Bifreiðaverkstæðið Baugsbót ehf.
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Fjöl-Umboð ehf.
Girðir ehf.
Samvirkni hf.
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur
Tölvís sf.
Vaxtarræktin ehf -Íþóttahöllini
Selfoss
Kvenfélag Grímsneshrepps

TÓMAS SIGURÐSSON EHF. VINNUVÉLAR

Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Forvarnir, ráðgjöf og aðstoð

Þegar Landssamtök hjartasjúklinga, sem nú heita Hjartaheill, voru stofnuð var tíðni kransæðasjúkdóma á Íslandi í hámarki. Þá mátti reikna með því að 20 til 30 prósent þeirra sem fengju kransæðastíflu myndu ekki lifa það af. Síðustu ár hefur dánartíðnin við kransæðastíflu minnkað og er í dag einungis um 5 prósent. Þetta var fyrir 25 árum, nánar til tekið 8. október 1983 og voru stofnfélagar 230, nú eru félagsmenn Hjartaheilla 3.600. Allt frá stofnun hafa samtökin beitt sér fyrir fræðslu og forvörnum varðandi hjartasjúkdóma, veitt aðstoð og ráðgjöf og staðið fyrir margvíslegum umbótum í þágu hjartasjúklinga.

Betri stjórn hefur náðst á háum blóðþrýstingi.

Allt að 700 deyja ár hvert

Þrátt fyrir minni dánartíðni vegna hjarta og æðasjúkdóma með forvörnum, breyttum lífsstíl landsmanna og framförum í læknismeðferð, eru þeir enn langalgengasta dánarorsökin á Íslandi. Allt að 700 manns deyja ár hvert af völdum hjarta- og æðasjúkdóma eða tæp 40 prósent þeirra sem látast ár hvert, um það bil 360 karlar og 330 konur. Það þýðir að daglega látast nærri tveir Íslendingar, einn karl og ein kona, úr hjarta og æðasjúkdómum.

Þessi alvarlega staðreynd blasir við þó að undanfarna áratugi hafi unnist stórir sigrar við að fyrirbyggja og meðhöndla hjartasjúkdóma. Sem dæmi um framfarir má nefna að með öflugu forvarnarstarfi hefur tekist að draga úr áhrifum helstu áhættuþátta. Helmingi færri reykja en þegar mest var og betri stjórn hefur náðst á háum blóðþrýstingi og blóðfitu landsmanna. Lyfjameðferð hefur batnað svo og meðferð á hjartadeildum og í endurhæfingu.

Fræðsla fyrir konur

Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. GoRed-átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á sjúkdómunum. GoRed-átakið er alheimsátak á vegum World Heart Federation og á Íslandi er það unnið í samvinnu við Hjartavernd. Verndari átaksins er Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

Af hverju GoRed:

- Jafnmargar konur og karlar látast árlega af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.
- Konur gera sér sjaldnast grein fyrir eigin áhættu.
- Einkenni sjúkdómsins eru oftar óljósari hjá konum en körlum þannig að greiningarferli og áhættumat vegna hjarta- og æðasjúkdóma tefst oft.

Nánar á www.hjarta.is/upplysingatorg/gored-fyrir-konur.

Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, er sérstakur verndari GoRed. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við þökkum stuðninginn

Rafstilling ehf.
Raftækjaþjónustan sf.
Rafþjónustan
RARIK hf.
Ráðgjafar ehf.
Reimaþjónustan - Reimar og Bönd ehf.
Ræstivörur ehf.
Rönn ehf. - Afl til framtíðar
S.Í.B.S.
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Seljakirkja
Setberg bókaútgáfa
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Sigurður Tómasson
Sindrafiskur ehf.
Sjómannadagsráð
Sjómannafélag Íslands
Sjúkraþjálfunin Heil og Sæl ehf.
Skartgripaverslun og vinnustofa Eyjólfs
Skipasalan ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs
Skorri ehf.
Skóvinnustofa Sigurbjörns
Skrifstofan ehf
Sláttuvélamarkaðurinn
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Smith & Norland hf.
Smurstöðin, Fosshálsi 1
Snæland Grímsson ehf. Hallgrímur Lárusson
SP Tannréttingar
Sportbarinn ehf.
Stanislas Bohic garðhönnun
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Stálbyggingar ehf.
Stálflex
Stálhönnun
Stálprýði hf.
STEF - samb. tónskálda og eigenda flutningsréttar
Storkurinn ehf
Stólpi hf.
Strætó bs
Studio Granda ehf.
Studio Hallgerður
Sundsamband Íslands Íþróttamiðstöðin
Svipmyndir
Svissinn hjá Steina
Tannlæknafélag Íslands
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Tannlæknastofan Stigahlíð 44
Tannréttingar sf.
Teiknistofa Björns H. Jóhannessonar
Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar
Themis ehf, lögmannsstofa
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræð
Tímaritið Lifandi Vísindi - EG miðlun ehf.
Tískuverslunin Cosmo
Tónastöðin ehf.
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
Trésmiðjan Jari ehf.
Trévirki hf
Triton hf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Ull og Gjafavörur
Umslag ehf.
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útflutningsráð Íslands Trade Council of Iceland
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Veiðikortið.is
Veita ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf.
Verðlistinn v/Laugalæk
Verkfræðistofan LH-tækni ehf.
Vernd - Fangahjálp .
Verslunin Fríða frænka ehf.
Verslunin Rangá sf.
Vesturröst ehf.
Við og Við sf.
VR
World Class - Þrek ehf.
Yogastöðin Heilsubót
Þingvallaleið ehf.
Þór Elís Pálsson
Þórtak ehf.
Þrep ehf. - Endurskoðun
Þverfell ehf
Ögurvík hf.
Ökukennsla Sverris Björnssonar
Öryrkjabandalag Íslands

Seltjarnarnes
Sef ehf.
Seltjarnarneskirkja
Verkfræðistofan Önn ehf.

Vogar
Normi ehf.

Kópavogur
A P Varahlutir - Verslun ehf.
Allianz hf.
Allt-af ehf.
Arctico - Röra og skolplagnaviðgerðir
Arnarverk ehf
Áliðjan ehf.
Bílaklæðningar ehf.
Bílalakk ehf.
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bílhúsið
Blikksmiðjan Auðás hf.
Bókun sf. Endurskoðun
Debenhams Smáralind
DK Hugbúnaður
Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands
Einar Beinteins ehf. - Dúkalagnir- og Veggfóðrun -S: 892 4588
Fagtækni ehf.
Félagsþjónusta Kópavogs
Gólflist ehf
Gunnar Örn ehf.
Hannes Wöhler & co.
Íris Kristjánsdóttir
Ísnes ehf
Járngerði ehf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
JÓ lagnir sf.
Kjörbær ehf.
Listinn
Mannvirkjameistarinn ehf.
Modelskartgripir
Pottagaldrar Mannrækt í matargerð
Rafbreidd ehf.
Ræstingaþjónustan sf.
Samval hf.
Seafood Union ehf.
Smári sóluturn
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Snælandsskóli
Steinfag ehf.
Straumver ehf.
Sveinn Ívarsson ehf.
Tækniþjónusta Ragnars G.G
Varmi ehf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar sf.
Verkfæralagerinn ehf.
Vélaleiga Auberts
Ökukennsla Sigurðar Þorsteinssonar

Garðabær
Garðabær
GP. Arkitektar ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Haraldur Böðvarsson & Co. ehf.
Hársnyrtistofa Þórunnar Ingólfsdóttur
Holdings ehf.
Hurðaborg - Crawford hurðir
Klinisk tannsmiðja Kolbrúnar
Milestone og Hercules hjólbarðar
Rafal ehf.
Raftæknibjónusta Trausta ehf.
Rafvirkinn hf.
Timburhús hf.
Tölvuþjónusta Sveins
Vefur ehf.
Würth á Íslandi ehf.

Hafnarfjörður
Á. Hallbertsson ehf.
BI skór ehf
Bókasafn v/Flensborgarskóla
Byggingafélagið Sandfell ehf.
DS lausnir ehf
Eiríkur og Einar Valur ehf.
Ferskfiskur ehf.
Fiskvinnslan Útvík ehf
Fjarðarbakarí ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Fjörukráin ehf.
Flúrlampar hf.
GT verktakar ehf
Héðinn Schindler lyftur hf.
Hlaðbær Colas hf.
K. Unnur ehf
Katla-Seafood ehf.
Klettur, verktakar
Krossborg ehf.
Merkjalist
PON Pétur O. Nikulásson ehf.
Rafgeymasalan ehf.
Rafvirkjar Reykjavíkur ehf.
Rakarastofa Halla
Reebok Ísland ehf
Rótor ehf.
RST net ehf.
Smári ehf.
Spennubreytar
Strendingur ehf.
Stýring ehf.
Sviðsmyndir ehf.
Tannlæknastofa Jóns M. Björgvinssonar
Tækni - Stál ehf
Verkþjónusta Kristjáns ehf.
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Vírðir

Álftanes
Dermis ehf.
Erlendur Björnsson ehf
HBG Þjónusta ehf.
Sveitarfélagið Álftanes

Keflavík
DMM Lausnir ehf
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flughótel Icelandair hotels
Grágás ehf.
Hársnyrtistofan Hólmgarði sf.
Húsagerðin ehf.
Húsanes ehf.
Innrömmun Suðurnesja - S: 421 3598
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.
K- sport
Kator ehf
OSN lagnir ehf.
Rafiðn ehf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf.
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns og Þórðar
Soho Veisluþjónusta
Starfsmannafélag Suðurnesja
T.S.A. ehf.
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf
Varmamót ehf.
Verkalýðs- og sjómannafél. Keflavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vísir félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

Grindavík
BESA ehf.
Eldhamar ehf.
EVH Verktakar ehf.
Stjörnufiskur ehf
Söluturninn
Torfhóll ehf.
Vísir hf.

Sandgerði
Sandgerðisbær
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Garður
Sveitarfélagið Garður

Njarðvík
ÁÁ Verktakar ehf.
Fitjagrill ehf.
Rafmúli ehf.
Trausti Már Traustason, múrarameistari
Mosfellsbær
Bílamálunin Örninn ehf.
Bílapartar ehf.
Dalsgarður ehf.
Garðplöntustöðin Gróandi
Hákon og Pétur - Verktakar
K.B. Umbúðir ehf.
Nýja bílasmiðjan hf
Sögumiðlunin ehf

Akranes
Akraneskaupstaður
Golfklúbburinn Leynir
Grastec ehf.
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Smurstöðin Akranesi sf.
Straumnes ehf., rafverktakar
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.
Vignir G. Jónsson ehf.

Borgarnes
Borgarverk ehf.
Bókhalds og tölvuþjónustan
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf.
Eyja- og Miklaholtshreppur
Loftorka Borgarnesi ehf.
Skorradalshreppur
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Tannlæknastofa Hilmis ehf.
Velverk ehf

Stykkishólmur
Ferðaþjónusta Flateyjar
Narfeyri ehf.
Rannsóknarnefnd sjóslysa
Vaktþjónustan Vökustaur ehf.

Grundarfjörður
GG-Lagnir ehf.
Grundarfjarðarbær
Hamrabúið ehf.

Ný lyf, aðgerðir og tæki kosta mikla peninga. NORDICPHOTOS/GETTY

Áhrifaríkar aðferðir

Á síðustu áratugum hafa komið fram margar áhrifaríkar aðferðir til að greina og meðhöndla hjartasjúkdóma svo sem hjartaþræðingar og kransæðavíkkanir. Kransæðaskurðaðgerðir hafa orðið ein algengasta skurðaðgerð á vestrænum sjúkrahúsum. Þá hafa einnig orðið miklar framfarir í raflækningum. Loks hafa áhrifarík lyf af ýmsu tagi komið til sögunnar til dæmis gegn hjartabilun, háþrýstingi, blóðfitu og til þess að leysa upp blóðsega.

Hjartasjúkdómar geta einnig lagst þungt á ungt fólk og börn. Möguleikar til greiningar á meðfæddum hjartasjúkdómum hafa batnað til mikilla muna og miklar framfarir hafa orðið í hjartaskurðlækningum við meðfæddum hjartagöllum.

Endurhæfing eftir áföll og aðgerðir hefur reynst mörgum ómetanleg til að ná aftur þeim andlega og líkamlega styrk, sem þarf til að taka fullan þátt í þjóðfélaginu að nýju.

Hjartasjúkdómar geta lagst þungt á börn. NORDICPHOTOS/GETTY

Slæmt að sofna á verðinum

Enda þótt mikið hafi áunnist í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma má ekki sofna á verðinum. Því er spáð að fjöldi þeirra sem munu lifa með afleiðingum hjartasjúkdóma og hjartaáfalla muni vaxa verulega á næstu áratugum. Þessum hópi verður að sinna, og hann mun þurfa áframhaldandi lyfjameðferð og eftirlit vegna sjúkdóms síns og meðal annars vegna þessa mun þörfin fyrir þjónustu til handa hjartasjúklingum aukast á komandi árum.

Öll þessi nýju lyf, aðgerðir og lækningatæki kosta mikla peninga en fyrir þann kostnað fæst ávinningur sem alls ekki má vanmeta. Fyrir einstaklinginn er það ómetanlegt að ná aftur heilsu og geta farið aftur út á vinnumarkaðinn. Af því er einnig að sjálfsögðu beinn þjóðhagslegur ávinningur. Sá hluti bókhaldsins gleymist býsna oft.

Á biðlistum eftir hjartaþræðingum og -skurðaðgerðum eru nú fjöldi manns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Langir biðlistar

Á fjárlögum er yfirleitt of lítið fé ætlað til tækjakaupa í íslenska heilbrigðiskerfinu. Einstaklingar og samtök þeirra hafa oft brugðist við því með margvíslegum stuðningi ekki síst með fjárframlögum til tækjakaupa og eiga því ríkan þátt í því að íslenska heilbrigðiskerfið er jafn gott og raun ber vitni.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi voru tvö hjartaþræðingartæki með öllum búnaði. Bæði eru tækin komin til ára sinna og það eldra meira en 10 ára gamalt. Slíkur háþróaður tækjabúnaður úreldist fljótt og því brýn þörf orðin á endurnýjun auk þess sem það er mikið öryggisatriði.

Biðlistar eftir hjartaþræðingum og hjartaskurðaðgerðum eru langir og því augljóst hversu alvarlegt ástand myndi skapast ef annað þessara tækja yrði ónothæft. Er nú verið að koma upp þriðja hjartaþræðingartækinu á sjúkrahúsinu.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar . S. 697 8588.

Trjáklippingar
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða.

Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur.

S. 848 1723.

Er öspin til ama?
Sérhæfum okkur í fellingum og í að fjarlægja allar stærðir og gerðir trjáa. Eyðum líka rótarkerfum. Uppl. í s. 695 1918

Bókhald

Skattframtöl 2009
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.500 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703.
S. 661 3703. www.skatt.is

Framtal 2009 - Ódýr Þjónusta
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Sæki um viðbótarfrest fram í maí ! Vönduð vinna! Opið um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

FRAMTALSÞJÓNUSTA
Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: framtal@visir.is

Fjármál

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Úti og inni. S. 869 3934.

Búslóðaflutningar

Stór lyftibíll....S.661 1977
Lítill lyftubíll..S.893 5235
Búslóðaflutn, píanóflutn, vöruflutn, og aukamenn ef óskað er. Góð verð.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki eða múrviðgerðum. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Faglærður pípari getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

Stífluþjónusta

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Geri við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Nudd

Excelent Nudd.Full service. Melissa and Barbara. S.616 2853

Heilnudd - heilnudd. Gsm. 616 7232.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Spádómar

Símaspáin.
+ draumaráðningar. Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan, fjarheilun. Spák. Yrsa. 9086414, 5535395 (Visa/MC 173 mín.). Símat. 10-24 - Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Iðnaður

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

Rafvirkjun

Trésmíði

Athafnasmiðir ehf.
2 íslenskir smiðir. Getum bætt við okkur verkefnum, uppsetningar á innréttingum, alhliða innanhússmíði, gluggasmíði og ísetningar og alhliða viðhald + sólpallar. Símar 892 7120 & 847 1448. Meðmæli ef óskað er.

Önnur þjónusta

20%

Sandblástur
Sandblásum felgur og margt fleira. Uppl. í s. 694 9440.

KEYPT & SELT

Til sölu

Hippar
Eigum eftir nokkra hippa á gamla verðinu í svörtu og bláu. Aðeins kr. 298 þús. Töskur, rollbar, vindhlíf, skrásetning. Verð sem ekki kemur aftur.

Vespur
Eigum eftir nokkrar vespur með afslætti, áður 285 þús. Núna 229 þús. svartar og hvítar. Ítölsk hönnun.

Eigum nú til Racing kveikjur í 50 og 80 cc, fjórgengis vespur sem gerir þær miklu kraftmeiri.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Eldsneytis Sparari!
Hvirfil tæki í flesta bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 11.900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf. Viðarhöfða 2 . Stórhöfða megin S. 517 8400 - WWW.SNJOKEDJUR.IS

Evrur til sölu
Get útvegað evrur í miklu magni, erlendis eða hérlendis. S. 868 2406, Heimir.

Minkapels og hálfsíður Blárefapels, dragt og slá úr kasmír ull og ýmislegt fleira. Ks.diana S. 551 8481.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbond, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! Upplýsingar í síma 661 7000.

Gull - Gullskartgripir
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

Vélar og verkfæri

Föndurverkfæri í úrvali.Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Til bygginga

Vantar: K-10 Kambstál, 2"X9" Þaksperrur, 1"X6" Mótatimbur, 2"X4" Grindarefni, Raflagnaefni,WC og annað því tengt, Innihurðir, Gifs/spónaplötur. 820-9017/898-1804

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LIFEWAVE
Ótrúlegir Lifewave plástrar til sölu. Uppl. í s. 846 7622.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SKARTGRIPIR-TÁLGUN-ÚTSKURÐUR-HNÍFAGERÐ
16 vönduð námskeið á næstu vikum, frábærir leiðbeinendur, sjá handverkshusid.is eða hringja í síma 555-1212. Handverkshúsið Bolholti 4

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Viðarlitað hjónarúm til sölu fæst fyrir lítið. Einnig viðarlitaður skenkur 1 x 2 metrar. Uppl. í s. 8684117 milli 17-20.

Dýrahald

Hjálp - Týndir hundar!
2 enskir Setter hundar týndust síðastliðinn laugardag frá Völlunum í Hafnarfirði. Geta hafa hlaupið hvert sem er. Þeir sem hafa orðið þeirra varir vinsamlega hafið samband í síma 772 8910 Hlynur eða Hundahótelið á Leirum.

Til sölu 6 mánaða cavalier hvolpur ekki maður.Toppeintak Katrín Ó. S. 825 675

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

3herb Íbúð í Torrevejia á Spáni til leigu. Vel staðsett, stutt í alla þjónustu og strendur. Laus strax. Uppl. í s. 899 1670

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.



Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

www.leiguherbergi.is Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Var að losna mjög kósy kjallaraíbúð til leigu í Lindahverfi í Kópavogi. 70m2 með sérinngang og bílastæði, stór auka geymsla fylgir. Pr. Mán 80.000.- allt innifalið. Áhugasamir hafi samband á krissa.e@internet.is

Til leigu 4 herb. íbúð í Ásakór, laus 1.apríl. Uppl. í s. 896 0240.

4 herb. 75 fm íbúð á 2.h í 101 verð 120 þúsund + rafm. og hiti. Langtímaleiga. Sími 899 2230 & 896 3654.

Til leigu 90 fm stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði og verslun á Fiskislóð, 101 Rvk. Hægt að sameina sem fyrirtæki og íbúð. Uppl. hjá fasteignasöllunni Berg, sími 588 5530.

Stúdíóíbúð Íbúð til leigu á svæði 104. Studio apartments for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

50 ferm 2herb íbúð á Seltjnesi 80þ mán s6952960

Húsnæði óskast

Rúml. 30.ára snyrtileg og reyklaus kona óskar eftir bjartri 2-3 herb. íbúð fyrir 1.apríl í 101,105. Ábyrg og samviskusöm. Greiðslu hugm. 60 - 90 þús. Langtímal. Meðmæli og mögul. á fyrirframgr. Uppl. í s. 690 9614 Eygló. eygloski@hotmail.com

Sumarbústaðir

Sumarhús í Grímsnesi. Hef til leigu nýjan sumarbústað laus um páska og næstu helgar. Upplýsingar í síma 893-9220

Geymsluhúsnæði

28 fm Geymsluskúr til leigu í Móhellu Hfj. Laus strax. Uppl. í s. 899 1670

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Gisting

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

ATVINNA

Atvinna í boði

B.S.VERKTAKAR

Óskum eftir að ráða duglega menn vana vinnu við malbik, steypu og eða málningu, óreglulegur vinnutími. áhugasamir sæki um á heimasíðu okkar wwww.verktakar.com

Nonnabiti
Duglega starfskrafta vantar í eldhús og afgreiðslu. Dag-kvöld og næturvinna.
Uppl. í s. 899 1670 & 898 5956
bjork@nonnabiti.is og nonnabiti@simnet.is

Þjónusta

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

Sjávarkjallarinn
Starfsmaður í sal
Í starfinu felst að aðstoða fag-lærða framreiðslumenn við að þjóna til borðs, þrif og önnur tilfallandi störf. Unnið er ann-aðhvort á föstum vöktum eða skv. samkomulagi. Reynsla er æskileg Hæfniskröfur - íslenska sem móðurmál - 23 ára aldurs-takmark - stundvísi - dugnaður - geta til þess að vinna undir álagi - mjög góð mannleg samskipti
Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

Sala GRILL
SÓLUTURN - VÍDEÓ - GRILL

Sala grill óskar eftir kraftmiklu fólki eldri en 20 ára í kvöld og helgarvinnu. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum. Sala grill, Rjúpnasalir 1.

Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13 í 101 Rvk óskar eftir: leikskólakennara/ starfsmanni sem þarf að vera hjarta-hlý, umhyggjusöm og hafa brennandi áhuga á að vinna með ungum börnum. Þarf að tala góða íslensku og geta hafið störf sem fyrst. Allar nánari uppl. í síma 822 1919, Ella og 848 5213, Sóldís.

Tai matreiðsla
Tai grill Hagamel 67 107 rvk. Óska eftir fólki til starfa í eldhúsi. Vinnutími 17-22. Uppl. Sæmundur s. 865-6322.

Veitingahús í Hafnafirði auglýsir eftir þjón í sal. Uppl. í s. 822 5229

Atvinna óskast

Fimmtugur karlmaður vanur járnsmíða-vinnu og krana + vörubílaakstri óskar eftir vinnu. Er með vinnuvéla réttindi. Hef sendibíl til umráða. S. 896 3331.

TILKYNNINGAR

Fundir

Ævintýrasiglingar
Fimmtudaginn 26. Mars kl. 20:00 verður fyrirlestur um ævintýrasiglingar á norðurhöf-um hjá Siglingaklúbbnum Þyt, Strandgötu 88, Hafnarfirði. Fyrirlesarar: Eigendur skút-unnar Auroru frá Ísafirði, www.boreaadventures.com Aðgangseyrir 1.000 kr. Kaffiveitingar.

Ýmislegt

Skráning í sumarbúðir hefst 28. mars
kfum.is

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 2000 Opið allan sólar-hringinn.

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Dekur...
Kona vill kynnast karlmanni með dekur í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535–9920 (kreditkort), augl. nr. 8370.

Til í hvað sem er?
Kona vill kynnast karlmanni á aldurs-bilinu 54-64 ára, sem er til í hvað sem er. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535–9920 (kreditkort), augl.nr. 8363.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Atvinna

Húsvörður – hlutastarf

Metnaðarfullt húsfélag í Kópavogi (póstsvæði 201) óskar eftir húsverði í hlutastarf. Í starfinu felst dagleg umsjón með fasteigninni ásamt öðrum störfum skv. nánari verklýsingu. Viðkomandi skal vera laghentur, með þægilega framkomu og eiga gott með samskipti við fólk.

Greinargóðum umsóknum skal skila til Eignaumsjónar hf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2009. Umsóknum má einnig skila í tölvupósti á: afgreidsla@eignaumsjon.is

Fundir / Mannfagnaður

MATVÍS

AÐALFUNDUR

Aðalfundur MATVÍS verður haldinn miðvikudaginn 1 apríl n.k að Stórhöfða 31 kl. 16:00

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í starfi félagsins.

Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

Grettisgata 31 - 3.hæð

STÓRLÆKKAÐ VERÐ! 2ja-3ja herbergja björt og falleg mikið standsett 81,9 fm íbúð á 3. hæð . Íbúðin sem er upphaflega 3ja herbergja íbúð og er nú nýtt sem 2ja herb. íbúð skiptist í stóra stofu (stofu og herbergi), stórt svefn-herbergi, eldhús og baðherbergi. Mikil lofthæð og eikar parket á gólfum. Fallegt útsýni úr íbúðinni. VERÐ 20,9 MILLJ. **OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) MILLI 17.00 OG 20.00.**

Laugásvegur - til leigu.

Hér er um að ræða 140,3 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð sem í dag er innréttað sem skrifstofa. Húsið er byggt árið 1934. Byggingarefni er steinn. Um er að ræða tvær verslunareiningar sem hafa verið sameinaðar í eitt rými og breytt í skrifstofu húsnæði. Tveir inngangar eru inní húsnæðið og auðvelt væri að skipta því upp í tvær einingar. Allar nánari upplýsingar gefur Hilmar Hafsteinsson löggiltur leigumiðlari hjá Eignamiðlun

Blaðberinn þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Tilkynningar

Yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi tilkynnir:

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 25. apríl 2009 rennur út hinn 14. apríl 2009, kl. 12:00 á hádegi.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis tekur á móti framboðslistum þriðjudaginn 14. apríl 2009, kl. 10:00-12:00 á skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 4 á Selfossi.

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóð-enda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.
Yfirkjörstjórn mælist til þess að listum skuli einnig skilað á rafrænu formi, ef þess er nokkur kostur.
Þá skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Suðurkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera að lágmarki 300 en 400 að hámarki. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili.
Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjör-stjórnar sem haldinn verður á sama stað, miðviku-daginn 15. apríl 2007 kl. 11:00.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 25. apríl 2009 verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjör-dæmis í Fjölbrautarskólanum á Suðurlandi á Selfossi og þar fer fram talning atkvæða.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis
25. mars 2009

Karl Gauti Hjaltason
Erla Sigurjónsdóttir — Ellert Eiríksson
Þórir Haraldsson — Unnur Kristjánsdóttir

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Bíldshöfði 20
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða vegna lóðarinnar Bíldshöfði 20. Í breytingunni felst m.a. að hámarks nýtingarhlutfall bygginga á lóðinni, án bílastæðahúss og bílakjallara, verður 1,25. Byggingareitir eru afmarkaðir vegna núverandi húsa og nýbygginga, tengiganga og bílastæðahúss. Nýbyggingar verða að hámarki sjö hæðir og bílastæðahús verður opið og á þremur hæðum. Einnig eru afmarkaðir tveir byggingareitir fyrir skilti, annað við Axarhöfða tólf metrar á hæð og sex metrar á breidd og hitt við Bíldshöfða átta metrar á hæð og fjórir metrar á breidd. Gert verður ráð fyrir einu bílastæði á hverja fimmtíu fermetra sem gera fjögur hundruð og sextíu stæði miðað við hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 26. mars 2009 til og með 14. maí 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 14. maí 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 26. mars 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Tilkynningar

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Aðalfundur

Aðalfundur SFR verður haldinn laugardaginn
28. mars, kl. 13. Grettisgötu 89

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Orlofshús

SFR félagar - Umsóknarfrestur fyrir orlofshús rennur út **29. mars** næstkomandi. Rafrænar umsóknir á www.sfr.is

Afmælisfagnaður Laufs

Í tilefni af 25 ára afmæli Laufs - Landssamtaka áhugafólks um flogaveiki verðum við með afmælisfagnað laugardaginn 28. mars 2009 í safnaðarheimili Áskirkju neðri sal, gengið inn að neðanverðu.

Afmælisfagnaðurinn hefst klukkan 15:00 og í boði verða léttar veitingar og skemmtiatriði.

Stjórn Laufs

Atvinna

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjötskurðarmenn

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða Kjötiðnaðarmenn eða menn vana kjötskurði til starfa við kjötskurð í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík um afkastakvetjandi kerfi er að ræða(bónuskerfi).

Umsóknarfrestur er til 30 mars
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess
www.ferskar.is.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Skipulags stofnun

Mat á umhverfisáhrifum - Sameiginlegt mat umhverfisáhrifa. Ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 tekið ákvörðun um að umhverfisáhrif Suðvesturlína, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi, skuli ekki metin með öðrum háspennulínum eða virkjunum, sem tengjast álveri í Helguvík.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **24. apríl 2009.**

Skipulagsstofnun.

Skipulags stofnun

Stækkun Reykjanesvirkjunar í Grindavík og Reykjanesbæ

Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

HS Orka hf hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um stækkun Reykjanesvirkjunar í Grindavík og Reykjanesbæ.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 26. mars til 8. maí 2009 á eftirtöldum stöðum: Á bókasöfnum Grindavíkur og Reykjanesbæjar, á skrifstofum Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu VSÓ ráðgjafar: www.vso.is og HS Orku: www.hsorka.is

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. maí 2009 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Opinn kynningarfundur vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verður haldinn þann 2. apríl nk. í Eldborg, Svartsengi og hefst kl. 17.
Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum

Skipulagsstofnun.

Fasteignir

FASTEIGNAKAUP

Erna Valsdóttir, lögg. fast-, skipa og fyrirtækjasali.

Erna Valsdóttir

Sveinn Skúlason

Guðmyndur Valtýsson

BÓLSTAÐARHLÍÐ
Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjögurra hæða blokk við Bólstaðarhlíð.
Verð 27,5 millj.

GRETTISGATA
140 fm 5 herbergja íbúð á þriðju hæð ásamt tveimur aukaherbergjum á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi við Grettisgötu. Verð 33.9 millj.

HÁLSAÞING
177,8 fm parhús þar af 28 fm bílskúr í smíðum á einni hæð á frábærum stað í náND við Elliðavatn í landi Kópavogs. Verð 38 millj. Skipti koma til greina

HRÍSRIMI
3ja herbergja, 87,5 fm íbúð á annari hæð með 34.4 fm bílgeymslu í Grafarvogi. Verð 19,9 millj. Að mestu yfirtaka lána.

HRÍSRIMI
3ja herbergja 99,3 fm íbúð ásamt 19,8 fm stæði í bílageymslu alls 119,1 fm á góðum stað í Grafarvogi.
Verð 22,5 millj.

LAMBHAGI
182 fm. einbýlishús á 990,3 fm eignarlóð á Álftanesti. Góð staðsetning með stórkostlegu útsýni og golfvöll í göngufæri.Hægt er að yfirtaka lán frá Lífeyrissóði verslunarmanna c.a 28 milljónir með 4,15% vöxtum.
Verð 38,9 millj.

SMÁRARIMI
4ra herbergja 149,5 fm einbýlishús með bílskúr, við Smárarima í Grafarvogi.
Verð 49 millj.

STARRAHÓLAR
276 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn. Gott útsýni er frá efri hæð yfir Elliðaárdal. Hér er um að ræða fallegt hús á frábærum stað þar sem stutt er í góðar gönguleiðir. Möguleiki er á aukaíbúð á neðri hæð.
Verð 65 millj.

Viðskiptatækifæri í veitingarekstri – Svíþjóð

Veitingareksturinn Bed and beer í Österlen í suður Svíþjóð til leigu eða sölu. Veitingastaðurinn tekur 60 manns í sæti með 6 gistiherbergi á efri hæð. Veitingastaðurinn var endurbyggður árið 2004 og er vel tækjum búin. Mikil sala í pizzum og bjór um helgar m.a. þar sem þetta er eini veitingastaðurinn af þessu tagi á svæðinu. Framundan er frábær tími og mikilvægt að viðkomandi geti tekið við rekstri í apríl 2009. Svæðið er vinsælt golfáhugamönnum og er um 120 km frá Kastrup. u.þ.b. 300 þús ferðamenn heimsækja svæðið frá júní til sept.

Upplýsingar gefur Guðmundur Valtýsson, viðskiptafræðingur

Fasteignakaup aðstoðar kaupendur og seljendur við að finna réttu lausnirnar og hefur á að skipa fólki með þekkingu á sviði rekstrarhagfræði, viðskiptafræði og lögfræði ásamt þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

Atvinnuhúsnæði

Fjársterkur aðili óskar eftir u.þ.b 300 til 700 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með stórum innkeyrsludyrum. Staðgreiðsla í boði.

Hringdu ef þú ert í söluhugleiðingum

Ef þú er í fasteignahugleiðingum þá viljum við hjá Fasteignakaupum vekja athygli á þjónustu okkar.

- **Okkur vantar eignir í beina sölu eða í skiptum fyrir eignir sem við erum með á skrá.**
- **Við leggjum áherslu á að hjálpa þér að finna rétta eign í stað þeirrar sem þú vilt selja.**
- **Ef þú ert í söluhugleiðingum eða þarft upplýsingar og ráðgjöf um valkosti á lánamarkaði eða yfirtöku lána hafðu þá samband og við aðstoðum þig , skoðum þína fasteign og verðleggjum þér að kostnaðrlausu.**

Ármúla 15 - Sími: 515 0500 - Fax: 515 0509 - www.fasteignakaup.is - fasteignakaup@fasteignakaup.is

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- fyrri umsóknarfrestur til 1. apríl

Námsbrautir á meistarastigi

- Fjölskyldumeðferð
- Málefni innflytjenda - einnig í boði fjarnámi

Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Mannauðsstjórnun - einnig í boði í fjarnámi
- Breytingastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
- Stjórnun markaðsmála
- Kostnaðarstjórnun og greining
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi

Námsfyrirkomulag hentar fyrir einstaklinga sem eru á vinnumarkaði eða í atvinnuleit.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf, upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

séra Bragi Benediktsson

Kirkjuvöllum 7, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 2. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Bergljót Sveinsdóttir

Sveinn Magnús Bragason — **Björk Gunnarsdóttir**
Soffía Emelía Bragadóttir
Lilja Bragadóttir — **Michael Sigþórsson**
Guðrún Björg Bragadóttir
Benedikt Bragason
Trausti Bragason
Sveinn Ómar, Bragi, Sigþór Gellir, Hrólfur og Benóný Orri.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valur Guðmundsson

frá Efra-Apavatni,
Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans laugardaginn 14. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 30. mars kl. 13.00.

Þórdís Skaptadóttir

Skapti Valsson — **Jórunn Gunnarsdóttir**
Dóra Sjöfn Valsdóttir — **Birgir Sveinsson**
María Ýr Valsdóttir — **Rúnar Sigurðsson**
Guðmundur Valsson — **Marta K. Lárusdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hermann B. Hálfdánarson

Snorrabraut 58, áður til heimilis
Hverfisgötu 119, Reykjavík,

sem lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 22. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 31. mars kl. 15.00.

Hálfdán Hermannsson — **Erla Ellertsdóttir**
Ásdís Magnúsdóttir — **Jón Sigurðsson**
Hrönn Guðríður Hálfdánardóttir — **Þorsteinn Kristjánsson**
Sigurður Örn Jónsson — **Sigríður Oddný Guðjónsdóttir**
Þorbjörg Jónsdóttir — **Sæþór Ólafsson**
Hermann Páll Jónsson
og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Sigrún Ólafsdóttir

frá Stóra Knarrarnesi, Vatnsleysuströnd,

verður jarðsungin föstudaginn 27. mars kl. 13.00 frá Bústaðakirkju.

Maja Þ. Guðmundsdóttir — **Hafliði Ö. Björnsson**
Sigrún H. Guðmundsdóttir
Kristján A. Guðmundsson
Ingibjörg L. Guðmundsdóttir
Sigurjón Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Góð þjónusta - Gott verð
ÍSLENSKAR LÍKKISTUR
Starmýri 2, 108 Reykjavík
S: 553 3032
Opið 11-16 virka daga
ÍSLANDSKISTUR

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

tímamót

timamot@frettabladid.is

JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR ATHAFNAKONA ER 52 ÁRA Í DAG.

„Það er ein regla í keppni, hún er sú að rétta ekki andstæðingunum boltann.“

Jónína Benediktsdóttir er mörgum kunn fyrir að taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðunni og fyrir framtakssemi sína í líkamsrækt á Íslandi. Nú síðast hóf hún að bjóða upp á svokallaðar detox-meðferðir.

ÞETTA GERÐIST: 26. MARS 2000

Pútín kjörinn forseti

Fyrir níu árum var Vladimir Pútín kjörinn forseti Rússlands. Frá 31. desember árið 1999 var hann settur forseti Rússneska sambandslýðveldisins en 26. mars árið 2000 var hann kosinn forseti. Hann var endurkjörinn 14. mars árið 2004 og gegndi forsetaembættinu fram til síðasta árs en þá mátti hann ekki bjóða sig fram aftur.

Í kjölfar hans varð Dímítrí Medvedev forseti Rússlands en Pútín gegnir nú stöðu forsætisráðherra. Fyrirrennari Pútíns í forsetaembættinu var Boris Jeltsín en áður en Pútín gerðist forseti var hann yfirmaður FSB sem var arftaki KGB, leyniþjónustu Sovétríkjanna. Frá mars árið 1999 var hann auk þess ritari Öryggisráðs Rússneska sambandslýðveldisins.

MATTHÍAS MAGNÚSSON: FYRSTA ÍSLENSKA STAFSETNINGARORÐABÓKIN Á NETINU

HUGMYNDIN SMELLPASSAÐI

Í vikunni var opnuð ný íslensk stafsetningarorðabók á netinu, á slóðinni ordabok.is, en þá síðu þekkja margir nú þegar. Óhætt er að segja að brotið sé blað með Stafsetningarorðabókinni í útgáfu slíkra verka á íslensku en hún er sú fyrsta sinnar tegundar. „Íslenska stafsetningarorðabókin á netinu er grundvallarverk á vegum ordabok.is og hefur verið unnið að því um nokkurra ára skeið. Hluti þeirrar vinnu á sér meira en tíu ára aðdraganda,“ segir Matthías Magnússon, maðurinn á bak við ordabok.is.

„Tungutæknifyrirtækið ordabok.is er leiðandi í tungutækniútgáfu á Íslandi og gaf út fyrstu íslensku Tölvuorðabókina fyrir sextán árum en var auk þess fyrst til að setja orðabók á íslenskt vefsvæði. Vinnan við Stafsetningarorðabókina hefur hins vegar staðið yfir frá 1996 með hléum,“ útskýrir Matthías og heldur áfram: „Ég tel mikla þörf á orðabók af þessu tagi því ef maður les til dæmis fréttasíður á netinu þá er málfari þar gríðarlega ábótavant. Svo virðist sem ekki sé gert nóg af því að fletta upp orðum og þá kannski vegna þess að hingað til hefur það ekki verið nógu handhægt.“

Nú þegar eru fjölmargir notendur að vefsíðunni ordabok.is en aðgangur að Stafsetningarorðabókinni verður ókeypis um sinn fyrir skráða notendur. „Tugþúsundir eru með aðgang að ordabok.is. Þar á meðal eru allir grunn- og framhaldsskólar á landinu, nokkrir háskólar, fjölmargar ríkisstofnanir og fyrirtæki, að ótöldum fjölda heimanotenda,“ segir Matthías en Stafsetningarorðabókin hefur ýmsa kosti. „Ekki er einungis um stafsetningu orða að ræða heldur er líka sýnd merking orða með svipaða stafsetningu þannig að ef þú ert ekki viss um hvernig orðið er skrifað þá leiðréttir orðabókin þig eða sýnir þér hvernig orðin eru skrifuð og útskýrir merkingu þeirra. Orðabókin sýnir auk þess beygingar orða fullum fetum,“ útskýrir hann áhugasamur.

Uppfletting orða er fljótleg og handhæg en orðabókin státar af fjölda uppflettiorða. „Nú eru um 80.000 orð í Stafsetningarorðabókinni og verður hún stækkuð í 100.000 orð innan tíðar. Þar með er þetta stærsta stafsetningarorðabókin sem komið hefur út á íslensku,“ segir Matthías. **hrefna@frettabladid.is**

SÚ FYRSTA SINNAR TEGUNDAR Ný íslensk stafsetningarorðabók var opnuð á netinu síðastliðinn þriðjudag og er hún tímamótaverk. Matthías Magnússon er eigandi og hugmyndasmiður ordabok.is þar sem finna má Stafsetningarorðabókina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Elskuleg dóttir okkar, systir og barnabarn,

Auður Bryndís Guðmundsdóttir

Heiðarbraut 7c, Keflavík,

lést á Heilbrigðistofnun Suðurnesja mánudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 30. mars kl. 14.00.

Róberta Maloney — **Viðar Ólafsson**
Óskar Frank Guðmundsson
Aníta Eva Viðarsdóttir
Guðmundur Óskarsson — **Hrafnhildur Svavarsdóttir**
Aron Geir Guðmundsson
Tinna Björk Guðmundsdóttir
ömmur og afar.

†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,

Magnús Björgvin Sveinsson

frá Norðurbrún,
áður til heimilis að Hofsvallagötu 49,

lést á Dvalarheimilinu Grund miðvikudaginn 18. mars sl. Útför hans fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 28. mars kl. 14.00. Jarðsett verður í Torfastaðakirkjugarði.

Júlíana Magnúsdóttir

Jóhanna B. Magnúsdóttir
Sveinn Magnússon — **Guðrún Hinriksdóttir**
Kristján Már Magnússon — **Snjólaug Brjánsdóttir**
Ingibjörg Magnúsdóttir — **Sigurður Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar einstaki og ástkæri bróðir, faðir, tengdafaðir, barnsfaðir og frændi,

Sigurður Jóhannsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 21. mars sl. Útför hans verður auglýst síðar.

Wincie Jóhannsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson — **Jóhanna Jakobsdóttir**
Ingibjörg Birta Sigurðardóttir
Björg Bjarnadóttir
Kristófer Dignus Pétursson — **María Heba Þorkelsdóttir**
börn og barnabörn.

†

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sveinn Þorbjörn Gíslason

frá Frostastöðum, Víðigrund 28,
Sauðárkróki,

verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 28. mars kl. 14.00. Jarðsett verður að Flugumýri.

Sveinn Sveinsson — **Anna Dóra Antonsdóttir**
Pálmi Sveinsson — **Lilja Ruth Berg**
Sigurður Sveinsson — **Jóhann Þorvaldsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

FERMINGA PAKKAR

FERMINGAPAKKI VERÐ AÐEINS 129.950

TÖLVUPAKKI

- Intel Core 2 Duo E5200
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB WD Blue SATA2
- 512MB Geforce 9500GT
- 19" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Basic

LEIKJAMÚS

Razer Death Adder 3G Infrared

Mögnuð leikjamús með 3G innrauðum skynjara, Optical 1800 punkta Razer Precision upplausn og Hyperesponse flýtitökkum.

8.950

LEIKJAMOTTA

STEELPAD QCK HEAVY

Alvöru músarmotta fyrir leikina. Stærð 450 x 400 mm.

2.950

HEYRNARTÓL

Philips SHP2000

Ódýr en góð heyrnatól frá philips, heynta vel í hvað sem er, t.d. til að hlusta á tónlist eða að spila tölvuleiki, 2m snúra með mini jack tengi, frábær hljómur.

3.250

LEIKJATURN

AMD tölva 3

- AMD Athlon 64 X2 5200+ örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 640GB SATA2 WD harðdiskur
- Ati Radeon 4670 512MB skjákort
- 22x +/- DVD skrifari
- 10/100/1000 netkort
- Vista Home Basic ofl.

99.950

ACER FARTÖLVA

Acer Extensa 5230-571G16Mn

- 2,0GHz Intel Celeron M 575 örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300 minni
- 160GB SATA2 harðdiskur
- Intel GMA x4500 skjástýring
- 15,4" CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Basic

79.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite A300-1NU

- 2,0GHz Intel Core Duo T3200
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300
- 250GB SATA2 5400RPM
- ATI HD 3470 minni allt að 1GB
- 15,4" Widescreen skjár 1280x800
- Windows Vista Home Premium

117.950

MINNISKUBBUR

USB 8GB MINNI

Corsair USB mini 8GB minnisk-ubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

4.950

HARÐUR DISKUR

Caviar Green 1.5 TB

1,5 TB WD Green Series harður diskur sem er hljóðlátur, kaldur og umhverfisvænn. Endalaust pláss.

26.950

22" ACER SKJÁR

Acer V223W

22" breiðtjaldsskjár með 1680x1080 upplausn, 2500:1 í skerpu og 5 ms viðbragstími, D-Sub & DVI inngangi.

32.950

MARGMIÐLUNARFLAKKARI

ICY BOX MP-303 640GB

Frábær margmiðlunarspilari með stórum 640GB WD GreenPower hörðum diski, spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði, fjarstýring fylgir.

29.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Ísland, gamla Ísland

Árstíðirnar hafa runnið fram hjá okkur á undanförnum fimm árum. Við höfum ekki haft tíma til að hugsa um litabreytingarnar sem birtast okkur þegar vorið tekur við af vetrinum og haustinu er skipt inn á fyrir sumarið.

Fréttir af komu lóunnar hafa þótt hálfhallærislegar. Menn sem þekkja söng fuglanna álitnir skrýtnir. Lóan og spóinn hafa ekki þýtt neitt annað en borgarferðir til útlanda og sólarlandaferðir á exótíska staði.

Við höfum hálfskammast okkar fyrir að vera Íslendingar, verið full af minnimáttarkennd gagnvart öðrum, stærri þjóðum og fengið útrás fyrir þá smán í gegnum peninga. Höfum haldið því á lofti að við værum ríkust, hamingjusömust og flottust með stærstu bílana og mesta þorið. Að við værum fjármálasérí sem ætluðum að leggja heiminn að fótum okkar. En vorum í raun og veru allt annað, vorum bara loftbóla sem beið eftir því að springa.

En núna – þegar búið er að berstrípa okkur ímyndinni sem var fimm ár í byggingu en einn dag að hrynja – er ekki laust við að maður þakki guði fyrir að vetrardrunginn skuli loks vera að hverfa á braut. Maður nýtur þess að hlusta á fuglasönginn sem vekur mann á morgnana í stað þess að hreyta ónotum út í fiðurfénaðinn og finnst hálfleiðinlegt að búa ekki yfir þeirri þekkingu að vita hver eigi röddina.

Kallið mig rómantískan asna en mér finnst Ísland sjaldan eða aldrei hafa litið jafnvel út. Mér finnst Ísland vera að taka á sig eðlilega mynd, mér finnst Ísland vera að breytast aftur í Ísland.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hvað ætli sé það árangursríkasta í baráttunni við appelsínuhúð? High Definition Body Lift, svolítill viljastyrkur og aðeins meiri hreyfing.

Þetta sérstæða kremkennda gel sléttir ójöfnur vegna appelsínuhúðar og veitir samtímis tilfinningu léttleika og vellíðunnar. Hin mögnuðu áhrif, sem þrjú sérvalin efni úr jurtaríkinu - unninn úr Uncaria Tomentosa, Maritime Pine og Blue Button Flower - hafa á hina þrálátu appelsínuhúð, skilar sér sem jafnari útlínur, stinnara yfirborð og mun fallegri áferð húðarinnar.
Staðreyndin er þessi, að með Clarins verður lífið enn fallegra.

NÝTT
High Definition Body Lift
Ofnæmisprófað

Clarins býður vorið velkomið

Sérfræðingar Clarins verða í Hagkaup Kringlu og Smáralind fimmtudag til föstudags frá kl 12-18 og laugardag kl. 13-17.

Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 4.900 kr. eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

kl. 21.
Í kvöld verða tónleikar í Múlanum. Þar kemur fram hljómsveitin Jingle Jangle 4tet, en hana skipa saxófónleikarinn Ólafur Jónsson, Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Þorgrímur Jónsson bassaleikari og Erik Qvick á trommur. Kvartettinn leikur tónlist saxófónleikarans og tónskáldsins Benny Golson en hann er eitt afkastamesta tónskáld djasssögunnar. Lifandi goðsögn, rétt rúmlega áttræður í fullu fjöri.
Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18, gegnt Þjóðleikhúsinu og hefjast þeir kl. 21.

menning

menning@frettabladid.is

Stutt leikverk um Gasa

Þegar átökin urðu haströmm í Gasa á liðnum vetri settist Caryl Churchill niður og skrifaði leikrit um ástandið þar. Það var síðan sett upp snögglega í Royal Court leikhúsinu í London í febrúar. Verkið birtir okkur sjö svipmyndir sem eiga sér stað á mismunandi tímum í sögunni.
Höfundurinn setur þau skilyrði fyrir sviðsetningu verksins að aðgangur sé ókeypis og að eftir hverja sýningu verði söfnun. Allt fé sem safnast rennur beint til læknishjálpar á Gasa.
Það er fátítt að leikhús bregðist svo skjótt við heimsviðburðum en Borgarleikhúsið er þriðja leikhúsið sem setur verkið á svið.
Það hefur vakið mjög sterk viðbrögð og umræður í Bretlandi. Ellefu leikarar koma fram í sýningunni, en leikstjóri er Graeme Maley. Jón Atli þýðir. Sýningar verða á Stóra sviði Borgarleikhússins og eru í beinu framhaldi af Milljarðamærin snýr aftur. Eftir sýningu býðst áhorfendum að leggja fé í sjóð sem rennur til læknishjálpar í Palestínu (Medical Aid Palestine – MAP). Einnig er hægt að leggja inn á söfnunarreikning nr: 0137–05–0600 43 – kt: 190577-3769.
Þrjár sýningar verða á verkinu: í kvöld kl. 22.45. og á sunnudag kl. 15.00 og 22.45. **- pbb**

LEIKLIST Jón Atli Jónsson er einn þeirra sem standa að sýningunni í kvöld.

> Ekki missa af

Tónleikum bandarísku sópransöngkonunnar Deborah Voigt sem kemur fram á Listahátíð 31. maí en mjög er nú tekið að fækka fáanlegum miðum á tónleika hennar í maí.

DUBBELDUSCH
eftir Björn Hlyn Haraldsson
SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

27.03.09	Föstudagur	20:00
28.03.09	Laugardagur	20:00
03.04.09	Föstudagur	20:00
18.04.09	Laugardagur	20:00

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 28/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U
Lau 28/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U	Þri 5/5 kl. 18:00 U
Sun 29/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U	Sun 10/5 kl. 14:00 U
Sun 29/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U	Sun 10/5 kl. 17:00 U
Lau 4/4 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U	Lau 16/5 kl. 14:00 U
Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U	Lau 16/5 kl. 17:00 U
Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U	Sun 17/5 kl. 14:00 U
Sun 5/4 kl. 17:00 U	Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U	Sun 17/5 kl. 17:00 U
Lau 18/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U	Sun 24/5 kl. 14:00 U

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Mið 25/3 kl. 20:00 U	Mið 15/4 kl. 20:00 Ö	Fös 8/5 kl. 20:00
Mið 1/4 kl. 20:00 Ö	Fim 23/4 kl. 20:00	Lau 9/5 kl. 20:00
Fim 2/4 kl. 20:00 Ö	Lau 2/5 kl. 20:00	Fös 15/5 kl. 20:00

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. Ö	Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn.	Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn.
Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. Ö	Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. U	Þri 21/4 kl. 20:00 U

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Fim 26/3 kl. 21:00 fors. U	Fös 3/4 kl. 21:00 Ö	Lau 18/4 kl. 21:00
Fös 27/3 kl. 21:00 frums. U	Sun 5/4 kl. 21:00	Fös 24/4 kl. 21:00
Lau 28/3 kl. 21:00 Ö	Fös 17/4 kl. 21:00 Ö	Lau 25/4 kl. 21:00

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/3 kl. 13:00 U	Lau 18/4 kl. 13:00	Lau 25/4 kl. 14:30
Lau 28/3 kl. 14:30 U	Lau 18/4 kl. 14:30	
Lau 28/3 kl. 16:00 auka. U	Lau 25/4 kl. 13:00	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 26/3 kl. 21:00 Ö	Fim 2/4 kl. 21:00	Fim 16/4 kl. 21:00
Fös 27/3 kl. 21:00	Fös 3/4 kl. 21:00	Fös 17/4 kl. 21:00

Miðaverð aðeins 2.000 kr.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

SÖNGVADANSAR OG SVEIFLA

Það er létt sveifla í boði á tónleikum Sinfóníunnar í kvöld. New York og París kallast á í verkum sem draga fram dansstemningar og stórborgarstemningar. Verkin sem flutt verða eru þó öll komin inn í kanónu klassískrar tónlistar.

TONLIST Karin Lechner leikur Píanókonsert í F-dúr eftir Gerswin í Háskólabíói í kvöld.

Ýmsir halda fram þeirri staðföstu trú að Sagan úr vesturbænum, West Side Story, sé hápunktur í sögu ameríska söngleiksins en þess er víða minnst um lönd að sex áratugir eru síðan samstarfsverkefni þeirra Leonards Bernstein, Stephens Sondheim og Jeromes Robbins leit fyrst dagsins ljós á Broadway. Bernstein gerði gott betur: hann útsetti hluta tónlistar West Side Story fyrir sinfóníuhljómsveit og kallaði söngvasvítu. Hana heyra menn í kvöld. Bernstein var líkt og Gerswin af fjölmenntaðri fjölskyldu gyðinga. Hann naut þess líka að ýmsir forgöngumenn höfðu slegið saman djasskenndum stefjum og sígildum hljómsveitarformum. George Gershwin fór þar fyrir með Rhapsody in Blue, Ameríkumanni í París og Píanókonsert í F-dúr. Þau hin síðarnefndu verða bæði flutt í kvöld. Einnig verður fluttur ballettinn Sköpun heimsins, sem Darius Milhaud samdi eftir heimsókn í djassbúllur í Harlem árið 1923. Hljómsveitarstjórinn í kvöld er Bandaríkjamaður, Benjamin Shwartz, sem er aðstoðarstjórnandi í San Francisco, aðeins 29 ára gamall en er talinn óhemju efnilegur. Einleikari á píanó verður Karin Lechner, argentínskur píanósnillingur sem hefur vakið mikla eftirtekt undanfarin ár.

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Bandaríska sendiráðið. Þeir verða sendir út beint á Rás 1 Ríkisútvarpsins og kynnir Ingibjörg Eyþórsdóttir tónleikana. Annað kvöld verða tónleikar í Háskólabíói kl. 21 þar sem fluttir verða dansarnir eftir Bernstein og píanókonsertinn eftir Gershwin og eru þeir ætlaðir ungum gestum.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 26. mars 2009

→ Tónleikar

20.00 **KimiKvöld** á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu 22. Fram koma: **Sin Fang Bous**, **Borko**, **Carpet Show** auk þess sem meðlimir **Hjaltalín** þeyta skífum.

21.00 **Queen Tribute** tónleikar verða á Græna hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.00

21.00 **Jazzklúbburin Múlinn** stendur fyrir tónleikum í Jazzkjallaranum á Café Cultura við Hverfisgötu 18. Fram kemur hljómsveitin **Jingle Jangle 4tet** sem mun flytja tónlist **Benny Golson**.

21.00 Vísnablússveitin **Gæðablóð** spilar fyrir gesti Næsta bars að Ingólfsstræti 1a. Birna Þórðardóttir mun lesa upp úr ljóðabók sinni „**Birna Þó**“ við undirleik hljómsveitarinnar. Aðgangur ókeypis.

→ Bækur

20.00 **Bókaútgáfan Salka** við Skipholt 50c, býður upp á kvöldstund með **Maxine Gaudio** sem kynnir bók sína „Ferðalagið að kjarna sjálfsins“. Sérstakur gestur er **Sigríður Klingenberg**. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

→ Hönnun

Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir veglegri dagskrá undir yfirskriftinni **HönnunarMars** dagana 26-29. mars. Dagskráin inniheldur yfir 150 atburði ólíkra hönnuða hinna mismunandi hönnunargreina og má finna á www.honnunarmidstod.is.

→ Sýningar

Marta María Jónsdóttir og **Magnús Helgason** hafa opnað sýningu í Gallerí Ágúst við Baldursgötu 12. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

→ Hönnun Og Tíska

Norræni tískutvíæringurinn í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.nordice.is. Opið þrisun kl. 12-17, lokað á mánudögum.

15.00 **Reiko Sudo**, forstjóri NUNO, flytur erindi.

16.00 Sjö íslensk fyrirtæki kynna hvað þau hafa upp á að bjóða næsta vetur 2009-2010. Opnun ljósmyndasýningarinnar „**Rísa undir nafni**“ Heimildarmyndin Möguleikar 2009 sýnd.

17.00 **Peter Ingwersen** frá tískumerkinu Noir flytur erindið: How to build a brand?

→ Ferðalög

20.00 Eigendur skútunnar **Auroru** frá Ísafirði munu fjalla um ævintýrasiglingar í Norðurhöfum, í húsi Siglingaklúbbsins Þyts við Strandgötu 88 í Hafnarfirði.

→ Pub Quiz

20.00 **Pub Quiz** verður haldið á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

MEIRA FYRIR NÁMSMENN! Landsbankinn veitir Námufélögum námsstyrki í tuttugasta sinn. Nánari upplýsingar og

NÝJAR BÆKUR

Hvað eru vísindi? – inngangsrit eftir Erlend Jónsson er komið út á vegum Háskólaútgáfunnar. Þar er fjallað um svör við ýmsum áleitnum spurningum: Eru vísindi skynsamleg? Hvað gerir þau skynsamlegri en en aðra starfsemi mannsins? Einnig er rætt um ýmis lykilhugtök vísindaheimspeki, eins og skýringar, líkur, tilleiðslu og kenningar. Þá er gerð grein fyrir helstu kenningum nokkurra vísindaheimspekinga síðustu aldrar. Höfundur er prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.

Birna þó – heitir nýtt ljóðakver eftir Birnu Þórðardóttur leiðsögukonu með meiru. Kverið geymir ljóð Birnu á íslensku, ítölsku, dönsku og ensku þótt flest kvæðin séu á móðurmálinu. Efni þeirra er margbreytilegt þótt ástin og vináttan sé þar í fyrirrúmi. Menningarfylgd Birnu gefur út.

Óþurft – teiknimyndasaga eftir Kristján Jón er komin út á vegum höfundar. Heftið inniheldur þrjár myndasögur sem höfundurinn semur og teiknar.

Fjölmiðlar 2007 – hin árlega úttekt Ólafs Teits Guðnasonar, fyrrum blaðamanns, er komin út á forlagi Bókafélagsins Uglunnar. Efni bókarinnar er sem í fyrri þremur bókum hans um fjölmiðla sótt í pistla sem hann skrifaði í Viðskiptablaðið og þar eru skoðuð tök íslenskra fjölmiðla á nokkrum málum í hverri grein. Bókin er 288 síður í kiljubroti og er nafnaskrá í ritinu.

Sigrún verðlaunuð

Sigrún Helgadóttir hlaut í vikunni viðurkenningu Hagþenkis árið 2008 fyrir framúrskarandi rit, bókina Jökulsárgljúfur – Dettifoss, Ásbyrgi og allt þar á milli. Útgefandi er Bókaútgáfan Opna. Tíu bækur voru tilnefndar til viðurkenningarinnar. Athöfnin fór fram í Þjóðarbókhlöðunni 23. mars kl. 17. Formaður Hagþenkis, Jón Yngvi Jóhannsson, veitti viðurkenninguna og hlýtur Sigrún Helgadóttir 750.000 kr.

Í greinargerð viðurkenningarráðs segir um bókina: „Lykill að stórbrotnu svæði, þar sem afar vel er fléttað saman sögu, náttúrufræði og bókmenntum.“ - pbb



SIGRÚN HELGADÓTTIR RITHÖFUNDUR

Kauptu nýju COOLPIX S220
– myndavélin sem fær höfuð til að snúast

Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.

NÚ KEMUR COOLPIX S220 – ARFTAKI HINNAR VINSÆLU S210

Nýja Nikon COOLPIX S220 á margt sameiginlegt með forvera sínum S210. Hún er jafnlitrík og jafnlítil (18 mm á þykkt), en með 10 megapixla upplausn og fleiri nýjum aðgerðum: Þú getur lagfært myndirnar þínar á skjá myndavélarinnar í stað þess að gera það í tölvunni. COOLPIX lagar sjálfkrafa hreyfðar myndir (Mode Detector). Fæst í mörgum líflegum litum – veldu eftirlætið þitt!

- 2.5 tommu LCD skjár
- 3x NIKKOR aðdráttarlinsa
- Sjálfvirkar myndstillingar fyrir t.d hágæða nærmyndir
- Hraðlagfæring í myndavélinni sjálfri

Heimilistæki, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik **Fotoval**, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes **Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur **Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**, Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík **Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði **Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar **Foto**, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

At the heart of the image Nikon

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

umsóknarblað má finna á landsbankinn.is

NÁMSSTYRKIR

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 3 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

SÆKTU UM FYRIR: 30. MARS 2009

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM38760

THE DECEMBERISTS

THE TIGER LILLIES

> Í SPILARANUM

The Decemberists - The Hazards Of Love
Bonnie "Prince" Billy - Beware
The Doves - Kingdom Of Rust
Jójó & götustrákarnir - Jójó & götustrákarnir
The Tiger Lillies - SinDerella

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Tíu ára afmæli Dordinguls

Tvennir tónleikar verða haldnir á föstudags- og laugardagskvöld í tilefni af tíu ára afmæli rokksíðunnar Dordingull.com. Fyrri tónleikarnir verða í Tónlistarþróunarmiðstöðinni og hinir síðari á Sódóma Reykjavík. Á meðal hljómsveita sem troða upp verða Dys, Andlát, Changer, Brain Police og Skítur.

Sigvaldi Jónsson hefur stjórnað heimasíðunni einn öll þessi ár. „Þetta er helvíti gaman, annars væri ég ekki að þessu en þetta er mjög mikill tímaþjófur. Ég hef fengið fólk til að hjálpa mér en umsjón síðunnar er eiginlega fullt starf," segir Sigvaldi, eða Valli eins og hann er kallaður.

SIGVALDI JÓNSSON Valli Dordingull hefur stjórnað heimasíðunni Dordingull.com í áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þúsundir kíkja á Dordingull.com í hverjum mánuði og segir Valli síðuna vera mikilvægan vettvang fyrir íslenska rokkara til að ræða málin. „Þarna geta rokkarar tjáð sig um allt frá því hvað er besta plata ársins, um pólitískar skoðanir sínar, hvað er að angra þá og allt þar á milli," segir hann. Til stendur að setja vefsjónvarp á síðuna þar sem hljómsveitir verða heimsóttar, auk þess sem podcast verður í boði með tónleikaupptökum. Koma þær að einhverju leyti í staðinn fyrir útvarpsþáttinn Dordingul sem lauk göngu sinni fyrir skömmu eftir sjö ár í loftinu.

Valli segir rokksenuna á Íslandi vera í góðu ásigkomulagi í dag. „Það hefur sjaldan verið meiri tónleikastarfsemi í gangi og mikið af nýjum og áhugaverðum hljómsveitum að koma fram," segir hann. - fb

> Plata vikunnar

Helgi Hrafn Jónsson - For The Rest Of My Childhood

★★★★

„Helgi Hrafn Jónsson er leynivopnið í íslenskum tónlistarheimi. Hann er hér mættur með plötu númer tvö. Frábær plata frá vaxandi söngvara og lagasmið." TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Nýr jafnvægispunktur

Síðasta haust þegar það varð ljóst að dagar tónleikastaðarins Organs væru senn taldir var útlitið ekki mjög bjart þegar horft var til tónleikastaða í Reykjavík. Gaukurinn fallinn, Organ búið spil, ofurpartíholan Sirkus úr leik og Grand Rokk á leiðinni í vinnuvélakjafta. Aðeins Nasa virtist vera eftir af þessum helstu stöðum.

Svo kom bankahrunið, það herti á óðaverðbólgunni þannig að tónleikahald var kannski ekki efst í huga fólks. Nú er hins vegar allt komið af stað aftur þó að tónleikalandslagið á þeim aðhaldstímum sem einkenna íslenskt samfélag í dag sé ólíkt því sem við vorum farin að venjast á bólutímanum. Það eru engir stórtónleikar fyrirhugaðir á næstu mánuðum, nema minningartónleikarnir um Rúnar Júlíusson. Það eru tiltölulega fáir erlendir tónlistarmenn væntanlegir, en gróskan er samt mikil, aðallega á smærri tónleikastöðum borgarinnar. Fram undan eru m.a. Nokia On Ice-hátíð 3. apríl með Bang Gang, Sometime, Jeff Who?, Dr. Spock, Sudden Weather Change o.fl. og blúshátíð 4.-9. apríl þar sem fram koma öldungurinn Pinetop Perkins, Vinir Dóra o.fl.

GRÓSKA Í TÓNLEIKAHALDI Jonathan Richman treður upp á Café Rosenberg 1. apríl nk.

Og það sannast enn eina ferðina að einn kemur í annars stað. Aðaltónleikastaðir Reykjavíkur í dag eru Café Rosenberg við Klapparstíg sem er bókaður flest kvöld og hinn nýi Sódóma Reykjavík á efri hæð gamla Gauks á Stöng. Rokkið ræður að mestu ríkjum í Sódómunni, en rólegri stemning með blús, djass, poppi og trúbadoratónlist er meira áberandi á Rósenberg. Það er margt fram undan á báðum þessum stöðum. Í kvöld verður fyrsta Kimi-kvöldið á Sódómu með Sin Fang Bous, Borkó og Carpet Show auk þess sem meðlimir Hjaltalíns verða í plötusnúðahlutverkinu. Alvöru tónlistarviðburður það. Fram undan á Café Rosenberg eru m.a. tónleikar með gleðigjafanum einstaka Jonathan Richman 1. apríl nk.

Sem sagt nóg að gerast, en jafnvægispunkturinn hefur færst frá stórtónleikum með innfluttum stjörnum yfir á innlenda listamenn, minni staði og meiri nálægð. Ekki slæmt.

STÓRSKEMMTILEGIR SVÍAR Peter, Bjorn & John á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas. Fimmta platan þeirra kemur út á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

SVÍAR VELJA BESTU RÉTTINA

Sænsku þremenningarnir í Peter, Bjorn & John, slógu rækilega í gegn árið 2006 með laginu Young Folks. Fimmta platan þeirra, Living Thing, kemur út á þriðjudaginn.

Peter, Bjorn & John var stofnuð í Stokkhólmi árið 1999 og nefnd eftir meðlimum sveitarinnar, þeim Peter Morén, Björn Yttling og John Eriksson.

Morén og Yttling byrjuðu að spila saman í menntaskóla enda höfðu þeir svipaðan tónlistarsmekk, voru til að mynda báðir hrifnir af hljómsveitunum The Stone Roses og Ride. Þegar þeir fluttu til Stokkhólms hittu þeir Erikson og úr varð indírokksveitin Peter, Bjorn & John. Ferill þeirra fór nokkuð rólega af stað.

Fyrsta platan, samnefnd sveitinni, kom út árið 2002 og sú næsta, Falling Out, þremur árum síðar. Það var ekki fyrr en þriðja platan, Writer´s Block og þá sérstaklega lagið Young Folks kom út að líf þeirra tók stakkaskiptum. Þetta grípandi „flautulag", með sænsku söngkonunni Victoriu Bergman í gestahlutverki, fór eins og eldur í sinu um allan heiminn, þar á meðal hér á landi þar sem það hefur verið notað ótt og títt í Smáralindar-auglýsingum.

Þeir félagar urðu sem von er ringlaðir við þessar óvæntu vinsældir og til að ná áttum ákváðu þeir næst að gefa út plötuna Seaside Rock, algjörlega án söngs. „Sumir hötuðu hana en aðrir segja hana falinn fjársjóð. Við vorum bara að leika okkur og prófa nýja hluti. Þetta var fín meðferð og var í rauninni okkar Some Kind of Monster [heimildarmynd Metallica]. Hún hreinsaði huga okkar svo við gætum haldið ótrauðir áfram," segir gítarleikarinn Morén og bætir við: „Það sem margir átta sig ekki á er að við erum að halda upp á tíu ára afmæli hljómsveitarinnar á þessu ári. Fólk heldur að þetta sé önnur platan okkar en í raun og veru er þetta sú fimmta."

Living Thing var að hluta til tekin upp í Los Angeles. Á henni kveður við nýjan tón því afrískir taktar eru nokkuð áberandi, þar á meðal í titillaginu, auk áhrifa frá níunda áratugnum. Einkenni Peter, Bjorn & John skína þó í gegn og meðal annars er þar eitt sérlega grípandi lag, Nothing To Worry About, þar sem barnakór kemur við sögu.

„Þegar hljómsveitin var stofnuð létum við okkur ekki dreyma um að við gætum náð svona langt, spilað fyrir svona margt fólk og að Kanye West og jafnvel James Blunt gerðu sína útgáfu af lögunum okkar," segir Morén. „En heimurinn er minni núna. Ef tónlistarheimurinn er hlaðborð erum við Svíar góðir í að velja bestu réttina og breyta þeim í eitthvað nýtt."

freyr@frettabladid.is

Fékk gítarinn aftur

Tónlistarmaðurinn KK hefur loksins endurheimt Martin-gítar sinn eftir um það bil árslanga bið. Gítarinn brotnaði í flutningum á sínum tíma og var sendur til Martin-verksmiðjunnar í New York til viðgerðar.

Vegna mikils frosts í stórborginni þorðu starfsmenn verksmiðjunnar ekki að senda gítarinn til Íslands, þar til nú. „Lóan kom á föstudaginn og gítarinn í dag [á mánudag]," segir KK hæstánægður með tíðindin.

Gítarinn er honum afar hjartfólginn, enda hefur hann samið mörg af þekktustu lögum sínum á hann, þar á meðal lögin Vegbúinn, Þjóðvegur 66 og Bein leið. Verður því fróðlegt að sjá hvort flóðgáttir opnist ekki núna og hann hristi fram úr erminni hvern slagarann á fætur öðrum. „Ég hugsa ég fari beint í að klára einn sálm sem ég er að gera.

Ég hef ekkert getað samið því ég hef ekki verið með rétta gítarinn," segir KK skælbrosandi. - fb

ÁNÆGÐUR MEÐ DÝRGRIPINN KK með Martin-gítarinn sinn sem hann hefur endurheimt eftir árslanga bið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BELLATRIX Kolrassa Krókríðandi spilaði undir nafninu Bellatrix úti í heimi við góðar undirtektir.

Kolrassa lítur yfir ferilinn

Hljómsveitin Kolrassa krókríðandi, sem hætti störfum fyrir áratug, mun fara yfir átta ára feril sinn á fjórða Sýna og sjá-kvöldi Nýlistasafnsins í kvöld.

Sveitin mun aðallega fjalla um fyrstu árin sem hún starfaði en einnig um stökkið úr bítlabænum Keflavík til London og reynslu sína af óháðum tónlistarheimi Bretlands. Sveitin gaf út nokkrar plötur í Bretlandi og Bandaríkjunum undir nafninu Bellatrix og fór á tónleikaferð með Coldplay. Dagskráin í Nýlistasafninu hefst klukkan 20 og er áhugafólk um íslenska tónlist hvatt til að mæta.

Ford Explorer Limited 4x4 (BYY38)
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 7 manna.
Dráttarbeisli, upphitanleg framrúða ofl.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr 7.798.000 kr.
Afsláttur 403.000 kr.
Tilboðsverð 7.395.000 kr.

Ný dæmi
um verð og gæði

Nýtum það sem við eigum
Endurnýtum gjaldeyrinn
Komdu í Brimborg í dag

Áfram Ísland

Ford

Nýtt tákn um gæði

Við erum á tánum í dag – fyrir þig

Semdu við okkur um verð

selja gamla

kaupa nýjan eða notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4 (PLF19)
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leðuráklæði, lok á pall,
tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 06/2008. Ek. 7.000 km.
Ásett verð 4.700.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 4.370.000 kr.

Ford Escape XLS AWD (OR896)
2,3 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
15" álfelgur, loftkæling ofl.
Skrd. 12/2005. Ek. 46.000 km.
Ásett verð 2.650.000 kr.
Afsláttur 160.000 kr.
Tilboðsverð 2.490.000 kr.

Ford Escape XLS AWD (HMA06)
2,3 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, loftkæling ofl.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr 5.120.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.
Tilboðsverð 4.860.000 kr.

Ford Mondeo Trend (YR241)
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framrúða,
hiti í framsætum ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 14.000 km.
Ásett verð 2.550.000 kr.
Afsláttur 210.000 kr.
Tilboðsverð 2.340.000 kr.

Ford Fusion Trend (UEM15)
1,4 dísil beinskiptur 5 dyra.
Óskráður sýningarbíll
Kostar nýr 2.920.000 kr.
Afsláttur 322.000 kr.
Tilboðsverð 2.598.000 kr.

Ford S-MAX Titanium (AX982)
2,0 bensín beinskiptur 7 manna.
Leðuráklæði, skyggðar afturrúður ofl.
Skrd. 02/2007. Ek. 26.000 km.
Ásett verð 4.090.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 3.490.000 kr.

Ford Escape Limited AWD (VZ290)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, leðuráklæði,
dráttarbeisli ofl.
Skrd. 09/2004. Ek. 65.000 km.
Ásett verð 2.490.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
Tilboðsverð 2.290.000 kr.

Ford Ka (DLH38)
1,3 bensín beinskiptur 3 dyra.
Rafdrifnar rúður, samlæsing ofl.
Skrd. 08/2007. Ek. 13.000 km.
Ásett verð 1.425.000 kr.
Afsláttur 175.000 kr.
Tilboðsverð 1.250.000 kr.

Semdu við okkur um gott verð

Notað

Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

Cohn & Wolfe Public Relations Island

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> HEIMSENDIR OG NASISTAR

Sambíóin frumsýna tvær myndir um helgina. Annars vegar Knowing, vísindatrylli með **Nicholas Cage**. Myndin fjallar um háskólaprófessor sem finnur blað með formúlum fyrir heimsendi á. Hins vegar er um að ræða Stráksinn í röndóttu náttfötunum en hún segir frá þýskum strák sem vingast við jafnaldra sinn í útrýmingarbúðum nasista.

bíó

bio@frettabladid.is

Tveggja mynda kvikmyndahátíð

Gagnrýnandinn, kvikmyndaklúbbur Sambíóanna, blæs til lítillar kvikmyndahátíðar í byrjun apríl. Sýndar verða tvær kvikmyndir en áhorfendur geta kosið þá seinni í kosningu á Facebook-síðu klúbbsins. Aðalmynd hátíðarinnar er kvikmyndin Der Baader Meinhof Complex. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda kvikmyndin en hún fjallar um þýsk hryðjuverkasamtök sem ollu miklum usla í Þýskalandi á 8. áratug síðustu aldar. Myndin vakti strax mikla athygli í Þýskalandi og mörgum þótti leikstjórinn, Uli Eidel, fara fullmiklum silkihönskum um hryðjuverkasamtökin sem urðu 34 að bana á þrjátíu ára ferli sínum.

Þær þrjár kvikmyndir sem áhorfendum gefst síðan tækifæri á að kjósa á Facebook-síðu Gagnrýnandans eru nokkuð bitastæðar. Þar ber fyrst að telja Interview í leikstjórn gæðaleikarans Steves Buscemi. Myndin er endurgerð á samnefndri hollenskri kvikmynd eftir hinn umdeilda Theo van Gogh sem var myrtur í Amsterdam. Meðal leikara í mynd Buscemi eru Sienna Miller og James Franco. Hinar myndirnar þrjár eru tiltölulega óþekkt stærð; annars vegar sænska hrollvekjan Let the Right One In en bandarískri gullkálfurinn J.J Abrams hefur keypt endurgerðarréttinn á henni, svo er það The Fall sem dansar á mörkum raunveruleikans og loks er það The Dead Girl, um upplifun nokkurra einstaklinga af fjöldamorðingja sem gengur laus.



BAADER MEINHOF Kvikmynd um þýsku hryðjuverkasamtökin verður í aðalhlutverki á lítilli kvikmyndahátíð sem Gagnrýnandinn, kvikmyndaklúbbur Sambíóanna, stendur fyrir.

Efron ekki í skó Bacons

Zac Efron, sem hefur unnið hug og hjörtu unglingsstelpna í High School Musical-myndunum, hefur ákveðið að draga sig út úr endurgerð á dans- og söngvamyndinni Footloose. Ástæðan ku vera sú að Efron telur sig ekki þurfa á fleiri slíkum myndum að halda vilji hann láta taka sig alvarlega í Hollywood. Efron er ofurstjarna meðal unga fólksins og talið var víst að þátttaka hans í Footloose myndi endanlega festa hann í sessi sem einhverja stærstu unglingastjörnu fyrr og síðar. Efron virðist hins vegar hafa lítinn áhuga á þeim titli og hyggst einbeita sér að öðrum og alvarlegri verkefnum.

Footloose var mikill smellur þegar hún var frumsýnd árið 1984. Myndin skartaði Kevin Bacon í hlutverki Rens McCormack en hún segir frá ungum dreng sem flytur til lítils smábæjar í Bandaríkjunum. Bærinn er ákaflega íhaldssamur og yfirstjórn hans hefur meðal annars bannað alla tónlist og dans. Enda sé slíkt komið frá kölska sjálfum. Ren ákveður hins vegar að snúa vörn í sókn og hefur fótafimi upp til hæstu hæða meðal jafnaldra sinna við litla hrifningu hinna eldri. Myndin var tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna, þar á meðal samnefnt lag Kenny Loggins. Það tapaði hins vegar fyrir sígildum slagara Stevie Wonder, I Just Call to Say I Love You.

ENGIN FÓTAFIMI Zac Efron telur sig ekki þurfa á fleiri söngva- eða dansmyndum að halda.

KEVIN JAMES Grínistinn viðkunnanlegi sem sló í gegn í þáttunum King of Queens hefur fengið frábærar viðtökur við sinni nýjustu mynd.
NORDICPHOTOS/GETTY

Með bumbuna að vopni

Kevin James leikur í gamanmyndinni Paul Blart: Mall Cop sem verður frumsýnd hérlendis á morgun. Freyr Bjarnason ræddi við hann um nýju myndina, ferilinn og Ísland, að sjálfsögðu.

Paul Blart: Mall Cop fjallar um öryggisvörð verslunarmiðstöðvar í New Jersey sem tekur starf sitt mjög alvarlega. Hann býr enn heima hjá mömmu sinni og blóðsykursskortur kemur í veg fyrir að hann fái starf hjá lögreglunni. Þegar hópur glæpamanna ætlar að ræna miðstöðina ákveður hann að taka til sinna ráða.

Myndin sló óvænt í gegn þegar hún var frumsýnd í Bandaríkjunum og er vinsælasta gamanmyndin það sem af er árinu með yfir 140 milljónir dollara í tekjur. „Við áttum von á því að myndinni gengi vel, þess vegna gerðum við hana, en við áttum ekki von á því að henni gengi svona vel," segir James. „Hún gerði allt vitlaust í Bandaríkjunum og við erum bara mjög ánægð."

Auk þess að leika aðalhlutverkið er hann annar af handritshöfundum myndarinnar. Hvernig fékk hann hugmyndina að þessum seinheppna öryggisverði, Paul Blart? „Mig langaði að leika náunga sem hefur átt erfitt uppdráttar og fólk fyndi til samkenndar með," segir hann og bætir við að Segway-farartækið sem hann ekur í verslunarmiðstöðinni hafi komið sterkt inn. „Þegar ég komst að því að þeir nota svona í alvörunni hló ég og fannst að það gæti orðið góður karakter í myndinni."

Margir brandararnir gera út á þyngd hans og James er sammála því að hún spili mikilvæga rullu. „Það er alltaf best að vera maður sjálfur og það er ágætt að fólk átti sig á því að það þurfa ekki allir að vera í hörkuformi. Það er gaman að sjá einhvern sem er ekki í góðu formi framkvæma þessi áhættuatriði og þessa líkamlegu vinnu," segir hann. „Ég meiddi mig mörgum sinnum en það var þess virði þegar við sáum afraksturinn í lok hvers dags. Við hlógum mikið þannig að við vissum að við vorum á réttri leið."

Kevin James fæddist í New York árið 1965. Hann vakti fyrst athygli sem uppistandari en árið 1998 hóf hann leik í gamanþáttunum King of Queens. Þar lék hann póstsendilinn Doug Heffernan til ársins 2007 við frábærar undirtektir. Kom það því fáum á óvart þegar hann ákvað að hasla sér völl í kvikmyndabransanum. Hann fékk aukahlutverk í Hitch á móti Will Smith, talaði inn á teiknimyndina Barnyard, og hreppti síðan annað aðalhlutverkanna í I Now Pronounce You Chuck and Larry á móti Adam Sandler. Sá frægi grínisti framleiðir einmitt Paul Blart: Mall Cop ásamt næstu tveimur myndum James. Önnur nefnist The Zookeeper þar sem hann leikur á móti Sandler en hin hefur enn ekki fengið nafn. Þar verða mótleikarar hans Rob Schneider, Chris Rock, David Spade og Salma Hayek. „Hann er frábær náungi og bæði skemmtilegur og hjálplegur. Hann hefur gengið í gegnum þetta allt saman áður og hefur hjálpað mér og okkur öllum mjög mikið," segir hann um samstarfið við Sandler.

James sækir innblástur sinn úr ýmsum áttum í gríni sínu. „Ég reyni alltaf að vera trúr sjálfum mér en það eru margar hetjur í gamanleik sem ég lít upp til eins og Jackie Gleason. Hvernig þeir hreyfa líkamann og leika fær mig til að vilja gera slíkt hið sama," segir hann og nefnir John Candy einnig sem mikið uppáhald. „Mér finnst hann frábær. Plains, Trains and Automobiles er ein af uppáhaldsmyndunum mínum."

Þegar James er ekki að leika í bíómyndum eða sinna uppistandi á fjölskyldan og golfið hug hans allan. „Ég er aðallega hjá fjölskyldunni minni og hitti líka vini mína. Síðan spila ég stundum golf og skemmti mér vel við það."

Hvað með Ísland? Veistu eitthvað um landið? „Ég veit að það er mjög grænt og að á Grænlandi er mikill ís. Er það ekki rétt? Ég hef heyrt að það sé virkilega fallegt þar. Mig langar mikið að koma þangað einhvern tímann."

PAUL BLART Paul Blart: Mall Cop verður frumsýnd hérlendis á morgun.

HELSTU KVIKMYNDIR

Paul Blart: Mall Cop (2009)
I Now Pronounce You Chuck And Larry (2007)
Barnyard (2006)
Monster House (2006)
Hitch (2005)
50 First Dates (2004)

FLOTGÓLF GIFS&MÚRVERK

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!

Ertu að byggja eða breyta?
Vantar þig trausta aðila til að koma upp milliveggjum úr gifsi, láta flota eða flísaleggja.

Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

Fagor hitakútar

Hitakútur 15 lítra Fagor 230V 41.900
Hitakútur 30 lítra Fagor 230V 45.900
Hitakútur 50 lítra Fagor 230V 51.900
Hitakútur 75 lítra Fagor 230V 59.900
Hitakútur 100 lítra Fagor 230V 67.900
Hitakútur 150 lítra Fagor 230V 76.900
Hitakútur 200 lítra Fagor 230V 89.900

PIPAR • SÍA • 90496

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Flottar fermingargjafir

4.990,-/stk.

ÅSKÄR baðsloppar.
Stærðir S-XL. Ýmsir litir

PJÄTTERYD mynd B90×L90cm.
Prentað á striga **12.990,-**

KILAN rúmteppi B180×L280cm.
Ýmsir litir **4.290,-/stk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

LUDVIG hilla/hleðslustöð
f/fartölvu B80xD29,
H74cm. Hvítt **8.950,-**

BAROMETER gólf-/
leslampi H146cm.
Ýmsir litir **6.490,-**



SLÄTTHULT skrautlímmiðar
Blóm/svart **2.590,-**

BENNO geisladiskastandar
B20×D17, H202cm.
Ýmsir litir **3.990,-/stk.**

4.990,-

TEXTUR borðlampi H48cm. Marglitað

KARLSKRONA
hvíldarstóll
L150×B72, H85cm.
Bast **12.990,-**

895,-/stk.

SKUBB hirslur m/hólfi
48L. Ýmsir litir

KNUBBIG borðlampar
Ø20cm. Ýmsir litir **2.990,-/stk.**

IKEA PS fatahirslur B52×D68,
H164cm. Ýmsir litir **6.490,-/stk.**

ANDREA SATIN sængurverasett
B150×L200cm/B50xL60cm.
Ýmsir litir **4.490,-/settið**

VÄNNA spegill
m/blómum B40×L120cm.
Rautt **5.990,-**

EXPEDIT bókaskápar B79×L149cm.
Ýmsir litir **12.950,-/stk.**

MIKAEL skúffueiningar
á hjólum B37×D50, H69cm.
Ýmsir litir **9.950,-/stk.**

ALSEDA kollur Ø60, H18cm.
Bananatrefjar **3.990,-**

3.990,-/stk.

SUNNAN vinnulampa m/sólarrafhlöðu
H44cm. Ýmsir litir

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

> DEILDU UM TWITTER

Leikkonan **Jennifer Aniston** mun hafa sparkað kærastanum **John Mayer** vegna dálætis hans á örbloggsíðunni Twitter. Bandaríska tímaritið Star segir að Aniston hafi gefist upp á Mayer þegar hann sagðist ekki hafa tíma til að hitta hana eða tala við hana í síma en var sífellt að uppfæra Twittersíðuna sína.

fólk

folk@frettabla

Anita Briem hættir í Tudors

Anita Briem verður ekki í þriðju seríu af The Tudors, sjónvarpsþáttunum um breska kónginn Hinrik VIII sem átti fjölda eiginkvenna og sagði sig úr kaþólsku kirkjunni vegna þess að hann fékk ekki að skilja við fyrstu eiginkonu sína.

Anita lék eina af frillum Hinriks og verðandi eiginkonu, Jane Seymour, í annarri þáttaröðinni og kom fram í fjórum þáttum. Þetta vakti óneitanlega mikla athygli hér á landi enda vinsæl þáttaröð en hún hefur meðal annars verið sýnd á Stöð 2. Með hlutverk Hinriks hins kvensama fer Jonathan Rhys-Meyers en meðal stórleikara sem hafa komið við sögu má nefna Sam Neill og Peter O'Toole.

Í stað Anitu hefur smástirnið Annabelle Wallis verið valið í hlutverk Seymour en Wallis þessi er frænka breska stórleikarans Richard Harris og vakti fyrst athygli í kvikmyndinni Dil Jo Bhi Kahey en stjarna þeirrar myndar var indverska ofurstjarnan Amitabh Bachchan.

Anita hefur verið áberandi í félagslífinu í Los Angeles og verið dugleg að mæta á frumsýningar stórmynda á borð við Watchmen. Hennar næsta verkefni er The Storyteller en þar mun hún leika á móti Idol-stjörnunni Katherine McPhee. **- fgg**

LÍKAR Það er óneitanlega svipur með þeim Anitu og Annabelle og því ekki víst að áhorfendur heima í stofu eigi eftir að finna fyrir innáskiptingunni.

Dóri með fangablús á Skólavörðustíg

Í tilefni af setningu Blúshátíðar Reykjavíkur 4. apríl ætlar hljómsveitin Nordic All Star Blues Band að heimsækja fangelsið við Skólavörðustíg og spila þar fyrir fangana.

„Tugir blústónlistarmanna ætla að safnast saman og spila í verslunum og á götunum úti á Skólavörðustígnum og við ætlum að kíkja inn í fangelsið og taka nokkur lög," segir Halldór Bragason, formaður Blúsfélags Reykjavíkur og meðlimur Nordic All Star Blues Band. „Við erum ekki búnir að tala við þá en ég efast ekki um að við fáum góð viðbrögð við því. Annars spilum við bara hátt fyrir utan fangelsið. Þeir verða að fá sinn skerf, fangarnir."

Þennan dag verður ýmislegt fleira um að vera í miðbænum. Til dæmis munu blúsvagnar Krúsersklúbbs Reykjavíkur aka niður Skólavörðustíg og Bankastræti og enda á bílasýningu á Lækjartorgi. „Það ætla allir að mæta með sólgleraugu og hatt og keyra á flottustu eðalvögnum landins," segir Halldór. „Síðan verðum við með gítarsýningu hjá Sævari Karli og fleira. Þetta er allt í vinsemd við lögreglu og Reykjavíkurborg um að gera þetta." **- fb**

HALLDÓR BRAGASON Halldór og félagar í Nordic All Star Blues Band spila í fangelsinu á Skólavörðustíg 4. apríl.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Magnús puttabrotinn eftir viðskipti við Jackie Chan

Magnús Scheving er nú að leggja lokahönd á sitt hlutverk fyrir kvikmyndina Spy Next Door sem skartar sjálfum Jackie Chan í aðalhlutverki. Tökur á myndinni gengu ekki áfallalaust fyrir sig.

„Þetta var sennilega erfiðasta vinna sem ég hef fengist við. En um leið sú skemmtilegasta," segir Magnús Scheving, betur þekktur sem Íþróttaálfurinn. Hann hefur verið að setja inn búkhljóð og önnur aukahljóð á kvikmyndina Spy Next Door þar sem Kung Fu-goðsögnin Jackie Chan er í aðalhlutverki. Magnús leikur þrjótinn PolDark í myndinni.

Chan er þekktur fyrir að leggja allt í slagsmálaatriðin og leikur gjarnan í þeim sjálfur. Af þeim sökum hefur hann brotið í sér hvert einasta bein. Segja má að skrattinn hafi hitt ömmu sína þegar Magnús mætti á svæðið því íþróttaálfurinn notaði enga áhættuleikara, vildi enga víra til að hífa sig upp á milli hæða heldur hoppaði bara út um allt eins og unglingsdrengur. Þetta hafði þó sínar afleiðingar fyrir Magnús. „Já, maður kom ansi lemstraður til baka, allur blár og marinn og með brotinn putta," útskýrir Magnús sem lét pústrana þó lítið á sig fá. „Ég lék í einu atriði þar sem Jackie tekur af sér belti og á að slá til mín. Ég skildi aldrei hvað hann var að segja, hvort ég ætti að koma nær eða færa mig frá honum og í öllum sjö upptökunum sló hann mig þéttingsfast með beltinu í andlitið," segir Magnús sem komst ansi nálægt því að rota einn af aðstoðarmönnum Chan. „Við vorum að æfa eitt atriðið og Chan hafði breytt því án þess að láta aðstoðarmanninn vita. Ég tók hringspark og hitt hann beint í höfuðið og hann steinlá. Eftir smá stund rauk hann á fætur og sagði að þetta mætti ég alls ekki gera; þetta væri höfuðið á Jackie Chan." Chan var ákaflega hrifinn af Magnúsi og sagði þetta vera einn mesta íþróttamann sem hann hefði unnið með.

En þrátt fyrir öll læti og spörkin sem fylgja því að leika í Jackie Chan-mynd þá ber Magnús honum vel söguna. „Hann er mikill húmoristi og hann leigði eitt sinn veitingahús undir allt tökuliðið og eldaði ofan í alla sjálfur," segir Magnús sem hyggst sækja Chan heim í Hong Kong á næstunni. „Já, hann bauð mér til sín og ég ætla að fara til hans," segir Magnús sem gaf það sterklega í skyn að Chan gæti jafnvel komið Latabæ til aðstoðar við markaðssetningu á vörunni í Asíu.
freyrgigja@frettabladid.is

SKRATTINN HITTI ÖMMU SÍNA
Segja má að skrattinn hafi hitt ömmu sína þegar leiðir Chan og Magnúsar Scheving lágu saman. Magnús harðneitaði að fá áhættuleikara og fékk af þeim sökum nokkrar skrámur, marbletti og brotinn putta.

Auglýsa eftir framtíðarsýn

„Við erum að hvetja fólk til að senda okkur framtíðarsýn sína á Ísland. Það getur verið hvað sem er," segir Hildur Steinþórsdóttir skipulagsarkitekt en hún og kollegi hennar, Hildur Gunnlaugsdóttir byggingaarkitekt, hafa stofnað síðu á Facebook sem kallast Framtíðarsalan Hildur og Hildur. Þar vonast þær til að fólk sendi þeim hugmyndir að framtíð landsins en sjálfar hafa þær unnið eigin þrjár hugmyndir sem kynntar verða á Hönnunardögum nú um helgina.

„Við höfum auðvitað fundið síðan í haust, hvað fólk er neikvætt á framtíð landsins. Við vildum því reyna að sýna fólki að margt geti búið í framtíðinni," segir Hildur Gunnlaugsdóttir.

Þær stöllur tóku fyrir þrjú óklárað svæði í Reykjavík. „Í kringum tónlistarhúsið sáum við fyrir okkur útivistarsvæði fyrir hjólreiðafólk, hesta og ýmislegt annað. Við leggjum til að Grandi verði eins konar matarkista, með matjurtagörðum og framtíðarhugmynd okkar um Skuggahverfið er útfærð eins og það gæti orðið eftir 100 ár, þegar hlýnun jarðar hefur orsakað hækkað sjávarmál," segir Hildur Gunnlaugsdóttir en þá séu stórhýsin komin hálf á kaf og á milli þeirra megi sigla og skoða höfrunga og eins konar gróðurfrumskóg.

ÆVINTÝRALEGAR FRAMTÍÐARHUGMYNDIR Hildur Steinþórsdóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir útfærðu eigin framtíðarsýnir á þrjú svæði í Reykjavík og höfðu þær mjög ýktar að eigin sögn til að fá fólk til að staldra við og sjá að framtíðin er full af möguleikum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vonumst svo til að geta fengið styrk til að vinna kannski með innsendar framtíðarsýnir frekar í sumar, jafnvel í vinnustöð." **- jma**

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

SPARAÐU!
Sérsniðnar ræstingalausnir
Er HREINT hjá þér?
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Verndarengill
GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS

www.fip.is
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu
PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
FÍP

LAMBAKJOT.IS

TÖFRABRAGÐ *páskalambsins*

„Það er engin tilviljun að páskamaturinn er ljúffengur lambaréttur. Léttur vorfílingurinn liggur í loftinu."

Kryddað lambalæri með sinnepssósu

Lambalæri 2,5 - 3 kg • salt • nýmalaður pipar • Kryddhjúpur: 1/2 dl grófkorna sinnep • 1 dl rasp 1 dl estragon, smátt saxað • 3 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk steinselja, smátt söxuð

Kryddið lærið með salti og pipar og steikið í 1 klst við 180°C. Takið þá kjötið úr ofninum og penslið með sinnepinu. Stráið raspi, estragoni, hvítlauk og steinselju yfir og bakið í 10 mín. til viðbótar.

Sinnepsósa

4 dl lambakjötssoð eða vatn og lambakraftur • 1 dl rjómi • 1 laukur, smátt saxaður • 1 - 2 msk gróft sinnep • 1 msk estragon • 1 dl hvítvín (má sleppa) • salt • nýmalaður pipar • sósujafnari

Setjið allt nema sósujafnara í pott og hleypið uppá. Látið sjóða í 3-5 mín. Þykkið með sósujafnara og bragðbætið með salti og pipar. Berið fram með bökuðu grænmeti, kartöflubátum og sinnepssósu.

70 - 80 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA LJÚFFENGT

H:N markaðssamskipti / SÍA

Velja bestu plötur sögunnar

Val á hundrað bestu plötum Íslandssögunnar er hafið í samstarfi Félags hljómplötuframleiðenda, Rásar 2 og Tónlist.is. Bæði almenningur og sérstök dómnefnd munu taka þátt í valinu.

„Okkar langaði bara til að gera eitthvað skemmtilegt," segir Eiður Arnarsson hjá Félagi hljómplötuframleiðenda. „Það er löngu kominn tími til að gera þetta, má segja. Það er líka hálfgert tilefni að það eru um það bil hundrað ár síðan hljóðritun íslenskrar tónlistar hófst. Það er dálítið á reiki hvenær það var nákvæmlega, en það var á bilinu 1908 til 1910."

Árið 2000 gaf Dr. Gunni út bókina Eru ekki allir í stuði? Þar var valin

EIÐUR ARNARSSON Segir að löngu hafi verið kominn tími á val á hundrað bestu plötum Íslandssögunnar.

plata aldarinnar og stóð Ágætis byrjun með Sigur Rós uppi sem sigurvegari. „Þetta er fyrst og fremst svolítið víðtækari könnun en sá listi var samt mjög góður. Á þeim grundvallarlista sem þetta val gengur út frá eru allar plöturnar sem voru í valinu hjá Gunna. Svo kemur bara í ljós hvar þær lenda," segir Eiður.

Á föstudag hefst hið eiginlega kjör þar sem bæði almenningur og hundrað manna dómnefnd velja hundrað bestu plöturnar af 400 platna lista, án þess þó að raða þeim í sæti. Þegar listinn hefur verið skorinn niður í hundrað plötur tekur seinni hluti kjörsins við þar sem almenningur og dómnefndin raða plötunum í sæti. Hina endanlegu niðurstöðu er svo ætlunin að kynna á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

-fb

Fyrstu sólótónleikar Pálma

Pálmi Sigurhjartarson, sem hefur hingað til gert garðinn frægan sem hljómborðsleikari Sniglabandsins, heldur sína fyrstu tónleika í eigin nafni í kvöld.

„Maður er búinn að vera að gæla við þá hugmynd að hljóðrita efni upp á eigin spýtur en það hefur alltaf vikið fyrir öðrum verkefnum," segir Pálmi. „Mitt fyrsta verk eftir áramótin var að ég fór og bókaði þessa tónleika. Ég var með eitthvað efni í höndunum en samt með nett tvær hendur tómar," segir hann og telur að þessi pressa sem hann setti á sig hafi verið nauðsynleg. „Síðan er frekar rólegt yfir tónlistarbransanum í janúar og febrúar þannig að ég ákvað að nota tímann í þetta verkefni."

Tónleikarnir verða á Café Rosenberg klukkan 22 og verður Pálmi með hljómsveit sér til halds og trausts. Einnig koma fram gestasöngvararnir Andrea Gylfadóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Jóhann

PÁLMI OG HLJÓMSVEIT Pálmi Sigurhjartarson heldur sína fyrstu tónleika í eigin nafni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurðarson og Björgvin Ploder, félagi hans úr Sniglabandinu. Að auki stígur á svið drengjakór Hafnarfjarðar. „Mig langar að byrja á því að prófa lögin á fólki á tónleikum og ákveða síðan hvað ég ætla að hljóðrita. Þetta er oft á tíðum réttari leið, að leyfa músíkinni að þróast og fara í sínar áttir sem hún gerir þegar maður fer að spila fyrir áhorfendur," segir Pálmi.

- fb

ÁLFABAKKA

RACE TO WITCH MOUNTAIN	5:50D - 8D - 10:20	L
RACE TO WITCH MOUNTAIN	5:50 - 8	VIP
DUPLICITY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
WATCHMEN	kl. 8 - 10:10D	16
WATCHMEN	kl. 10:10	VIP
ELEGY	kl. 8	12
GRAN TORINO	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
DESPEREAUX m/ísl. tali	kl. 5:50	L
BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 5:50	L

KRINGLUNNI

DUPLICITY	kl. 5:40 - 8D - 10:30D	12
RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 5:50D - 8D	L
WATCHMEN	kl. 10:10D	16
GRAN TORINO	kl. 8 - 10:30	12
CONFESSIONS SHOPAHOLIC	kl. 5:50	L

SELFOSS

RACE TO WITCH...	kl. 8 - 10:10	L
GRAN TORINO	kl. 10:10	12
MARLEY AND ME	kl. 8	L

AKUREYRI

RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 8	7
WATCHMEN	kl. 8	16

KEFLAVÍK

RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 8	7
DEFIANCE	kl. 10:10	16
PINK PANTHER 2	kl. 8	L
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 10	12

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

KILLSHOT	kl. 6 - 8 - 10.30	16
BLÁI FÍLLINN	kl. 4	L
WATCHMEN D	kl. 4.50 - 8 - 10.15	16
WATCHMEN LÚXUS D	kl. 4.50 - 8	16
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 8	L
THE INTERNATIONAL	kl. 10.30	16
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 3.40	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.30 - 8	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 3.40	L

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

KILLSHOT	kl. 6 - 8 - 10	16
THE INTERNATIONAL	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 6 - 9	12
FANBOYS	kl. 8 - 10.10	L
THE PINK PANTHER 2	kl. 6	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ARN THE NIGHT TEMPLAR	kl. 6 - 9	16
BLÁI FÍLLINN	kl. 6	L
LAST CHANCE HARVEY	kl. 8 - 10.10	L
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
THE READER	kl. 8 - 10.20	14
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5.50	L

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

MARLEY AND ME	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
BLÁI FÍLLINN	kl. 5.50	L
MILK	kl. 8 síðasta sýning	12
THE WRESTLER	kl. 10.20 síðasta sýning	14

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

MALL COP	kl. 8 - Forsýning	L
DUPLICITY	kl. 5.40, 8 og 10.30	16
BLÁI FÍLLINN - Ísl. tal	kl. 5 (650 kr)	L
WATCHMEN	kl. 7 og 10	16
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.45 og 10.30	12

FRÁBÆR TILBOÐ

PHILIPS

Philips 42PFL7403D
42" LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta upplausn, Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 29.000:1 skerpu, 100Hz LCD, ljósskynjara og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 30w Nicam Stereó, BBE Virtual Dolby Digital, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, Coax út,USB ofl.

TILBOÐ
269.995
FULLT VERÐ 349.995

HDMI
PIXEL PLUS 3HD

PHILIPS 4GB

Philips SA1942
4GB MP3 SPILARI með innb. diktafóni og hljóðnema, tónjafnara, LCD skjá, lithium rafhlöðu með 27 klst. afspilun. Þyngd: 0.034kg. Styður MP3/WAV/WMA.

NETTUR
MP3 SPILARI

TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 12.995

CASIO 3JA SKREFA KENNSLUKERFI

Casio CTK-720
HLJÓMBORÐ með 5 áttundum, 61 nótu, 242 hljóði, 100 ryþmum, 32 nótna pólifóníu, 100 æfingalögum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, USB, fótpedala-, hjóðnema- og heyrnatólstengi. Getur sótt hljóð af netinu.

TILBOÐ
26.995
FULLT VERÐ 29.995

Panasonic MEÐ IPOD VÖGGU

Panasonic SCEN38
2x8 lítil og nett Panasonic MÍKRÓSAMSTÆÐA með iPod vöggu, geislaspilara, klukku með vekjara og svefnrofa, stafrænt útvarp með 30 stöðvaminnum, heyrnatóls- og USB tengi. Hleður iPod á meðan þú hlustar. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA.

TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 34.995

Toshiba 19DV550PG
19" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

TILBOÐ
59.995
FULLT VERÐ 99.995

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

> Dóru og félögum spáð sigri

Dóru Stefánsdóttur og félögum í LdB Malmö var spáð sigri í sænsku úrvalsdeildinni í kvennafótbolta af gestum á kynningarfundi deildarinnar sem hófst með opnunarleik Umeå og Örebro í gær. LdB Malmö fékk 57 prósent atkvæða mun meira en Umeå (20 prósent) sem er búið að vinna sænsku deildina fjögur ár í röð. Umeå er búið að missa nokkra leikmenn, þar á meðal bestu knattspyrnukonu heims, Mörtu, til Bandaríkjanna. Linköping, lið Margrétar Láru Viðarsdóttur, varð síðan í þriðja sæti í spánni með 10 prósent atkvæða. Dóra og félagar leika sinna fyrsta leik á móti Kopparbergs/Göteborg á útivelli á laugardaginn.

sport
sport@frettabladid.is

HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR: FÉKK FRÍ Á EINNI MORGUNÆFINGU AÐ LAUNUM FYRIR 4 GULL OG 2 ÍSLANDSMET

Algjört æði að komast inn á HM í Róm

Hrafnhildur Lúthersdóttir, 18 ára sundkona úr SH, var ein aðalstjarnan á nýafstöðnu Íslandsmeistaramóti í sundi þar sem hún vann fjórar einstaklingsgreinar og setti tvö glæsileg Íslandsmet.

„Þetta gekk mjög vel og þetta fór alveg eins og ég vildi. Það er búið að vera takmark hjá mér að ná þessum Íslandsmetum. Þessi helgi var því eins og góður draumur," segir Hrafnhildur. „Það var líka algjört æði að komast inn á HM. Ég náði inn í 100 metra bringusundi og með því þá fæ ég að keppa líka í 50 metra bringusundi," segir Hrafnhildur en HM fer fram í Róm á Ítalíu í sumar.

„Ég sá að ég átti möguleika á að ná Íslandsmetinu og lágmarkinu á HM í 100 metra bringu þannig að við ákváðum það í sameiningu, ég og þjálfarinn minn, að æfa aðallega fyrir það og ná því markmiði."

Hrafnhildur fékk ekki mikinn tíma til að jafna sig eftir frábæra helgi. „Við þurftum sem betur fer ekki að fara á morgunæfingu á mánudaginn og svo var bara róleg æfing um daginn. Það var mjög fínt að fá að sleppa við eina morgunæfingu," sagði Hrafnhildur sem leggur mikið á sig til að komast sem hraðast í lauginni.

Hrafnhildur bætti Íslandsmet Erlu Daggar Haraldsdóttur í bæði 50 og 100 metra bringusundi en hún hefur í langan tíma verið að narta í hælana á henni. Þær náðu sem dæmi báðar B-lágmarki inn á Ólympíuleikana í Peking en Erla var aðeins á undan og Hrafnhildur sat eftir heima. „Það er mjög skemmtilegt að koma nafninu sínu í metabækurnar og það er mjög stórt afrek fyrir mig. Annars er maður ekki mikið að spá í þessu dags daglega," segir Hrafnhildur en hún er löngu hætt að svekkja sig á því hvað munaði litlu að hún færi á Ólympíuleikana. „Það þýðir ekkert að vera hugsa um það heldur bara að stefna á næsta sund," segir Hrafnhildur.

En hvað er fram undan? „Bikarkeppnin er eftir mánuð og ég ætla að stefna á að reyna að synda hratt þar og bæta tímana mína. Stærstu mótin í sumar eru Smáþjóðaleikarnir og svo HM."

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express deild karla

Snæfell-Grindavík 81-84 (44-52)

Stig Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 27, Hlynur Bæringsson 18 (8 fráköst), Magni Hafsteinsson 9, Jón Ólafur Jónsson 9, Lucious Wagner 8 (5 stoðs.), Slobodan Subasic 7, Gunnlaugur Smárason 2, Atli Rafn Hreinsson 1.

Stig Grindavíkur: Brenton Birmingham 23 (5 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 17 (hitti úr 7 af 9 skotum), Arnar Freyr Jónsson 12, Nick Bradford 10, Guðlaugur Eyjólfsson 8, Helgi Jónas Guðfinnsson 8, Páll Kristinsson 6.

Sænski kvennafótboltinn:

Umeå-Örebro 2-0

Edda Garðarsdóttir og **Ólína Viðarsdóttir** léku allan leikinn með liði Örebro og fengu báðar að líta gula spjaldið í leiknum.

9 MÖRK Guðjón Valur. NORDICPHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn í gær:

Guðjón markahæstur í útisigri

HANDBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson átti mjög góðan leik í 38-33 sigri Rhein-Neckar Löwen á Balingen-Weilstetten þegar þeir heimsóttu þá til Balingen í gær.

Guðjón Valur var markahæstur í sínu liði með 9 mörk þar af var aðeins eitt þeirra úr vítakasti.

Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar í Kiel unnu sinn 24. leik í röð í deildinni þegar liðið vann 42-35 sigur á Melsungen. Eftir þennan sigur hefur Kiel fjórtán stiga forskot á Hamburg og Lemgo. **- óój**

MEIDDUR Heiðar Helguson getur ekki spilað á móti Skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsleikurinn við Skota:

Heiðar er frá og Brynjar tæpur

FÓTBOLTI Það eru forföll í íslenska landsliðinu eins og í því skoska fyrir leik þjóðanna í undankeppni HM í næstu viku. Það er ekki víst að Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari, velji nýjan mann í staðinn fyrir Heiðar.

Heiðar Helguson verður ekki með íslenska landsliðinu í leiknum og þá er óvíst hvort Brynjar Björn Gunnarsson geti spilað en hann tognaði á læri með Reading um helgina.

Emil Hallfreðsson er hins vegar klár í slaginn en hann hefur glímt við meiðsli líka. **- óój**

Lömbin þögnuðu í Fjárhúsinu

Snæfell er komið í erfiða stöðu eftir annað tap gegn Grindavík í Fjárhúsinu í gærkvöldi. Leikurinn var æsispennandi en Grindvíkingar reyndust sterkari og geta tryggt sig í úrslitaeinvígið á laugardag.

KÖRFUBOLTI Áhorfendur höfðu hátt í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gærkvöld en lömbin þögnuðu þegar leik var lokið og sigur gestanna, 81-84, staðreynd. Snæfellingar börðust grimmilega í leiknum en vantaði einfaldlega framlag frá fleiri leikmönnum í gær til þess að klára leikinn gegn firnasterku liði Grindavíkur.

Snæfell var algjörlega tekið í bakaríið í fyrsta leiknum í Grindavík sem var algjör einstefna hjá Grindvíkingum. Lykilmenn Snæfells voru víðs fjarri sínu besta og þeir urðu að taka á honum stóra sínum í þessum leik. Það var alveg ljóst að heimamenn í Snæfelli yrðu að hægja á leik Grindvíkinga ætluðu þeir sér að eiga möguleika í leiknum. Það gekk ágætlega framan af leik.

Þjálfararnir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson voru báðir að stíga upp hjá sínum mönnum en þeir áttu mikið inni eftir fyrsta leikinn. Jafnt var á með liðunum allan fyrsta leikhlutann en gestirnir leiddu með einu stigi eftir fyrsta leikhlutann, 20-21. Brenton Birmingham í fínu formi hjá þeim en Nick Bradford var eitthvað pirraður og í vandræðum með að komast í gang.

Jafnræði var með liðunum í öðrum leikhluta. Innkoma Guðlaugs Eyjólfssonar hleypti krafti í gestina. Hann setti niður tvær þriggja stiga körfur og Grindavík náði sex stiga forskoti, 34-40. Heimamenn tóku leikhlé, bættu aðeins í og sáu til þess að forskotið var ekki of mikið í leikhléi, 44-52. Væntanlega samt fleiri stig skoruð hjá Grindavík en Snæfellingar höfðu ætlað að fá á sig og morgunljóst að þeir þurftu að þétta varnarleikinn hjá sér í síðari hálfleik og stöðva stórskyttur Grindvíkur.

Þriðji leikhlutinn var frábær hjá heimamönnum. Þjálfararnir Sigurður Þorvaldsson og Hlynur Bæringsson báru sitt lið algjörlega á bakinu. Hlynur í vörninni og svo raðaði Sigurður niður stigunum fyrir sína menn en hann hafði hamskipti í þriðja leikhlutanum. Þessi magnaði leikur þjálfaranna skilaði því að Snæfell leiddi með tveimur stigum, 69-67, fyrir síðasta leikhlutann.

LOKSINS SIGUR Grindavík hafði tapað fimm leikjum í röð í Hólminum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN

SÁRT Hlynur Bæringsson meiddi sig illa í baki og missti af lokasekúndunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN

Grindvíkingar komu þéttir inn í lokaleikhlutanum, leiddir af hinum magnaða Brenton Birmingham sem spilaði vel fyrir sína menn. Grindvíkingar höfðu fjögurra stiga forskot, 78-82, þegar ein og hálf mínúta var eftir. Snæfell neitaði að gefast upp, kom sér í tækifæri og átti síðustu sóknina en vörn Grindavíkur hélt og þröngt skot Sigurðar fór ekki ofan í körfuna.

Magnaður sigur hjá gestunum sem eru komnir í lykilstöðu í einvíginu. Brenton spilar vel, Arnar með lipur tilþrif og þeir Guðlaugur og Þorleifur settu niður mikilvægar körfur.

Hlynur og Sigurður í sérflokki hjá sínum mönnum en það sem varð þeim að falli í gær var allt of lítið framlag frá öðrum leikmönnum. Snæfellingar söknuðu sérstaklega meira framlags frá útlendingunum Wagner og Subasic sem voru arfaslakir. Jón Ólafur og Magni geta líka betur.

henry@frettabladid.is

Þjálfari Grindavíkur, Friðrik Ragnarsson, var kátur eftir leikinn en Hlynur Bæringsson skorar á sína menn:

Verðum að spila eins og karlmenn í Grindavík

KÖRFUBOLTI Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, gat leyft sér að brosa eftir leik í gær enda ekki á hverjum degi sem hann sigrar í Stykkishólmi.

„Þetta var sérstaklega sætt þar sem við klúðruðum gjörunnum leik hér í fyrra. Oftar en ekki hefur heimferðin verið ákaflega löng og leiðinleg en það verður gaman á leiðinni heim núna," sagði Friðrik brosmildur.

„Við héldum haus þó svo sóknarleikurinn hafi ekki verið upp á marga fiska í seinni hálfleik. Það sem ég er ánægðastur með í dag er að við vinnum og vörnin hélt þegar við þurftum á því að halda. Það er alltaf þungt og erfitt að spila gegn Snæfelli. Þetta eru stórir og sterkir strákar sem erfitt er að ráða við," sagði Friðrik sem er ánægður með að geta klárað einvígið á laugardag en varar menn við því að halda að þriðji leikurinn verði eitthvað formsatriði.

SEX ÁRA BIÐ Á ENDA Friðrik Ragnarsson stjórnaði liði til sigurs í Stykkishólmi í fyrsta sinn síðan árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/E.STEFÁN

„Það getur verið hættulegt. Þetta er oft fljótt að breytast. Ef við mætum ekki með hausinn í lagi í þann leik og töpum þurfum við að koma aftur hingað og það verður ekki auðvelt. Við verðum að nýta meðbyrinn og klára þetta á laugardag," sagði Friðrik og bætti við að óvíst sé hvort Páll Axel Vilbergsson geti spilað.

Hlynur Bæringsson, þjálfari og leikmaður Snæfells, var að vonum svekktur í leikslok. „Þetta var rosalegt. Við erum ekki að spila vel og höfum ekki verið að spila vel í nokkrar vikur núna. Ég vil sjá alla mæta klára í Grindavík og spila eins og karlmenn. Þá meina ég allir sem einn og berjum frá okkur en þó innan ramma laganna," sagði Hlynur, sem lagði sitt af mörkum, en það sama verður ekki sagt um alla leikmenn Snæfellsliðsins.

„Til að vinna topplið eins og Grindavík þurfa allir að eiga nokkuð góðan leik. Þetta lið var í sérflokki með KR í vetur. Ég trúi ekki að við brotnum saman eins og í fyrra gegn Keflavík. Nú verða menn að sýna úr hverju þeir eru gerðir og mæta geðveikir til Grindavíkur," sagði Hlynur sem fékk vondan skell undir lok leiksins en bar sig vel þrátt fyrir augljósan sársauka. **- hbg**

FERMINGAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

5335
ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Ný og glæsileg 15,6” fartölva frá Acer með 16:9 Cinema skjá fyrir hærri upplausn og betri mynd ásamt 300Mbps þráðlausu neti.

- Intel Celeron M585 2.16GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6” CineCrystal 16:9 skjár 8ms
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

99.900

500GB
HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

29.900
750GB AÐEINS 34.900

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl

NÝ LENT

GTS250
1GB GTS250 SKJÁKORT

Öflugasta og kaldasta GTS250 skjákortið á markaðinum er nýja GIGABYTE GTS250 skjákortið með 2oz kopar kælitækni.

- 1GB GDDR3 2.2GHz háhraða minni
- Styður nýjustu Direct X10 leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- HDMI, DVI-I, VGA og fleiri tengi
- PureVideo HD2, H.264 og VC-1 tækni
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
- Nær hljóðlaus kælitækni með 4 hitapípum

GIGABYTE

24.900

3 DAGA TILBOÐ

22”LCD
HANNS-G WIDESCREEN

Stórglæsilegur 22” WideScreen skjár frá Hanns G með kristaltæra mynd og ótrúlega litadýpt hvergi á betra verði.

- 22” WideScreen LCD skjár
- 1000:1 True Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA tengi og kapall fylgir
- innbyggðir 3W hátalarar
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

HANNS·G

29.900

ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND

CREATIVE VÖRUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

MINNISKORT
50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Mikil meiðsli í herbúðum skoska landsliðsins fyrir leikina í undankeppni HM 2010:

Meiðslum hjá Skotum fjölgar enn

FÓTBOLTI George Burley, landsliðsþjálfari Skota, á í mestum vandræðum með að halda saman hópnum sem hann valdi fyrir leiki Skota gegn Hollandi og Íslandi í undankeppni HM 2010. Í fyrradag var greint frá því að varnarmennirnir David Weir og Kirk Broadfoot verði ekki með í leikjunum tveimur og miðvallarleikmaðurinn Kris Commons ekki með gegn Hollendingum. Enn væru vonir bundnar við Íslandsleikinn.

Broadfoot skoraði fyrra mark Skota í 2-1 sigri liðsins á Íslandi hér á Laugardalsvelli síðastliðið haust.

Í gær var svo greint frá því að Paul Hartley hefði meiðst á æfingu og verður hann ekki heldur með í leikjunum tveimur.

Þar að auki var fyrirliðinn Barry Ferguson tæpur þar sem hann á við meiðsli á rifbeinum að stríða. Hins vegar kom í ljós í gær að meiðsli hans voru ekki eins slæm og í fyrstu var óttast.

Terry Butcher, aðstoðarmaður Burley, sagði þá vongóða um að hann myndi í það minnsta ná leiknum gegn Íslandi.

Varalandsliðsfyrirliðinn, Stephen McManus, er einnig tæpur en hann er meiddur á ökkla.

Talið er líklegt að Burley hefði kosið að tefla fram þeim Ferguson og Darren Fletcher, leikmanni Manchester United, á miðjunni og þeim Weir og McManus sem miðvarðapari. Broadfoot hefur gegnt stöðu hægri bakvarðar. Þar að auki er James McFadden frá vegna meiðsla og annar skæður sóknarmaður, Kris Boyd, hefur neitað að spila aftur undir stjórn Burley.

Skotar eiga þó marga leikmenn en hætt er við því að Burley þurfi að stilla upp liði gegn Hollandi um helgina sem hefur lítið spilað saman til þessa. **- esá**

TÆPUR Stephen McManus fékk rautt spjald í síðasta leik gegn Íslandi og er tæpur fyrir leikinn úti.

Mark Hughes:

Ekkert vesen með Robinho

FÓTBOLTI Mark Hughes, stjóri Man. City, segir að fréttir um slæmt samband sitt og Brasilíumannsins Robinho séu orðum aukanr. Mikið hefur verið ritað um stirt samband þeirra og talað um að Robinho fari frá félaginu í sumar vegna þessa.

„Sannleikurinn er sá að það er allt miklu rólegra en haldið hefur verið fram. Það er sagt að það logi allt í klefanum en þar er allt mun rólegra en fólk heldur," sagði Hughes en félagið þurfti að sekta Brasilíumanninn fyrr í vetur er hann stakk af frá æfingabúðum á Tenerife og fór heim til Brasilíu.

Robinho hefur spilað mjög vel með City í vetur og skoraði tólf mörk fyrir áramót. Hughes segir að Robinho sé í langtímaáætlunum sínum. „Að sjálfsögðu er hann það. Þeir sem halda öðru fram eru að fara með rangt mál. Hann er frábær leikmaður sem vill taka þátt í því sem við erum að gera hjá þessu félagi," sagði Mark Hughes. **- hbg**

SÁTTIR Hughes segir engin vandræði á milli sín og Robinho.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Evra um gengi United:

Bara smá slys hjá okkur

FÓTBOLTI Franski bakvörðurinn Patrice Evra hjá Man. Utd gerir lítið úr þeirri lægð sem United er í þessa dagana. Liðið hefur tapað tveim síðustu leikjum sínum í deildinni og hefur aðeins eins stigs forskot á toppnum. United á samt einn leik inni.

Það er landsleikjahlé núna og næsti leikur United í deildinni er 5. apríl er Aston Villa kemur í heimsókn á Old Trafford.

„Þetta er í fyrsta skipti á þriggja ára ferli mínum hjá United sem ég upplifi tvo tapleiki í röð. Ég er viss um að þetta var bara smá slys hjá okkur," sagði Evra sem er með franska landsliðinu sem mætir Litháen í undankeppni HM 2010. **- hbg**



PATRIC EVRA Hefur engar áhyggjur af gengi United. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

DHL LÝSING N1 2 SPORT besta sætið

ALDREI MEIRI SPENNA
NÝJAR REGLUR, NÝIR BÍLAR OG MEIRI HRAÐI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT
OG SJÁÐU ÍTARLEGRI UMFJÖLLUN UM FORMÚLUNA Í SÉRÞÁTTUM FYRIR OG STRAX EFTIR MÓT

FORMÚLA 1 HEFST Í KVÖLD KL. 20:00
Aldrei hafa verið horfur á meiri spennu í Formúlu 1 en á þessu ári. Breyttar reglur hafa gjörbreytt útliti og eiginleikum bílanna. Meira jafnræði er á milli ökumanna og keppnisliða og þar með meira um framúrakstur og spennu.

FORMÚLA 1 Í ÁSTRALÍU UM HELGINA

Í KVÖLD	KL. 20:00	VIÐ RÁSMARKIÐ Sjáðu fræga fólkið takast á í Formúlu 1 ökuhermi
FÖSTUDAG	KL. 20:45	SAMANTEKT FRÁ ÆFINGUM
LAUGARDAG	KL. 05:45	TÍMATAKA - Í OPINNI DAGSKRÁ
SUNNUDAG	KL. 05:30	KAPPAKSTUR - Í OPINNI DAGSKRÁ
SUNNUDAG	KL. 08:15	VIÐ ENDAMARKIÐ

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

GERRARD Hógvær með afbrigðum.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

Er ekki bestur í heiminum

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, gerir lítið úr þeim orðum Zinedines Zidane að hann sé besti leikmaður heims um þessar mundir.

„Ég varð upp með mér þegar ég heyrði þetta en tek slíku hrósi varlega. Ég er virkilega sáttur við það hvernig ég spila en ég held ekki að ég sé besti leikmaður heims. Alls ekki," sagði Gerrard hógvær líkt og oft áður.

„Er hann sá besti í heiminum? Hann fær kannski ekki sömu athygli og Messi og Ronaldo en ég held samt að hann sé bestur," sagði Zidane.

„Hann hefur frábæra spyrnugetu. Kann að tækla og skorar mörk. Það sem meira er þá smitar hann félaga sína með sjálfstrausti og trú. Það er ekki hægt að læra slíkt. Leikmenn eins og hann eru fæddir með slíka nærveru," sagði Zidane sem er augljóslega mikill aðdáandi Englendingsins. **- hbg**

Plaxico Burress:

Hræddur við að fara í fangelsi

NFL Útherji NY Giants, Plaxico Burress, komst í fréttirnar á síðasta ári þegar hann skaut sjálfan sig í fótinn í bókstaflegri merkingu. Hann var með ólöglegt vopn á almannafæri og gæti átt yfir höfði sér allt að þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir vikið.

Það óttast útherjinn mjög að því er vinur hans og félagi hjá Giants, Brandon Jacobs, segir.

„Það getur verið frekar ógnvekjandi að vita ekki hvar maður verður kannski næstu þrjú og hálft árið. Það getur verið mjög erfitt að vera í slíkri stöðu," sagði Jacobs.

„Burress hefur liðið svona í marga mánuði og hann óttast hvað muni gerast. Hann er góður suma daga en aðra daga er óvissan alveg að fara með hann," sagði Jacobs sem er í daglegu sms-sambandi við vin sinn. - hbg

ALLAN MCGREGOR Fær að spila gegn Hollandi.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Craig Gordon í kuldanum:

McGregor valinn í markið

FÓTBOLTI George Burley, landsliðsþjálfari Skota, hefur ákveðið að tefla fram Allan McGregor sem aðalmarkverði liðsins í leiknum gegn Hollandi á laugardaginn í stað Craigs Gordon, markvarðar Sunderland. McGregor er á mála hjá Rangers.

Skotland mætir Íslandi á heimavelli á miðvikudaginn kemur. „Allan McGregor mun spila því Craig hefur ekki verið að spila reglulega," sagði Burley. „Allan á skilið að fá tækifæri og byrjar í Hollandi."

McGregor var í marki Skotlands í vináttulandsleiknum gegn Argentínu í haust. **- esá**

Það eru liðin níu ár síðan síðast var jafnt eftir tvo fyrstu leikina í úrslitaeinvíginu í kvennakörfunni:

Sagan segir að sigurvegari kvöldsins vinni

KÖRFUBOLTI Lokaúrslit Iceland Express deildar kvenna halda áfram í kvöld þegar deildarmeistarar Hauka taka á móti bikarmeisturum KR á Ásvöllum klukkan 19.15. Staðan er jöfn í einvíginu, 1-1, sem er skemmtileg tilbreyting því undanfarin átta tímabil hefur annað liðið verið komið í 2-0 eftir fyrstu tvo leikina. Sagan gefur til kynna að sigurvegar þriðja leiksins, þegar staðan er 1-1, verði Íslandsmeistarar.

Staðan hefur ekki verið 1-1 í lokaúrslitum kvenna síðan árið 2000 þegar KR og Keflavík mættust í úrslitunum. KR vann þá fyrsta leikinn á heimavelli en Keflavík jafnaði. Síðustu þrír leikir einvígisins unnust síðan á útivelli og Keflavík tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með 43-58 sigri í oddaleik í Frostaskjólinu.

MIKLVÆGUR LEIKUR Í KVÖLD Kristrún Sigurjónsdóttir í Haukum og Margrét Kara Sturludóttir í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Af sautján einvígum um Íslandsmeistaratitilinn í úrslitakeppni kvenna hafa liðin aðeins fjórum sinnum skipt með sér tveimur fyrstu leikjunum en auk ársins í ár þá gerðist það einnig 1994, 1998 og 2000. Í öllum þessum fjórum einvígum hefur sigurvegari þriðja leiksins unnið Íslandsmeistaratitilinn.

Heimavöllurinn hefur ekki hjálpað mikið í fyrstu tveimur leikjunum því útiliðin hafa unnið þá báða. KR vann fyrsta leikinn örugglega á Ásvöllum þrátt fyrir að Haukaliðið hefði náð að minnka muninn niður í 9 stig í lokin. Það var meiri spenna í síðasta leik þökk sé góðum endaspretti KR-kvenna sem voru 16 stigum undir á tímabili en minnkuðu muninn í tvö áður en Haukakonur kláruðu leikinn.

KR-ingurinn Sigrún Ámundadóttir er með hæsta framlag leikmanna út úr tveimur fyrstu leikjunum en hún hefur skorað 11,5 stig, tekið 11,5 fráköst, gefið 4,0 stoðsendingar og stolið 3,0 boltum að meðaltali í leik. Félagar hennar Hildur Sigurðardóttir og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir eru jafnar í 2. sæti. Hildur hefur skorað flest stig í leik ásamt Slavicu Dimovsku eða 18,5 stig að meðaltali í leikjum tveimur. **- óój**

TREK

Hagkvæmasti ferðamátinn er ódýrasta líkamsræktin

2009 árgerðirnar eru komnar

VERSLAÐU HEIMA NET VERSLUN www.orninn.is

TREK NAVIGATOR 2.0
Dömu- og herrahjól
Álstell með dempurum
Stærðir: 14.5" - 21"
Litir: Svart, blátt, brúnt
Verð kr. 59.990.-

TREK 820
Dömu- og herrahjól. Stálstell með dempurum
Stærðir: 16 -,22,5"
Litir: Fjólublátt, blátt/blágrátt, svart/hvítt
Verð kr. 44.990.-

TREK 3700
Dömu- og herrahjól. Álstell með dempurum
Stærðir: 16" - 22,5" - Litir: Perluhvítt/silfur, rautt/perluhvítt, gull
Verð kr. 49.990.-

Hjól fyrir alla fjölskylduna!

ÖRNINN

Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891

Visa-, Euro greiðslur
Opið alla laugardaga 10-16

Hjóla-hraðþjónusta - Viðgerðir
Pantaðu tíma á netinu - www.orninn.is

KORTER.IS

dagskrá

> Robin Tunney

„Það þarf að hafa mikið fyrir því að ná árangri en það er enn þá meiri vinna að halda í hann.“ Tunney leikur hina skynsömu Teresu Lisbon í þættinum The Mentalist sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ BARACK OBAMA HJÁ JAY LENO

Klaufaleg mistök en ekki alvarleg

Sjálfur Bandaríkjaforseti, Barack Obama, var gestur í spjallþætti Jays Leno á Skjá einum í fyrrakvöld. Obama kom gríðarlega vel fyrir í þættinum. Talaði skilmerkilega og af ábyrgum hætti um vandræðin í efnahagslífinu og gaf löndum sínum von um að bjartari tíð væri í vændum. Reyndar varð honum lítillega á í messunni, eins og frægt er orðið, þegar hann líkti takmarkaðri getu sinni í keilu við hæfileika þeirra sem keppa á Ólympíuleikum fatlaðra. Vissulega klaufaleg mistök hjá forsetanum en honum verður væntanlega fljótt fyrirgefið, enda virðast Bandaríkjamenn líta á hann sem hálfgerðan guð sem ætlar að bjarga þeim frá glötun eftir mögur ár Bush-tímans. Ekki kæmi heldur á óvart þótt hann sýndi fötluðu fólki iðrun sína í verki með því að hann enda tugir milljóna sjónvarspáhorfenda að fylgjast með.

BARACK HJÁ LENO Barack Obama stóð sig vel í spjallþætti Jays Leno fyrir utan ein klaufaleg mistök. NORDICPHOTOS/AFP

styðja það til dáða næstu árin.

Obama hefur þennan sjarma sem þarf til að hrífa fólk með sér eins og sýndi sig í þættinum. Sannarlega sterkur leikur hjá honum að mæta í þennan vinsæla spjallþátt fyrstur sitjandi forseta en næst þarf hann bara að passa sig aðeins betur. Á þessum vettvangi er hann sérlega berskjaldaður því þarna eru engir handritshöfundar eða spunameistarar til að stýra honum í réttar áttir. Þegar hann er spurður út í hversdagslega hluti eins og hjá Leno þarf hann að vera skjótur í tilsvörum og helst fyndinn, án þess þó að móðga nokkra sál, sem er enginn hægðarleikur. Þetta er línudans og hver mistök, sama hve smávægileg þau eru, geta skaðað

FIMMTUDAGUR

▶ **20.00 The Prestige** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.50 The Mentalist** STÖÐ 2

▶ **21.00 Skins** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.50 Law & Order. Criminal Intent** SKJÁREINN

▶ **22.20 Nýgræðingar (Scrubs VI)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ævintýri Fredda og Leós (3:3)
18.00 Stundin okkar (e)
18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum Umsjónarmenn eru Brynja Þorgeirsdóttir og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Höfuðið heim (The Man Who Lost His Head) (1:2) Bresk mynd í tveimur hlutum með Martin Clunes í aðalhlutverki.
21.05 Myndbréf frá Evrópu (Billedbrev fra Europa) Í þessum stuttu norsku þáttum er brugðið upp svipmyndum frá nokkrum stöðum í Evrópu og sagt frá helstu kennileitum þar.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
22.00 Tíufréttir
▶**22.20 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
22.45 Sommer (Sommer) (16:20) (e)
23.45 Kastljós (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.10 Beauty Shop
10.00 The Last Mimzy
12.00 No Reservations
14.00 Beauty Shop
16.00 The Last Mimzy
18.00 No Reservations
▶**20.00 The Prestige** Christian Bale og Hugh Jackman leika félaga sem eru fremstir allra sjónhverfingamanna um aldamótin 1900.
22.10 Stander
00.05 Control
02.00 Fallen. The Destiny
04.00 Stander
06.00 Match Point

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (281:300)
10.15 Sisters (14:28)
11.05 Ghost Whisperer (61:62)
11.50 Life Begins (1:6)
12.35 Nágrannar
13.00 Hollyoaks (154:260)
13.25 Wings of Love (34:120)
14.10 Wings of Love (35:120)
14.55 Ally McBeal (18:24)
15.40 Sabrina - Unglingsnornin
16.03 Smá skrítnir foreldrar
16.23 Háheimar
16.48 Hlaupin
16.58 Doddi litli og Eyrnastór
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (8:23) Amy, hin sjálfselska systir Rachel, sem Christina Applegate leikur, tekst að eyðileggja þakkargjörðarhátíðina fyrir hópnum.
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.10 Markaðurinn með Birni Inga
19.40 The Simpsons (4:20)
20.05 The Amazing Race (11:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
▶**20.50 The Mentalist** (7:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér fræðgar sem sjónvarpsmiðill.
21.35 Twenty Four (9:24)
22.20 Die Another Day
00.30 Damages (4:13)
01.20 Warm Springs
03.25 Oldboy
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Snæfell - Grindavík Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.
17.40 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
18.10 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
19.05 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
19.30 F1. Frumsýning Formúla 1 hefst á nýjan leik en í þessum þætti verður farið yfir allt það helsta sem snýr að Formúlu 1 kappakstrinum.
20.00 F1. Við rásmarkið
20.30 Atvinnumennirnir okkar Að þessu sinni verður Ólafur Stefánsson heimsóttur til Ciudad Real á Spáni.
21.05 NBA tilþrif Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
21.35 Snæfell - Grindavík Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
23.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
23.35 F1. Við rásmarkið

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Wigan - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Tottenham - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
20.30 Goals of the Season 2000/2001 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
22.40 Coca Cola-mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
23.10 WBA - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
07.10 Nýtt útlit (2:10) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Óstöðvandi tónlist
12.00 Nýtt útlit (2:10) (e)
12.50 Óstöðvandi tónlist
18.05 Rachael Ray
18.50 Möguleikar/ íslensk fatahönnun 2009 Áhugaverður þáttur um stefnur og strauma í íslenskri fatahönnun í tilefni hönnunardaga. Umsjónarmaður er Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
19.20 Game Tíví (8:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Rules of Engagement (13:15) Adam hefur áhyggjur af því að Russell taki því ekki vel ef hann kemst að því að pabbinn bað Adam til að þykjast vera sonur hans í kynningarmyndbandi fyrir fyrirtækið.
20.30 The Office (11:19) Ryan fer með stjórnendur fyrirtækisins í ævintýraferð en býður Michael ekki með.
21.00 Boston Legal (4:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Gömul kærasta biður Alan Shore að verja eiginmann sinn, sem sakaður er um morð.
▶**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (1:22) Í fyrsta þættinum er lögreglumaður skotinn og Robert Goren og Alexandra Eames rannsaka málið. Eames þekkir fórnarlambið því hann var félagi eiginmanns hennar, sem einnig var myrtur. Þrátt fyrir að átta ár séu á milli morðanna þá er eina leiðin til að komast til botns í málinu að rannsaka aftur morðið á eiginmanni hennar.
22.40 Jay Leno
23.30 America's Next Top Model (e)
00.20 Painkiller Jane (6:22) (e)
01.10 Óstöðvandi tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
21.00 Maturinn og lífið Gestgjafi þáttarins er Fritz Már Jörgensson rithöfundur.
21.30 HH Þáttur um ungt fólk í umsjá Hins hússins.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00

Formúla 1: Við rásmarkið

Þáttur í umsjón Gunnlaugs Rögnvaldssonar. Breyttar reglur í Formúlu 1 hafa gjörbreytt útliti bílanna og eiginleikum þeirra. Þessi ráðstöfun á að auka jafnræði á milli ökumanna og keppnisliða og þar með auka framúrakstur og spennu á mótsstað. Í þættinum í kvöld verður rætt við ökumenn og tæknimenn um komandi keppnistímabil og nýjar reglur og bílar skoðaðir frá öllum hliðum. Þá verður einnig rætt við Ólaf Guðmundsson sem er dómari í fyrsta móti ársins í Ástralíu og Andreas Lúðvíksson sem verður viðstaddur keppnina sem áhorfandi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Höfuðið heim

Sjónvarpið kl. 20.15

Sjónvarpið byrjar að sýna í kvöld breska mynd í tveimur hlutum. Martin Clunes, sem áhorfendum er að góðu kunnur úr hlutverki Martins læknis, leikur hér fremur teprulegan safnvörð, Ian Bennet að nafni. Líf hans fer allt úr skorðum þegar hann er sendur til Nýja-Sjálands til að kanna aðstæður í litlu maórasamfélagi sem hefur farið fram á að fá aftur í sína vörslu útskorið höfðingjahöfuð. Í fyrstu er Martin eins og þorskur á þurru landi en heillast fljótt af maórunum og menningu þeirra.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Auðlindin
07.10 Morgunvaktin heldur áfram
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Andrarímur
15.03 Útvarpssagan: Blátt og rautt
15.30 Gullmolar úr hljóðritasafninu
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Útvarpsperlur: Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið
23.30 Kvöldtónar
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (153:260)
16.30 Hollyoaks (154:260)
17.00 Seinfeld (24:24)
17.30 Lucky Louie (10:13)
18.00 Skins (5:9)
19.00 Hollyoaks (153:260)
19.30 Hollyoaks (154:260)
20.00 Seinfeld (24:24) Lokaþáttur gamanþáttaraðarinnar vinsælu.
20.30 Lucky Louie (10:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
21.00 Skins (5:9) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
22.00 Gossip Girl (8:25) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
22.45 Grey's Anatomy (17:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf á rækilegri endurnýjun að halda til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.05 EastEnders **10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder the Third **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder Goes Forth **20.10** Waking the Dead **21.00** Waking the Dead **21.50** Blackadder the Third **22.20** My Hero **22.50** Waking the Dead **23.40** Waking the Dead

DR 1

10.00 Hammerslag **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet med Vejret **12.30** Mission. Baby **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Lloyd i Rummet **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Min italienske drøm **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Forhekset **22.30** Sugar Rush **22.55** Naruto Uncut

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.05** Grønn glede **10.30** Landgang **11.00** NRK nyheter **11.10** Kinesiske relasjonar **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Slipp naboene løs **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.30** VM kunstløp **15.35** Ut i nærturen - vinter **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.30** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Folk. Rotnorsk glamour **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kan ikkje lese, kan ikkje skrive **23.35** Spooks

SVT 1

10.00 Djurkoll **10.05** Djurkoll **10.10** Djurkoll **10.15** Djurkoll **10.20** Djurkoll **10.25** Djurkoll **10.30** Djurkoll **10.35** Djurkoll **10.40** Djurkoll **10.45** Djurkoll **10.50** Djurkoll **11.00** Rapport **11.05** Så ska det låta **12.05** Andra Avenyn **13.10** Vem tror du att du är? **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** På liv och död **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Konståkning **23.00** Uppdrag Granskning **00.00** Packat & klart **00.30** 18 år **01.00** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

„Það er Cheerios. Ef ég hef tíma til að fá mér morgunmat þá fæ ég mér það.“

Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona

Kjóll Jóhönnu handsaumaður á Indlandi

„Þetta verður alveg einstakur kjóll, alveg sérsniðinn að Jóhönnu og það verður bara til einn,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar, Eurovisionfara Íslands. Að venju ríkir mikil spenna í kringum hverju keppendur klæðast þegar þeir stíga á stóra sviðið enda telja margir að búningarnir skipti ekkert síður miklu máli en frammistaðan sjálf. Þannig vöktu búningarnir sem þau Friðrik Ómar og Regína Ósk klæddust mikla athygli í fyrra en þeir þóttu með eindæmum vel heppnaðir.

Hönnunartvíeykið Andersen & Lauth sér um hönnun á kjólnum en fyrirtækið er í eigu tískumógúlanna Gunnars Hilmarssonar og Kolbrúnar Petreu Gunnarsdóttur. Að sögn Maríu hvílir mikil leynd yfir því hvernig kjóllinn kemur til með að líta út en hann verður handsaumaður á saumastofu á Indlandi. „Ég held að ég geti alveg lofað því að þetta verður einstakur kjóll,“ segir María.

„Við erum að vanda okkur eins mikið og við getum,“ segir Margrét Einarsdóttir sem er að hanna kjólinn í samvinnu við Gunnar og Kolbrúnu. Margrét upplýsir jafnframt að kjóllinn verði ævintýralegur, ekki einlitur en alveg einstakur. „Það verður ekki til neinn kjóll eins og hennar,“ segir Margrét.

- fgg

EINSTAKUR KJÓLL Jóhanna mun vafalítið taka sig vel út á stóra sviðinu í Mosvku þegar hún flytur lagið Is it True?

FREMST Á SÍNU SVIÐI Fatahönnun Andersen & Lauth hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana en Jóhanna Guðrún mun klæðast sérsniðnum kjól frá hönnunartvíeykinu.

KATRINA AND THE WAVES Sló í gegn með laginu Walking on Sunshine, svo aftur þegar hljómsveitin sigraði Eurovision árið 1997 og ætlar að syngja lagið Love Shine a Light í Officeraklúbbnum 16. maí næstkomandi. NORDICPHOTOS/GETTY

EINAR BÁRÐARSON: HVERGI NÆRRI DAUÐUR ÚR ÖLLUM ÆÐUM

Katrina and the Waves væntanleg til tónleikahalds

„Jájá, þetta er maður nú að dunda sér við hérna í Keflavíkinni,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, sem aldeilis er ekki dauður úr öllum æðum. Og boðar nú komu hljómsveitarinnar Katrina and the Waves til landsins.

Einar er nú önnum kafinn við að undirbúa opnun Officeraklúbbsins á vellinum og verður öllu til tjaldað við opnunina: Skítamórall, Stuðmenn og Valgeir Guðjónsson, Þú og ég (Helga Möller og Jóhann Helgason), Herbert Guðmundsson og þýski teknónasistinn Micka Frurry. Einar segir Officeraklúbbinn á vellinum vera tvö þúsund fermetra af fjöri og er þegar farinn að leggja drög að öðrum stórviðburðum. Meiningin er að staðurinn verði ekki opinn reglulega heldur aðeins þegar eitthvað sérstakt ber til. Og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva er ofarlega í huga Einars en sjálfur var hann þar meðal keppenda þegar dúettinn Two Tricky fór með lag hans til keppni í Parken í Kaupmannahöfn árið 2001. Hlutu reyndar aðeins þrjú stig og lentu í neðsta sæti. En Einar lætur það ekki slá sig út af laginu nema síður sé. „Já, ég ætla að blása til glæsilegs Eurovision-partýs í Officeraklúbbnum 16. maí. Og fá þá einhverja sem hafa unnið keppnina í alvöru. Hljómsveitin Katrina and the Waves tekur lagið.“

Katrina and the Waves sló rækilega í gegn á heimsvísu árið 1983 með laginu Walking on Sunshine og starfaði á níunda áratugnum af nokkrum krafti. Hljómsveitin náði ekki að fylgja eftir vinsældum Walking on Shunshine fyrr en hún skaut óvænt upp kollinum í Eurovision sem fulltrúi Bretlands árið 1997 með laginu Love Shine a Light og sigraði með fáheyrðum yfirburðum.

Einar segir að nú sé verið að sérsauma búninga á starfsmenn sem verða rúmlega tuttugu í Officeraklúbbnum og er nokkur tilhlökkun ekki síst á Suðurnesjum vegna fyrirhugaðrar opnunar staðarins.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bendir nú allt til þess að Spaugstofan verði einn vetur til á Ríkissjónvarpinu þó enn muni einhverju á þeim kröfum sem **Pálmi Gestsson** og félagar setja fram og svo því sem Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri vill borga og þá einnig hversu mörgum þáttum Spaugstofan þarf að skila. Menn horfa til þess að Spaugstofan er með yfir fimmtíu prósenta áhorf sem og þess að nú fremur en nokkru sinni sé nauðsyn á skopi sem beinist að líðandi stund. Þannig stefnir í að Spaugstofan verði eitt fárra fyrirbæra sem beinlínis hagnast á bankahruninu.

Grímur Atlason flokkaflakkari og sveitarstjóri hefur nú gengið til liðs við mussurnar í Vinstri grænum eftir skamma veru í Samfylkingunni og eru Vinstri grænir þegar farnir að hagnast verulega því. Grímur er sjálfum Jonathan Richman innan handar sem mun halda tónleika á Rósenberg 1. apríl. Richman vildi gjarnan spila fyrir menntskælinga en MH-ingar höfnuðu góðu boði sem og MR-ingar þegar á reyndi. Nú hins vegar ætlar Richman að spila fyrir Vinstri græna 2. apríl í kosningamiðstöð þeirra og er þetta í fyrsta skipti sem rukkaður er aðgangseyrir á kosningaskrifstofu eða þúsund krónur.

Þriðja umferð ISOP-pókermótsins sem **Davíð Rúnarsson** knattspyrnukappi á veg og vanda að verður í kvöld. Stöðugt eykst aðsóknin en síðast þurfti að vísa tæplega tuttugu manns frá og 88 kepptu á sneisafullum 8 borðum. Sjálfur heldur Davíð því fram að hann sé besti mótaspilari landsins en ætlar, til að halda spennunni, ekki að byrja að spila fyrr en í seinni umferðum en þær eru tíu alls.

- jbg

Pinetop vitlaus í McDonald´s

Hin 95 ára goðsögn Pinetop Perkins, sem spilar á Blúshátíð í Reykjavík 7. apríl, vill aðeins borða McDonald´s-hamborgara á meðan á dvöl hans hér á landi stendur.

„Hann borðar bara McDonald´s og reykir. Það er lykillinn að löngu lífi hans,“ segir Halldór Bragason, formaður Blúsfélags Reykjavíkur og hlær. Stutt er síðan Fréttablaðið greindi frá því að Pinetop hefði óskað eftir sérstöku reykherbergi á tónleikastaðnum, enda hefur hann reykt meirihluta ævinnar. Sígaretturnar virðast þó ekki vera hans eini löstur.

Þó hefur hann tekið sig á hvað eitt varðar, því hann hætti að drekka þegar hann var 84 ára gamall. „Þegar hann var að spila með Vinum Dóra var hann frægur fyrir að drekka koníaksflösku á dag,“ segir Halldór. „Til að hann gæti haldið áfram að spila á festivölum ákvað hann að breyta lífi sínu og fara að vinna í 12 sporunum á níræðisaldri, geri aðrir betur. Núna fer hann út að labba og er hinn hressasti.“

- fb

PINETOP PERKINS Blúsarinn aldni spilar á Blúshátíð Reykjavíkur 7. apríl á Hilton Reykjavík Nordica. NORDICPHOTOS/GETTY

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. lingeðja, **6.** gyltu, **8.** vafi, **9.** munda, **11.** ryk, **12.** tala, **14.** akstursíþrótt, **16.** í röð, **17.** að, **18.** ból, **20.** til dæmis, **21.** óska.

LÓÐRÉTT
1. lofttegund, **3.** tveir eins, **4.** ágrip, **5.** pili, **7.** vífilengjur, **10.** angra, **13.** veitt eftirför, **15.** rotnunarlykt, **16.** hrökk við, **19.** í röð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. meyr, **6.** sú, **8.** efi, **9.** ota, **11.** im, **12.** númer, **14.** rallý, **16.** bd, **17.** til, **18.** rúm, **20.** td, **21.** árna.
LÓÐRÉTT: 1. óson, **3.** ee, **4.** yfirlit, **5.** rim, **7.** útúrdúr, **10.** ama, **13.** elt, **15.** ýlda, **16.** brá, **19.** mn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Makríl
2. Ólafur Arnalds
3. Arnar Grétarsson

Auglýsingasími 512 5050

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FISKI Í DAG
ýsuflök, lúðusneiðar laxaflök, fiskréttir hörpuskel, humar, rauðmagi og margt fleira.
HUGSUM UM HEILSUNA OG BORÐUM FISK.
Veljum íslenskt
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

LÍNAN

Við flytjum

allar vörur í versluninni
á allt að 50% afslætti
fimmtudag til laugardags

borðstofuborð - eldhúsborð - borðstofustólar - eldhússtólar - glerskápar - skenkar

stakir sófar - sófasett - tungusófar - sófaborð - sjónvarpsskápar - púðar - rúmteppi

Bæjarlind 6
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Elskaðu náunga þinn

Nýverið heyrði ég frétt af nemendum í íslenskum framhaldsskóla sem gengu í skrokk á samnemanda sínum í skólanum. Slógu hann í höfuðið og spörkuðu í hann. Viðkomandi skólayfirvöld brugðust við með því að víkja ofbeldisfólkinu úr skólanum, í einn dag, og nokkrum þeirra í þrjá daga.

MIG minnir einhvern veginn að í framhaldsskóla hafi það ekki verið leiðinlegt ef kennsla féll niður einn dag og maður gat verið heima að hangsa eða slæpast niðri í bæ. Manni fannst maður hafa himin höndum tekið ef veðrið varð til dæmis svo slæmt að ekki voru gefnir fjarvistarpunktar þann daginn. Því var yfirleitt fagnað innilega ef kennari veiktist eða komst einhverra hluta vegna ekki til kennslu og óvæntur frítíminn nýttur í allt aðra hluti en að læra. Því hljómar brottvikning í einn dag skrítin refsing, hvað þá fyrir ofbeldisverk.

VIRÐING fyrir náunganum er einn þeirra grundvallarþátta sem þarf til að byggja upp sæmilegt samfélag svo allir geti lifað í sátt og búið við sömu tækifæri. Undanfarin ár hefur sú hugmyndafræði ríkt í íslensku samfélagi að hver maki sinn krók sem mest, sama hvaða áhrif það hefur á aðra. Þeir ríku hafa orðið ríkari og þeir fátækari fátækari. Fólk ávann sér virðingu með bankainnstæðum og stærðinni á jeppanum sem það ók en ekki með hegðun sinni gagnvart öðru fólki.

NÚ þegar þjóðarbúið er rjúkandi rústir eftir eiginhagsmunapot fárra sem kærðu sig kollótta um náungann spyr maður sig hvað hafi orðið um siðferðiskenndina. Er það kannski bara orðin „íslenska leiðin“ að traðka á náunganum án þess að líta um öxl? Það að lemja einhvern eða sparka á ekki að vera viðurkennd hegðun hjá siðmenntaðri þjóð. Frí í skólanum getur varla talist góð uppeldisaðferð til að fyrirbyggja að slík hegðun endurtaki sig. Spurning hvort refsingin hefði orðið önnur ef fórnarlambið hefði verið kennari við skólann.

NÚ þurfum við önnur gildi og önnur viðmið ef við eigum að geta byggt upp samfélagið aftur og komið í veg fyrir að þetta endurtaki sig allt saman. Draga þarf lærdóm af mistökunum og innræta þjóðinni virðingu fyrir náunganum. Það er bara ekki í lagi að sparka í fólk, það verða komandi kynslóðir að læra.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 26. mars, 85. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.07	13.33	20.01
Akureyri	6.50	13.18	19.48

Heimild: Almanak Háskólans